


Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi III:

Fornleifar við sunnanvert Mývatn, milli Haganess og Garðs



Elín Ósk Hreiðarsdóttir &
Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS086-96013

Reykjavík 1999

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

1. KAFLI: INNGANGUR	4
2. KAFLI: BYGGÐARSAGA	6
3. KAFLI: FORNLEIFASKRÁ	11
SÞ-199 Haganes	11
SÞ-200 Skútustaðir	25
SÞ-200b Skútustaðir (afrétt)	42
SÞ-201 Álftagerði	49
SÞ-202 Árbakki	55
SÞ-203 Grænavatn	57
SÞ-204 Garður	83
4. KAFLI: FORNLEIFAR OG BYGGÐ Í HÉRAÐI	94
Bæjarhólar og bæjarstæði	94
Útihús og túngarðar	95
Tún og garðar	96
Engjar og áveitur	97
Vatnsból	97
Svarðartekja, torfrista og kolagerð	97
Stekkir og kvíar	98
Beitarhús og sel	99
Kuml, kirkjugarðar og lausafundir	100
Leiðir	101
5. KAFLI: VERNDUN OG KYNNING Á FORNLEIFUM Á SKRÁNINGARSVÆÐINU	103
HEIMILDIR	105

Skrá yfir kort

1.Skiptingjarða og helstu býli og sel á skráningarsvæðinu	7
2.Fornleifakort. Haganes	11
3.Fornleifakort. Haganes - bæjarstæði	12
4.Fornleifakort. Skútustaðir.	25
5.Fornleifakort. Skútustaðir- bæjarstæði	26
6.Fornleifakort. Álftagerði	49
7.Fornleifakort. Álftagerði bæjarstæði	50
8.Fornleifakort. Krákárbakki - bæjarstæði	55
9.Fornleifakort. Grænavatn	57
10. Fornleifakort. Grænavatn - bæjarstæði	60
11. Fornleifakort. Garður	83
12. Fornleifakort. Garður. - bæjarstæði	84
13. Gamlar leiðir á skráningarsvæðinu	101

1. kafli: Inngangur

Sumarið 1998 var haldið áfram skráningu fornleifa í Skútustaðahreppi. Skráningin hófst sumarið 1996 og var þetta því þriðji áfangi fornleifaskráningar í hreppnum. Skráning fornleifa í Skútustaðahreppi hefur farið fram samhliða fornleifauppgrefti á Hofstöðum.

Heimildasöfnun leiddi í ljós að óvenju margar fornleifar er að finna í hreppnum eða um 1250. Fyrir sumarið var búið að skrá 572 minjastaði en 1998 bættust um 300 staðir við og því hafa nú verið skráðir samtals 872 minjastaðir í Skútustaðahreppi. Eftir er því að skrá um 380 staði og er stefnt að því að ljúka skráningunni sumarið 1999.

Í fyrsta áfanga voru fornleifar í landi Hofstaða og 5 nágrannajarða til suðurs skráðar. Sumarið 1997 voru teknar fyrir átta jarðir þar næst fyrir austan. 1998 var haldið áfram til austurs suður með vatninu og jarðirnar Haganes, Skútustaðir, Álftagerði, Krákárbakki, Grænavatn og Garður skráðar. Einnig voru skráðar fornleifar á afrétti Skútustaða sunnan við Baldursheim en 1996 höfðu fornleifar í Suðurárbotnum í landi Grænavatns verið skráðar.

Skýrsla þessi er byggð upp eins og þær tvær skýrslur sem á undan hafa komið. Fyrst er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (2. kafli) en síðan er Fornleifaskrá (3. kafli). Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkunum hennar, þeim breytingum sem jörðin hefur tekið og öðrum upplýsingum sem getað varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftunum þar sem við á. Í skránni eru einnig fornleifakort yfir hverja jörð sem sýna dreifingu minjastaða. Í kafla 4 er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í kafla 5 eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á skráningarsvæðinu.

Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi er greidd af Skútustaðahreppi en verkið er unnið af Fornleifastofnun Íslands. Við skráninguna er beitt aðferðum sem þróaðar hafa verið í Eyjafirði undanfarin ár og hefur verið gerð grein fyrir þeim í skýrslum þar um.¹ Heimildakönnun var gerð af Sædísí Gunnarsdóttir en um vettvangsathuganir sáu Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson, Vilja höfundar koma á framfæri sérstöku þakklæti til allra

¹Sjá Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson.: *Fornleifaskráning í Eyjafirði I. Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár*, Akureyri 1994, 5-13.


heimildamanna sinna fyrir margvíslega aðstoð og greiðasemi.

2. kafli: Byggðarsaga

Á 13. öld hafa verið hefðir uppi um það að Grænavatn hafi verið landnámsjörðin sunnan við Mývatn. Í varðveittum landnámugerðum er sagt frá því að Þorkell hávi hafi búið fyrst á Grænavatni (ÍF I, 282) en samkvæmt Víga-Glúmssögu flutti hann síðar að Þverá í Eyjafirði með Sigmundi syni sínum þar sem þeir feðgar lentu í útistöðum við Víga-Glúm. Ef nokkuð er að marka tímatal þessara sagna þá hefur Þorkell komið út til Íslands mjög seint á landnámsöld eða jafnvel eftir hana. Engu að síður hafa landnámuhöfundar ekki haft fregnir af öðrum býlum eldri á þessum slóðum. Skútustaða er getið í Reykdæla sögu og er þar komist svo að orði að Víga-Skúta hafi keypt sér land að Mývatni og búið þar sem nú heitir á Skútustöðum (ÍF X, 204). Þetta orðalag bendir til að höfundur sögunnar hafi hugsað sér að Skútustaðir hafi þegar verið til sem býli en undir öðru nafni er Skúta keypti landið.

Í raun er lítið á þessu byggjandi. Eins og bent hefur verið á í fyrri skýrslum virðist byggð snemma hafa orðið þétt í Mývatnssveit en til þess bendir óvenjuhátt hlutfall kumlfunda auk hinna fornu mannvistarleifa á Hofstöðum. Engin kuml hafa fundist sunnan við Mývatn austan Krákár en ætla má að sá sveitarhluti hafi ekki síður byggst fljótt en aðrir. Haganes og Skútustaðir eru hvorttveggja án efa mjög fornar jarðir, báðar mjög líklega frá fyrstu árum byggðar við Mývatn. Erfiðara er að segja til með vissu um byggðina austan við Grænavatn því þar hefur uppblástur herjað og breytt mjög ásýnd landsins og skilyrðum til búskapar. Ekki er þó annað að ætla en að Grænavatn sé mjög forn jörð en Brjánsnes og Garður gætu verið ívið yngri. Það er athyglisvert að jarðirnar milli Grænavatns og Vogs eru allar nokkuð jafnstórar og eiga aðeins land upp á móts við Villingafjall og á Vogur þar fyrir austan en Grænavatn fyrir sunnan. Þetta gæti bent til að Garður, Brjánsnes, Vogur, Kálfaströnd og Geiteyjarströnd séu býli sem stofnað var til eftir að land við Mývatn hafði verið numið, að þar hafi farið fram einskonar lóðarúthlutun til þeirra sem seinna komu og urðu að þiggja land af öðrum. Garður var minni jörð en Brjánsnes að dýrleika og er mögulegt að hann hafi upphaflega verið hjáleiga eða afbýli frá Brjánsesi.

Á 13. öld- og sennilega mun fyrr - hafa Skútustaðir verið orðnir miðstöð sveitarinnar sunnan vatns, og hefur staðsetning bæjarins nær fjölmönnum byggðum vestan Krákár líklega ráðið því að sóknarkirkjan var þar en ekki á Grænavatni. Á Grænavatni var eftir sem áður kirkja a.m.k. fram á 16. öld. Ekki er vitað um kirkjur eða bænhus á öðrum jörðum á skráningarsvæðinu og kæmi Haganes þar helst til greina. Haganes var þingstaður Mývetninga frá miðöldum og fram á 19. öld, auk þess sem jörðin var með þeim dýrari í sveitinni þannig að þar má vel hafa verið bænhus.



Kort 1. Skiptingjarða og helstu býli og sel á skráningarsvæðinu

.Fyrir utan máldaga Skútustaða - sá elsti er frá 1318 - er jarða á skráningarsvæðinu ekki getið í skjölum fyrr en á 15. öld. Haganes og Skútustaðir voru um skeið eign Hólakirkju en höfðu báðar verið seldar aftur í byrjun 16. aldar og hafa síðan allar jarðir á skráningarsvæðinu verið bændaeign. Í Grænavatni var þó kristfé sem þýðir að hluti jarðarinnar var lagður undir framfærslu fátæklinga.

Brjánsness og Garðs er ekki getið fyrr en á 16. öld en frá þeirri öld er einnig til allmikið safn skjala sem tengist Grænavatni og deilum bóndans þar, Kolbeins Arngrímssonar við Reykhlíðinga. Þær deilur spruttu af hagsmunum í brennisteinsvinnslu í Fremrinámum austan við Bláfell. Hvorirtveggju, Reykhlíðingar og Grænvetningar gerðu tilkall til landsins

og virðist nokkuð ljóst af mál skjölum að landamerki á afréttinum hafa aldrei verið skýr og hafa báðir talið sig eiga nokkurnveginn takmarkalaust land til suðurs og austurs. Þetta hefur ekki komið að mikill sök fyrir en konungur tók sér einkaleyfi til brennisteinsvinnslu á Íslandi. Þá brugðu Reykhlíðingar skjótt við, en þeir voru sýslumenn og lögmenn mann fram af manni af ætt Ásverja, og gerðu samninga við konung um skaðabætur. Grænvetningar vildu vitanlega fá sneið af þeirri köku og gerðu tilkall til alls land austur í Hafragjá, þaðan suður í Herðubreið og úr honum beina línu í Suðurárbotna. Slíkar landamerkjalinur á öræfum eru fáheyrðar og virðist ljóst að um var að ræða tilraun til að skilgreina með afgerandi hætti eignartilkall sem vafalítið var reist á gömlum grunni en hefur ekki haft svo skýr mörk í hugum manna fyrir en brennisteinshagsmunir komu til sögunnar. Grænvetningar urðu undir í þessu máli og málaferlum sem af því leiddu en brennisteinstekja konungs í Fremrinámum var skammvinn og fjaraði út þegar um 1600. Brennisteini hafði verið safnað á Íslandi allt frá því á 13. öld en mjög lítið er vitað um þá vinnslu uns konungur fékk augastað á henni á 16. öld. Ætla má að brennisteinstekja hafi verið frjáls þeim sem í afréttinn fóru og hafi því ekki verið álitnið að þar væri um að ræða eignarréttindi í sama skilningi og eignarhald heimalanda.

Álftagerði var gömul hjáleiga frá Skútustöðum í byrjun 18. aldar. Hún hafði þá byggst fyrir manna minni og má vera að hún sé frá 15.-16. öld eins og margir bæir á Norðurlandi með bæjarnafnsendinguna -gerði. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er einnig getið um hjáleiguna Kirkjubæ eða Rófugerði sem einnig hafi verið byggð fyrir manna minni en hafði farið í eyði 1696. Þá hafði verið byggt í Arnarbæli um tveggja ára skeið nálægt 1670. Í landi Grænavatns er einnig getið um eyðihjáleigur. Þuríðarnes hafði verið í byggð frá um 1680 til 1711 en ekki er þess getið hvort þar hafi verið búið áður. Einnig er sagt frá Oddastöðum sem séu fornt eyðiból sem stundum hafi verið notað sem selstaða. Þar hafði verið búið í 4-5 ár í kringum 1680. Af jarðabókinni sést að eins og annarsstaðar í Mývatnssveit og raunar stórum hlutum landsins var talsvert um að skammvinn byggð hefðist á hjáleigum á stærri jörðum á seinni hluta 17. aldar. Þessi byggð lagðist víðast af mjög fljótlega og víðast endanlega í bólunni í byrjun 18. aldar.

Í jarðabókinni er einng getið um forn eyðibýli á afrétt Skútustaða. Sagt er frá eyðijörðinni Skútustöðum sem sé í Mikley í Suðará og fylgdu þau munnmæli að bærinn hefði fyrst staðið þar áður en hann var fluttur að Mývatni. Sú sögn er auðvitað ólíkleg en sagnir um mannvistarleifar í eða við Mikley hafa verið þrálátar þó ekki liggi fyrir skýrar upplýsingar um hvar þær. eigi að vera. Í jarðabókinni er einnig getið um eyðibýlið Hafursstaði í

Hafursstaðahlíð og átti þar að sjást til mannvistarleifa. Litlar minjar munu nú vera um Hafurstaði.

Litlar breytingar urðu á byggð á skráningarsvæðinu á 18. öld eftir því sem best er vitað. Hjáleigubbyggð hélst hvergi nema í Álftagerði og jörðinni Brjánsnesi hnignaði jafnt og þétt uns hún lagðist í eyði undan ágangi sandfoks árið 1801. Land hennar var þá sameinað Garði. 1843 var stofnað nýbýli á Krákárbakka norðarlega í afréttarlandi Skútustaða. Það var eitt fjölmargra heiðabýla sem byggðust á Norðausturlandi á 19. öld og hélst byggðin þar til 1910.

Á 20. öld hafa menn tekið eftir rústum sem gætu bent til fornrar byggðar á ýmsum stöðum á skráningarsvæðinu. Í Selhaga í landi Haganess eru tóftir og hefur þes verið getið til að þar hafi bærinn upphaflega staðið. Í Mikley í Mývatni eru einnig munnmæli um að búið hafi verið í Þórunnartættum en einnig eru sagnir um að þar hafi veið sel og virðist það sennilegra. Sveigakot heitir á uppblásnum mel spölkorn sunnan við Grænavatn og er þar hálfblásinn öskuhaugur og hleðslugrjót úr allstöru húsi. Í haugnum eru bein úr stórgripum, þ.á.m. allnokkur nautgripabein og bendir það til að á þessum stað gæti hafa verið búskapur. Sveigakot er á því svæði sem uppblástur hefur gerbreytt frá upphaflegri mynd og má vel vera að þar hafi verið sjálfstætt býli í fyrndinni eins og á Oddastöðum þar sem miklar rústir sjást enn.

Ein frægasta fornbæjarrúst á hálendi Íslands er Hrauntunga í Suðurárbotnum. Þar lýsti Daníel Bruun allmiklum bæ í lok 19. aldar en litlar menjar hans sjást nú. Þar eru þó greinilegar mannvistarleifar og gripir hafa fundist sem benda til búsetu mjög snemma, sennilega á 10. eða 11. öld.

Sama gildir um nokkra staði austan við Skjálfandafljót fram af Bárðardal. Þar hefuráður verið minnst á Hafursstaði em getið er í jarðabók Árna og Páls, en mestar minjar eru á stað undir Sandmúla sem ekki hefur verið talinn sá sami. Undir Sandmúla er bæjarrúst og í henni fannst snemma á þessari öld silfursjóður og gripir sem benda til Víkingaaldar. Auk þessara staða hafa hleðslur fundist á a.m.k. þremur stöðum á þessu svæði og gætu þar verið bæja- eða seljaleifar.

Mikill uppblástur hefur herjað á framdali Bárðardals og hefur þar verið talsverð gróðursæld á landnámsöld og frameftir öldum. Þar hefur því verið reynandi með búskap, en sennilegt er að hann hafi verið skammvinnur eins og á öðrum jaðarsvæðum hálendisins sem könnuð hafa verið, t.d. Þórsmörk og Brúardalir. Slík jaðarsvæði virðast snemma hafa komist undir stórjarðir og kirkjustaði á láglendi og verið nýtt til sumarbeitar, selfara og kolagerðar.

Sennilegt er að margt af þeim mannvirkjaleifum sem þar er enn að finna séu seljarústir en mikilsvert væri að fá úr því skorið hversu mikil byggð var þar í öndverðu.

3. kafli: Fornleifaskrá


SP-199 Haganes

20 hdr. 1712.
Bændaeign frá 1456.
Þar áður
Hólakirkjueign.
Jörðinni tilheyrir
Sviðinsey í Mývatni.
Fyrst getið 1449 en
þá er Haganes meðal
Hólakirkjujarða 'j
nordar vmbodom
Dadaa jonssonar' og
eru þar 'v kvgyllde
1.[eiga] iij markar.'
DIV, 40.

10.8.1456 selur
Gottskálf Hólabiskup
Ásgrími Þorkelssyni
Haganes fyrir
Steinnýjarstaði á
Skagaströnd. DI V,
145-47.

17.5.1506 er dómur
kveðinn upp í
Haganesi á þingstað
réttum - DI VIII, 98.

23.5.1514: Jón
Ásgrímsson selur
Þorsteini



Kort 2. Fornleifakort. Haganes

Finnbogasyni Haganes. DI VIII, 487-88.

22.4.1518 kaupir Þorsteinn Finbogason jörð af Halli Jónssyni fyrir Hjalla í Reykjadal eða Haganes. DI VIII, 654-55.

1589 stefndi Þorlákur Jónsson Fúsa Þorsteinssyni fyrir hald á jarðarparti í Haganesi. AÍ II, 135.
[1703] lýsir Jón Þorkelsson Vídalín að hann eigi Haganes við Mývatn, 16 hdr, landskuld 1 hdr. 80 al, með 4 leigukúgildum. JÁM XIII, 61.

17.4.1741 selur sr. Vigfús Jónsson Pétri Bjarnasyni Haganes, 20 hdr með 3,5 kúgildum fyrir 93 rdl. AÍ XIII, 364-65.

26.6.1752 lýsir Jón Jónsson eign sinni á Haganesi, 20 hdr. AÍ XIV, 83.

16.7.1773 selur Jón Jónsson alnafna sínum Haganes, 20 hdr. AÍ XV, 489. 1

8.4.1775 afsala Jón Jónsson og Ingibjörg Grímsdóttir hálfu Haganesi, 10 hdr, til Illuga Vigfússonar fyrir 58 rdl. specie og 2 mk. AÍ XV, 438.


16.7.1776 lýsir Þorsteinn Jónsson brigð í Haganes, 20 hdr, og segist tilbúinn hana að innleysa

en lýsir peningaskorti í þetta sinn. AÍ XV, 490.

1919: 3,2 ha. 5/10 sléttað, garðar 338 m². 1839: "Nokkuð landlítil en landseig, hefur slitróttan heyskap. Eggver nokkurt en tíðast talsverð agnsemi." SSÞ, 123.

Heimildamenn voru Ívar H. Stefánsson fæddur í Haganesi 1927 og Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði.

SP-199:001 Haganes bæjarhóll



65°35.503N 17°03.667V

Gamli bærinn var 10-20 m norðar en íbúðarhúsið í Haganesi sem nú er. Bærinn var vestan við heimreiðina, þar sem nú er sléttur grasbali. Ekki er greinanlegur bæjarhóll á þessum stað enda voru síðustu leifar gamla bæjarins sléttaðar nýlega.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-199:002 heimild um útihús

65°35.489N 17°03.648V

Um 10 m sunnan við gamla bæinn var útihús samkvæmt Túnakorti frá 1919. Það hefur lent undir norðurgafli nýja íbúðarhússins og engar leifar þess sjást lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-199:003 heimild um útihús

65°35.566N 17°03.692V

Um 40 m norðvestur af 001 var áður útihús. Norðaustan Hjalldóls 009 er lögð upp að Bæjarhól og þar hefur þetta hús verið. Á þennan stað er búið að flytja moldarhauga í sambandi við nýbyggingu íbúðarhúss í Haganesi og ekkert sést til útihúss. Heimildamaður man ekki eftir að útihús hafi nokkurn tíma verið á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-199:004 heimild um útihús

65°35.470N 17°03.466V

Um 110 m norðaustan við gamla bæinn var útihús samkvæmt Túnakorti frá 1919. Þar er nú dálítil hæð 70-80 m norðaustan við heimreiðina. Útihúsið hefur verið um 80 m norðaustan sumarbústaðar sem er í landareign Haganess, sunnan íbúðarhússins. Í kring eru mýrarsvæði en hóllinn er á kafi í margskonar gróðri s.s. víði, hvönn og sóleyjum. Þar hefur þó verið bygging áður því hleðslur er hægt að greina á stöku stað. Heillega mynd var þó ekki hægt að fá sökum gróðurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.


SP-199:005 útihúsatóft

65°35.466N 17°03.596V

Um 60 m norðan við túngirðingu og um 15 m austan við veg sjást enn tóftir útihúss sem merkt er inn á Túnakort frá 1919 en við það og út frá því gengur garður þar sem túnamörk hafa verið. Vestan við er heimreið en austan við er mýrarsvæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.



SP-199:006 heimild um útihús

65°35.472N 17°03.686V

"Í suðurjaðri túns byggði hann (Helgi Guðlaugsson) hús, sem nefnd voru Samfösthús. Öll þau hús, sem talin hafa verið, eru nú horfin; hefur verið sléttað yfir allt." segir í örnefnalýsingu. Til þessara húsa sést ekki lengur en þau hafa verið um 15 m norðan við hlaðna túngarðinn, sem er um 100 m beint suður af íbúðarhúsinu. Þar er nú grasi gróinn blettur sem er á kafi í sóleyjum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Haganes, 3.

SP-199:007 heimild um útihús 65°35.475N 17°03.700V

Um 65 m sunnan við bæinn, og eilítið austar, var útihús samkvæmt Túnakorti frá 1919. Ekki sést til þessa húss lengur en garðleifar sjást um 20 m vestan við þar sem útihúsið hefur staðið. Garðleifamar eru töluvert grónar og eru líklega leifar túngarðsins því þarna voru túnamörk skv. Túnakorti frá 1919. Á þessum stað er slétt og grösugt svæði í túninu sem annars er í órækt og hlaupið í þúfur. Gæti verið sama og Finnbogahús 019.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-199:008 heimild um útihús 65°35.524N 17°03.721 V

Um 40 m norðvestur af gamla bænum var útihús samkvæmt Túnakorti frá 1919. Það stóð á hæð skammt frá þeim stað þar sem nú er rabarbarabeð, norðvestan við íbúðarhúsið. Á hólnum, sem annars er vel gróinn, er grjót sem líklega hefur verið rutt úr húsinu á sínum tíma - en önnur merki útihússins eru ekki greinanleg lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-199:009 *Hjallhóll* heimild um hjall 65°35.539N 17°03.611 V

"Norður af bænum, milli hans og Bæjarhólsins, er lítill hól, sem heitir Hjallhóll. Hann er nær bæ en Bæjarhóll, fáa metra norðaustur frá gamla bænum. Á hólnum var hjallur, en er ekki lengur. Hóllinn er sléttaður ofan og allt gróið." segir í örnefnalýsingu. Hjallhóll er um 10 m norðaustan við gamla bæinn og 15 m suðaustan við steipt íbúðarhús sem er í byggingu. Hóllinn er grasi gróinn en engar minjar sjást á honum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 2.

SP-199:010 *Beinahver* heimild um öskuhaug 65°35.559N 17°03.648V

"Syðst vestur af Bæjarhóli er lítill gígur, sem heitir Beinahver, og suður af honum og nær bæ er Öskuhver. Í þá hafa verið borin bein og aska." segir í örnefnalýsingu. Gígurinn er beint vestan við steipt íbúðarhús sem verið var að byggja 1998. Beinahver er sá stærri gíganna

tveggja. Norðan í honum eru klettur en þess fyrir utan er hann alveg gróinn. Vestan gígsins er timbur og járnhaugur en í honum sjálfum sjást engar mannvistarleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 2.

SB-199:011 *Öskuhver* heimild um öskuhaug 65°35.538N 17°03.702V

"Syðst vestur af Bæjarhóli er lítill gígur, sem heitir Beinahver, og suður af honum og nær bæ er Öskuhver. Í þá hafa verið borin bein og aska." segir í örnefnalýsingu. Öskuhver er beint suður af Beinahver. Hann er grynri og enn grónari. Í honum er mjög mikill gróður og rabbabarabeð en ekki sjást merki mannvistaleifa. Örlitlar leifar járnrusls eru í gígnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 2.

SB-199:012 *Kofalaut* heimild um útihús 65°31.519N 17°03.788V

"Vestur af Öskuhver er Húsfreyjutunga í gamla túninu, svolítil slétta austan við fjárhúsin Suður af Húsfreyjutungu er Kofalaut. Kofi var við endann á fjárhúsunum, norðan við lautina." segir í örnefnalýsingu. Kofalautin hefur verið rétt sunnan við Tungufjárhús og getur vel verið að af þeim eða af Maurakofa Gamalíels 013 hafi lautin dregið nafn sitt. Engar leifa húsa sjást á þessum stað lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 2.

SB-199:013 *Maurakofi* heimild um skemmu 65°35.499N 17°03.807V

"Vestur af Húsfreyjutungu voru kofarústir, sem nefndar voru Maurakofi Gamalíels. Gamalíel, sem bjó í Haganesi um miðja síðustu öld, geymdi í kofanum mat, skyrkvartil, smjörtunnu o. fl., sem strákar máttu ekki komast í." segir í örnefnalýsingu. Kofi þessi var vestast á hæðinni norðan Kofalautar. Ekkert sést til kofans lengur en þar er nú slétt flöt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 2.

SB-199:014 *Kolagrafalautir* heimild um kolagröf 65°35.518N 17°03.741 V

"Suður af [013] er Kolagrafalaut. Helgi man eftir kolagröfum þar ... " segir í örnefnalýsingu. Kolagrafalaut er suður af Húsfreyjutungu en norðan við Brunnhelli, milli 70-80 m vestan við íbúðarhús en 100 m austan við Blávatn. Lautin er grösug og liggur frá austri til vesturs. Í lautinni sjást enn greinileg merki kolagrafa. Í Kolagrafalaut eru nokkrar misgreinilegar grafir eða holur. Þær eru flestar litlar eða 25-35 cm í þvermál.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 2.

SB-199:015 *Brunnhellir* heimild um vatnsból 65°35.527N 17°03.792V

"Suður af þeirri laut [Kolagrafalaut] er Brunnhellir, sem mun hafa verið vatnsból bæjarins fyrir á öldum. Tekið var vatn þar í fjárhúsin, ef ekki var mikill snjór." segir í örnefnalýsingu. Í Brunnhelli var lengi uppspretta notuð fyrir fjárhúsin. Í botni hellisins er vatn og op er til norðurs og vesturs. Hellirinn er í Kolagraflaut að norðan en nær líka í næstu laut fyrir sunnan en þar eru einnig 017 og 018. Hellirinn er 1,5-2 m að hæð og 10 X 15 m að þvermáli. Ofan í hellinn eru manngerðar tröppur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 2.

SP-199:016 *Sauðahellir* fjárskýli 65°35.519N 17°03.808V

"Sauðahellir er vestan við túnið sunnanvert. Hann var áður fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m suður af Ullarhelli (054) er Sauðahellir. Hlaðið hefur verið hjá inngangi en ekki sést sú hleðsla greinilega nú. Op er á hellinum til norðurs en þegar komið er inn í hellinn eru álmur bæði til suðurs og í norður.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SP-199:017 *Reyðahellir* herslubyrgi 65°35.53 1N 17°03.840V

"Reyðahellir er tvídyraður hellir vestur af Brunnhelli. Í honum var silungur hengdur upp og gerður úr eins konar harðfiskur. Í þaki hellisins eru dropasteinar, og milli þeirra voru skorðaðar rár, sem silungurinn var hengdur á. Smásilungur var gjarnan verkaður þannig, en því er nú hætt. Gott var að þurrka í þessum helli, því alltaf var blástur í gegnum hann.¹¹ segir í örnefnalýsingu. Reyðahellir er um 15 m sunnan við Brunnhelli og aðeins austar, í næstu dokk sunnan við Kolagrafalaut. Op hans eru í austur og vestur. Í hellinum eru 3 grjótgardar 2-4 m langir eða eins og hellirinn á lengd. Grjótgardarnir þrír eru lágir en reisulegir. Þeir eru milli 2- 4 m á lengd en ekki nema 50- 70 m á breidd.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 2-3.

SP-199:018 *Rjómahellir* skemma 65°35.561N 17°03.758V

"Rjómahellir er skammt frá Reyðarhelli, fáir metrar á milli. Op hans er móti vestri, og kemur aldrei sól í hann og mjög kalt vatn í honum. Þar var rjómi kældur og geymdur." segir í örnefnalýsingu. Rjómahellir er um 10 m suðvestan við Reyðarhelli í sömu dokk og hann. Hellirinn er um 20 X 15 m að stærð og vatn er í botni hans. Hellirinn var notaður til að geyma í mjólk og rjóma enda er svalt í honum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SP-199:019 *Finnbogahús* heimild um fjárhús 65°35.475N 17°03.674V

"Stutt suðvestur af bæ var Finnbogahús, fjárhús, sem kennt var við Finnboga, sem bjó í Haganesi 1865-1874. Öll þau hús, sem talin hafa verið, eru nú horfin; hefur verið sléttað yfir allt." segir í örnefnalýsingu. Ekki er nákvæmlega vitað hvar Finnbogahús var en það var í túni suðvestan bæjarins. Gæti verið sama hús og 007. Á því svæði sem Finnbogahús hafa verið er nú sléttað tún sem þó er í órækt. Hnit voru tekin um 15 m suðvestur af íbúðarhúsinu í Haganesi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SP-199:020 heimild um hesthús 65°35.418N 17°03.557V

"Suður við hlið, vestan götu, stóð hesthús, byggt af Helga Guðlaugssyni Öll þau hús, sem talin hafa verið, eru nú horfin; hefur verið sléttað yfir allt." segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið hefur verið í horni túnsins sunnan tóftarinnar 021, en ekki sjást leifar þess lengur. Hugsanlegt er að ekki hafi verið sléttað yfir allt eins og kemur fram í örnefnalýsingu og gæti hesthús þetta því verið sama og tóftin 021. Ekki sést til fornleifa í túnhorninu. Hnit voru tekin um 8 m suðaustan við 021.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SB-199:021

útihúsatóft

65°35.437N 17°03.628V



Um 15 m norðan við túngirðingu og 15 m vestan við heimreiðina er tóft sem að öllum líkindum er af útihúsi. Þar sem tóftin er, er gróið hraunlendi en þess á milli eru litlir túnblettir. Tóftin er 12 X 8 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hún er mjög greinileg og 0,8 m á hæð þar sem hún er hæst. Skammt suðvestan við tóftina má greina garðleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

SB-199:022 Sigurðarkofi heimild um lambhús 65°35.534N 17°03.576V

"Norðan við Lambhúsker, norðaustur af bæ, var Sigurðarkofi. Ekki er vitað um tildrög nafnsins. Sigurðarkofi stóð alveg á barmi Lambhúskers. Í honum voru höfð lömb." segir í örnefnalýsingu. Sigurðarkofi var norðaustan við Lambdældina sem er gróinn gígur. Hann var á hæð 50-60 m norðaustan við gamla bæinn (001) og suðaustan við Hjallhól.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SB-199:023 Samföstuhús

útihúsatóft

65°35.462N

17°03.552V



"Í suðurjaðri túns byggði hann (Helgi Guðlaugsson) þrjú hús, sem nefnd voru Samföstuhús. Öll þau hús, sem talin hafa verið, eru nú horfin; hefur verið sléttað yfir allt." segir í örnefnalýsingu. 7 m austan við heimreiðina og um 20 m norðan við túngarðinn er lítill, niðurgrafinn tóft sem er komin á kaf í gróður. Tóftin er mjög lítil eða 4 X 5 m á stærð. Hún er töluvert niðurgrafin en er þó nálægt 0,8 m hæð þar sem hún er hæðst.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SB-199:024

Þinghóll

65°35.506N

17°03.595V

"... austur af íbúðarhúsinu er Þinghóll, síðan Haganes var þingstaður. Ekkert hús er á hólnum." segir í örnefnalýsingu. Haganes er fyrst getið sem þingstaður 1506 - DI VIII, 98, og var þar þingstaður Skútustaðahrepps á 16., 17., 18. og 19. öld en fyrir mun hafa komið að hreppaþing hafi verið haldin á Skútustöðum - Lbs. 139, 8vo. 1896 var þinghús byggt á Skútustöðum og hefur þingstaður hreppsins síðan verið þar. Um 15 m beint austur af íbúðarhúsinu er Þinghóllinn en á hólnum eru nú snúrustaurar en engin ummerki fornleifa. Hóllinn er um 20 X 15 m að stærð og milli 3-4 m hár. Dæld er í hann miðjan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SP-199:025 *Lambhúsker* 65°35.509N 17°03.610V
"Beint austur af bæ, norðan við Þinghól, er gróinn gígur, sem heitir Lambhúsker. Í því stóð vatn fram eftir öllu vori" Lambhússker er dæld eða gígur sem er norðan (eða norðaustan) við Þinghól 024 og norðvestan við þar sem Sigurðarkofi 022 stóð. Við Lambhúsker er sóleyjabreiða í dag og austast á gígnum er lítið vatn sem er að mestu uppþornað. Engin merki tófta eru við kerid.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SP-199:026 *Brunnur* 65°35.527N 17°03.633V
"Við Lambhúsker er Brunnur í túninu, hlaðinn af Helga Guðlaugssyni. Þar var áður vatnsból bæjarins." segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn er milli hóla, um 15 m austan við heimreiðina og 40 m norðaustan við íbúðarhúsið í Haganesi. Brunnurinn er skammt norðvestan við Lambhússker. Hann er í dæld sem er að mestu vaxin arfa. Fyrir nokkrum árum var hann "tekinn í gegn" og steiptur að ofan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SP-199:027 *Hólshús* heimild um útihús 65°35.508N 17°03.596V
Þar sem steipt útihús standa nú austan við Þinghól var áður útihús sem nefndist Hólshús. Allar leifar þess hafa verið jafnaðar við jörðu þegar nýja útihúsið var steipt á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SP-199:028 *Hornhús* heimild um útihús 65°35.437N 17°03.447V
"Í suðausturhorni túns stóðu Hornhús áður, nú horfin." segir í örnefnalýsingu. Hornhús voru um 20 m austan við sumarbústaðinn í landi Haganes, í suðurjaðri túns þar sem túngarðurinn liggur út í Mývatn. Við garðinn er hraun- og mýrasvæði en um 10 m norðar taka við tún og er líklegt að þar hafi húsin verið en ekki sjást merki þess í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 3.

SP-199:029 *túngarður* 65°35.435N 17°03.603V
"Sunnan við túnið liggur Túngarður, úr Mývatni og í skurðinn, sem grafin var úr Blátjörn." segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn stendur enn og er mjög stæðilegur. Hann er mishár en um 1,7-1,8 má hæð þar sem hann er hæstur. Hann er vel gróinn að sunnan. Heimreiðin liggur í gegnum hann en annars er hann mjög heill. Hann er um 150 má lengd.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 4.

SP-199:030 *Hesthússund* 65°35.417N 17°03.796V
"Rétt sunnan við túngarðinn er mýri, nefnd Hesthússund, og þar var hestagirðing, suðvestur af túni." segir í örnefnalýsingu. Hvorki sjást merki réttar eða tófta sunnan við túngarðinn þar sem eru gróin hraun. Hnit voru tekin rétt sunnan girðingar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 4.

SP-199:031 *Byrgisborg* heimild um herslubyrgi 65°35.966N 17°03.347V

"Norður af Báruendaholti er Valsborg, ... Rétt fyrir sunnan Valsborg er Byrgisborg. Í henni er gamalt silungabyrgi. Klauf er í gegnum borgina, og voru settar þar yfir rár og silungur hengdur á." segir í örnefnalýsingu. Byrgisborg er hraunborg sem er raunar austan við Valsborg. Merki rána sjást ekki lengur. Hraunborgin er gróin að innan að hluta.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 5.

SB-199:032 *Gleiðaborg* fjárskýli 65°36.083N 17°02.999V

"Norðan við Hamarsvík, á Ytrihamri, er Gleiðaborg. Hún er opin í báða enda en haft fyrir miðju. Hún er djúp, er í gegnum háa hóla, og norðan í henni eru margra metra hamrar. Hellar fyrir fé eru í Gleiðuborg." segir í örnefnalýsingu. Gleiðaborg er alveg nyrst í landi Haganess, við Mývatn. Borgin er fremur stór og nær frá norðri til suðurs. Um borgina miðja er náttúrulegur hraungarður sem skiptir henni í tvennt. Hún er grasi gróin.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 7.

SB-199:033 *Rifsgata* leið 65°36.042N 17°04.700V

"Rifsgata, sem er gamall reiðvegur frá bæ og norður að Rifi, skiptir Krókhöfðum." Rifsgata liggur í gegnum Rifsgarð og áfram vestur Rifið. Aðalleiðin frá suðurhluta Mývatnssveitar til Reykjahverfis og Húsavíkur lá um land Haganes og yfir Mývatn á Rifinu og þaðan beint til vesturs norðan við Geirastaði og Sortulæk. Gatan er vel greinileg þar sem hún gengur þvert á garðinn.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 7-8.

SB-199:034 *Rifshöfðagarður* vörslugarður 65°36.054N 17°04.693V

"Rifshöfðagarður er gamall torfgarður, sem girti Rifshöfðana af. Þar var haft fé á haustin. Garðurinn stendur enn." segir í örnefnalýsingu. Rifshöfðagarður nær frá Laxá að Mývatni þar sem Rifshöfðinn er mjóstur. Skarð eða hlið er í garðinn miðjan þar sem Rifsgata liggur í gegn.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 9.

SB-199:035 *Rifið* heimild um vað 65°36.201N 17°05.074V

"Norðvestur af Rifshöfða er Rif, sem var útfall Laxár úr Mývatni, hún var talin byrja þar. Þar var talsverður straumur. Klauf er milli höfða í Rifshöfða; þar lá gatan, og var riðið þaðan norður yfir Rifið, sem var grunnt, en þó fast að því á sund. Var talað um "að ríða Rifið"." segir í örnefnalýsingu. Rifið er sandrif sem gengur út í vatnið til vesturfrá Rifshöfða. Á þessum stað er greinilegt grynni.

Heimildir: Ö-Haganes, 9.

SB-199:036 *Kúahellir* 65°35.660N 17°04.541V

"Suður af Þursa eru klasar við Blátjörn, hraunklettaþyrpingar, sem liggja suður tjarnarmegin. Þeir skiptast í Ytri-Klasa, sem eru nær Þursa, og Syðri-Klasa. Í Ytri-Klösum er allstór hellir, Kúahellir, sem er vargskýli kúa." segir í örnefnalýsingu. Kúahellir er fremur norðarlega í Ytri-Klasa þar sem hraunborgir og steinbogar eru. Hellirinn er neðanjarðar. Hann er mosavaxinn í botninum og er aðalopið er til vesturs en annað minna op snýr til norðurs. Hellirinn er fremur mjór (7-8 m) en langur (15 m).

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 11.

SB-199:037 *Stekkjarbjarg*

"Í Syðri-Klösum [sbr. 036] er Stekkur, sem sést fyrir enn, og við hann er Stekkjاربjarg." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um 80 m vestan við Laxá og milli 20-30 m austan Blávatns. Stekkjاربjarg myndar suðurvegg stekkarins. Tóftin er 5 X 10 m að stærð. Suðurveggurinn er Stekkjاربjargið og inn í það gengur lítill hellir. Þar fyrir

utan er stekkurinn hlaðinn og er hann greinilegur.


Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Haganes, 11.

stekkjartóft

65°35.573N

17°04.441V



SB-199:038 *Sundvaðshólmi*

heimild um vað

65°35.460N

17°04.669V

"Neðan við Mjósundið er dráttur, sem kallast Langur. Neðan við hann er Sundvaðshólmi. Þar var riðið yfir, en götur voru engar." segir í örnefnalýsingu. Sundvaðshólmi er fremur stór hólmi á Laxá. Hann er rétt norðan við íbúðarhúsið í Haganesi. Ekki er greinilegt vað á þessum slóðum. Götuskorningur er í hrauninu vestan Hólmans en ekki sveigir hann að ánni á þessum stað.

Heimildir: Ö-Haganes, 11.

SB-199:039 *Tjarnargarður*

vörslugarður

65°35.464N

17°04.470V

"Úr Blátjörn að Syðri-Breiðu var hlaðinn garður, Tjarnargarður, og sést hann vel enn." segir í örnefnalýsingu. Tjarnargarður liggur úr Laxá í Blátjörn hjá Hólmanum. Á þessum stað er nú einnig girðing í dag. Garðurinn er hlaðinn og sést vel við Laxá í um 15 m en verður ógreinilegri þegar vestar dregur. Girðingin tekur þá við.

Hættumat: engin hætt.


Heimildir: Ö-Haganes, 11.

SB-199:040 *Selhagi*

seltóft

65°35.292N

17°04.281 V



"Sunnan við Syðri-Breiðu er Selhagi. Það voru gróin grjótholt. Smáhluta af lækjarbakkanum má kalla mýrlendi, annars er þar vallendisgróður. Selhagi afmarkast af Selhagalæk, sem kvíslast úr Laxá og rennur kringum Selhagann." segir í örnefnalýsingu. Selhagi er 600- 700 m suðvestan við Haganesebæinn, um 10-20 m norðan við veiðiheimilið. Tóftirnar eru á hæð og um 15 m austan við Laxá sem liggur í sveig fram hjá tóftasvæðinu, bæði vestan og norðan þess. Tóftirnar eru alveg grónar en þó greinilegar. Þær eru samtals um 17 m á lengd og 22 m á breidd og eru milli 0,3-0,7 m á hæð. Getgátur hafa verið á lofti um að á þessum stað hafi bærinn í Haganesi áður verið. Laust fyrir 1990 gróf Jón Sigurgeirsson frá Helluvaði 1-2 metra djúpa holu í öskuhaug sem þarna er. Hann fann mikið af beinum, silungabein, mikið af fuglbeinum og jafnvel eggskurn. Jón sagði jarðveginn hafa verið sérstaklega þurran á þessum stað og ástand beinanna hefði verið mjög gott. Hans kenning er sú að upphaflega hafi Hagnesbærinn staðið þarna en síðar verið fluttur að þeim stað þar sem

hann er nú sökum þess að þar er landrými meira. Hann taldi að þannig megi skýra -nes nafn Haganess þar sem tóftirnar standa á nesi út í Laxá.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 11.

SB-199:041 áveita 65°35.419N 17°04.043V

"Úr Blátjörn í Selhagalæk var handgráfin Skurður. Hann var grafinn 1910 og átti að vera til uppþurrkunar, en misheppnaðist." segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn er 500-600 m suðaustan við íbúðarhúsið. Túngarðurinn sunnan við bæinn endar í þessum skurði. Þar er nú girðing. Skurðurinn er í mýrarsvæði suðvestan íbúðarhússins. Hann er fremur ógreinilegur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 11-12.

SB-199:042 Mylluhró heimild um myllu 65°35.220N 17°04.102V

"Austan við Selhaga er Mylluhró. Þar var vatnsmylla." segir í örnefnalýsingu. 30-40 m austan við veiðibústaðinn og rétt neðan (sunnan) við vegarslóðann að bústaðnum var myllan, þar sem áin er nú brúuð með planka. Ekki sjást greinileg merki myllunnar í dag.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 12.

SB-199:043 stífla 65°35.257N 17°04.598V

"Í kvísl milli Dragseyjar og Geldingaeyjar er Urðarfoss. Hann hefur ekki verið sprengdur. Hann var stíflaður, en stíflan var tekin, svo að fossinn er enn við líði." segir í örnefnalýsingu. Austan við Drangey (við 065) eru leifar stíflu við Urðarfoss sem er mjög lítill foss. Hleðslur (um 2 m breiðar) sjást sitt hvoru megin árbakkans.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 12.

SÞ-199:044 Sandætuvað heimild um vað 65°35.122N 17°04.304V
"Lækur, sem nefnist Sandæta rennur í Laxá frá suðaustri. Sandæta er ekki mikill lækur, u.þ.b. hnédjúpur, þar sem farið var yfir hann Í ósum Sandætu, þar sem hún rennur í Laxá er Sandætuvað." segir í örnefnalýsingu. Nokkrum metrum sunnan Sandætugarðs 046 er vaðið en greinileg merki þess sjást ekki lengur.

Heimildir: Ö-Haganes, 14.

SÞ-199:045 Stikluhólmi/Bryggjuhólmi heimild um brú 65°35.111 N 17°04.392V
"Bryggjuhólmi er vestast í Ytri-Vogatungum. Í honum var mikill víðigróður. Sett var bryggja (steinar) svo hægt væri að reka fé út í hann á vetrum. Sést fyrir henni enn, og er hægt að stikla eftir." segir í örnefnalýsingu. Bryggjuhólmi var yfirleitt nefndur Stikluhólmi. Hann er nokkrum metrum ofan (eða vestan) við Sandætuvað 044. Á þessu svæði eru mýrar og nokkur gróður, hólminn og steinarnir eru enn greinilegir.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 15.

SÞ-199:046 Sandætugarður stífla 65°35.095N 17°04.267V
Sandætugarður er nokkrum metrum vestan Sandætuvaðs 044. Um 150 m sunnan við veiðibústaðinn er Sandætugarður en þar er hlaðin undirstaða yfir ána sem er 20-25 m breið þar. Sandætugarður var gerður 0,7-0,8 m breiður og nokkuð stæðilegur en göt voru þó á milli hleðslanna sem fyllt var í þegar veita þurfti á engin. Stærsta hleðslan er 2 má lengd en síðan taka við grónari hlutar og hólmar við ána og er víðast 1-1,5 m á milli hleðslanna og því verður að stökkva á milli stöplanna til að komast yfir ána.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 15.

SÞ-199:047 vörslugarður 65°35.058N 17°03.328V
"Vörslugarður liggur úr Syðri-Vogatungum í Beinuvík. Helgi Guðlaugsson hlóð hann. Garðurinn sést vel enn. Hann var hlaðinn úr grjóti eða grjóti og torfi eftir því efni, sem til var, þar sem hann liggur. Trúlega hefur hann verð hlaðinn í sambandi við kvíær." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn liggur út í Mývatn. Hann sést við vatnið og er samilega greinilegur upp að heimreið heim að Haganesi en sést verr í hrauninu ofan vegar þó vel sé hann greinilegur á stöku stað. Hann er um 300 m sunnar en varðan (051) og 800 m sunnan við bæ.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Haganes, 16.

SÞ-199:048 Föxutangahellir fjárskýli 65°34.757N 17°04.378V
"Við ármót Laxár og Krákár er Föxutangi Í tanganum er Föxutangahellir. Fé fór í hann. Brík er í hellinum og lægra fyrir innan. Kindur fóru inn fyrir bríkina, en þorðu ekki fram fyrir aftur, og varð að líta eftir, að þær syltu ekki." segir í örnefnalýsingu. Hrunið er fyrir op hellisins og eru merki um hann ekki greinileg lengur. Föxutangi er gróið klettasvæði. Hnit tekin við við Föxutanga.

Heimildir: Ö-Haganes, 16.

SÞ-199:049 Viðarvað heimild um vað 65°34.672N 17°04.298V

"Sunnarlega í Föxunum er Viðarvað á Kráká. Í því er sandbleyta, og það var aldrei tryggt. Fjalladrapi og víðir er beggja megin við það." segir í örnefnalýsingu. Viðarvað var á Kráká rétt sunnan við ármótin við Laxá og rétt norðan við merki. Kráká er mjó þar (2-3 m) en merki vaðsins sjást ekki.

Heimildir: Ö-Haganes, 1 7.

SP-199:050 *Haganesstífla* stífla 65°34.714N 17°04.329V

"Haganesstífla er á Kráká rétt norðan við merkin; þar var stíflað til að veita á Föxur." segir í örnefnalýsingu. Stíflan er rétt norðan við þar sem ármót Laxár og Krákár eru. Á báðum bökkum árinna sjást steinar úr stíflunni. Mun meiri leifar stíflunnar sjást þó austanmegin.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Haganes, 1 7.

SP-199:051 *Vörðuhellir* 65°35.172N 17°03.644V

"Um það bil mitt á milli Skollakletta og túns er tjörn, sem heitir Birtingatjörn Við tjörnina, að suðvestan, er Vörðuhellir í holti. Þar stendur enn varða. Varðan er rétt við götu, sem lá á Engjarnar." segir í örnefnalýsingu.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Haganes, 17-18.

SP-199:052 leið 65°35.182N 17°03.528V

"Við tjörnina, að suðaustan, er Vörðuhellir í holti. Þar stendur enn varða. Varðan er rétt við götu, sem lá á Engjarnar." segir í örnefnalýsingu. Götur þessar voru vestan við Messugötur 062. Þær eru 10 m austan við vatnið og 30-40 m vestan við veg. Þar sést nú grunn gata í hrauninu sem hverfur í móa og lyng skammt sunnar. Liggur að mestu yfir gróið hraunlendi.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Haganes, 17-18.

SP-199:053 *Gildrusund* heimild um refagildru 65°35.277N 17°03.722V

"Vestur af Birtingatjarnarholti og norður af Ytri-Vogatungum eru Gildrusund. Gildra, gömul tófugildra, hlaðin úr grjóti, er þar á holti og mýrarsundin í kring." segir í örnefnalýsingu. Þar sem girðing er austan við veg er refagildran. Um 50 m sunnan við vegarslóða að veiðihúsinu og 800-1000 m austan við veiðihúsið (en ögn sunnar). Refagildran er 700-800 m sunnan við íbúðarhúsið í Haganesi og eilítið vestar. Gildran er uppi á klettabelti (stuðlabergi) sem er 2,5- 3 m á hæð og um 6 m á lengd. Gildran er hrúnin en er 1,5 m á lengd og tæpur 1 m á breidd, 0,6m áhæð.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Haganes, 18.

SP-199:054 *Ullarhellir* þvottastað 65°35.471N 17°03.729V

"Ullarnes nær alveg heim að gamla túni og vestur að Blátjörn. Þar var þurrkuð ull. Ullarhellir er austur af nesinu. Þar hefur ull verið þvegin, þegar eitthvað var að veðri. Ull var alltaf þvegin í Mývatni, eftir að Helgi man eftir sér." segir í örnefnalýsingu. Ullarhellir er 15-20 m austan við Reyðarhelli (017) og er op til suðurs en minna op er til norðurs. Vatn er í botni hellisins. Hellirinn er um 8 m á breidd og 20-30 m langur.

Hættumat: engin hætt.


Heimildir: Ö-Haganes, 18.

SP-199:055 *Kvíabjarg* kvíahleðsla 65°35.466N 17°03.845V

"Sunnan við Ullarnes voru Kvíar, og voru þær hlaðnar þar upp að bjargi, sem heitir Kvíabjarg. Enn sér fyrir hleðslu, þar sem kvíarnar stóðu. Fráfærum var hætt, þegar Helgi man eftir, en ekki fyrir löngu." segir í örnefnalýsingu. 200-300 m beint vestan við íbúðarhúsið í Haganesi er Kvíabjarg. Þar er hellir og klettur ofan á, en meðfram Kvíabjargi eru hleðslur. Hleðslur eru meðfram Kvíabjargi. Þær eru um 16 má lengd og 4 má breidd, og skiptast í 2 hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 18.



SD-199:056 *Klettaneshellir* fjárskýli

65°335.246 17°03.255V

"Þá verður farið suður með vatninu, . . . Sunnan við víkina [Klettanesvík] skagar Klettanes fram í vatnið. Nokkrir klettur er norðast og austast í nesinu, skera sig þar upp úr. Fjánhellir er í nesinu, nefndur Klettaneshellir." segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er miðja vegin milli íbúðarhússins í Haganesi og merkja

við Álftagerði. Hann er um 15 m frá Mývatni og um 100 m frá veginum heim að Haganesi. Hellirinn er lágur og ekki var unnt að skoða hversu djúpur hann er. Líklegt er að hann nái nokkuð langt til suðurs, þar sem annað op er. Á milli þessa opa er kindagata að utan.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 18.

SD-199:057 *Hestahellir* 65°35.212N 17°03.555V

"Hestahellir mun vera í Engjunum, u.þ.b. miðja vegin milli Djúpulautar og túns, en staðsetning hans er óviss. Þar var vargskýli hesta." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m sunnan við túngarðinn og um 10 m vestan vegar er Hestahellir. Hann er um 8 m sunnan við Kúahelli 058. Að hellinum liggur stígur en op hans er til norðurs. Í botni hellisins er mosi. Hellirinn eru um 8 m á breidd og um 5 á lengd.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Haganes, 19.

SD-199:058 *Kúahellir* 65°35.329N 17°03.522V

"Kúahellir er vargskýli kúa í Engjunum, u.þ.b. 100 metrum sunnan við túngarð." segir í örnefnalýsingu. Kúahellir er um 8 m norðan við Hestahelli 057 og 10 m vestan vegar. Fyrir hellinn er hlaðinn nokkra metra löng hleðsla.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Haganes, 20



SD-199:059 *Draugadys* heimild um legstað

"Sviðinsey er allstór eyja í vatninu, 600 metra austur af Syðrahamri Á Sviðinsey er mikill hóll og stærðarhver í, Sviðinseyjarhver. Niðri í hvernum er Draugadys. Þetta er aflangt og lítur út eins og leiði í botninum. Þar á einhver að vera heygður." segir í örnefnalýsingu. Ekki var farið út í eyna sumarið 1998.

Heimildir: Ö-Haganes, 20

SD-199:060 heimild um ristu 65°35.498N 17°03.405V


"Rist var valllendistorf við vatnið." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar torfið var rist en talið er að það hafi verið á bakka Mývatns þar sem nú eru ræktuð tún skammt austan bæjar.

Hættumat: hætta vegna túnvinnslu.

Heimildir: Ö-Haganes, 21.

SD-199:061 tóft

65°35.479N 17°03.776V



Um 5 m fyrir sunnan Sauðhelli (016) er tóft. Hún er eiginlega ofan á honum og um 80 m austan við Blávatn. Tóftin gæti verið af heystæði eða í sambandi við kvíarnar (055) sem eru 60 m vestar.

Hættumat: engin hætta.

SD-199:062 Messugötur heimild um leið 65°35.203N 17°03.526V

"Messugötur, nefndist framhald [Rifsgötu] suður frá bænum" "Messugötur sem farnar voru til kirkju, voru reiðgötur suður holtin, talsvert vestar en vegurinn liggur nú. Þær lágu austan við Birtingatjörn, en vestan við Skollakletta. Gatan á engjarnar var vestar en Messugötur." segir í örnefnalýsingu. Messugötur voru á svipuðum slóðum og Engjagata en þó heldur austar. Ummerki þessara gatna sjást ekki lengur.

Heimildir: Ö-Haganes, 18.

SD-199:063 hleðsla fjárskýli 65°36.038N 17°04.492V

Beint austur af Rifshöfða eru tvær stórar klettaborgir. Sú nyrðri var notuð fyrir fé en hún stendur um 10 m sunnan við Mývatn. Að vestan eru hlaðnar tröppur niður í fjárborgina sem er um 4 m há og 10 X 10 m að stærð.

Hættumat: engin hætta.

SD-199:064 vörslugarður 65°35.739N 17°03.470V

Úr víkinni sunnan við Syðri-Hamar og yfir í Blátjörn er torfgarður sem er um 0,8 m á hæð og breidd. Hann er um 8 m norðan girðingar. Hann er nokkuð samfelldur, um 150 m á lengd.

Hættumat: engin hætta.

SD-199:065 stífla 65°35.268N 17°04.324V

Stífla var á Laxá rétt þar sem nú er veiðikofi og sunnan við göngubru sem er þar á ánni. Merki stíflunnar eru greinileg á austurbakka árinna en ekki sjást skýr merki hennar vestamegin. Nokkuð hár árbakki. Á austurbakka árinna er hlaðin um 3 m breið og 7-8 m löng undirstaða.

Hættumat: engin hætta.

SD-199:066 Hólahellir heimild um fjárskýli 65°34.852N 17°02.926V

"Sunnan við Hólavík eru Hamarshólar. [...] Rétt norðan við hólana er fjárhellir, nefndur Hólahellir." segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er um 100 m norðan við merkin við Álftagerði og um 30 m vestan við Mývatn. Hellirinn er fremur lágur en virðist vera nokkuð stór.


Hættumat: engin hætta.

SP-200 Skútustaðir

30 hdr. 1712. 20 hdr. 1839 - SSP, 123. Bændaeign. "Nú kaupir Skúta sér land at Mývatni ok bjó þar, sem nú heitir á Skútustöðum, gerðist brátt mikilhæfr maðr í morgu lagi ..." Reykdæla saga, ÍF X, 204.

17.5.1446 kvittar Helgi Jónsson Steingrím Ísleifsson fyrir andvirði Skútustaða. DI IV, 694.

27.4.1493 kvittar sr. Magnús Halldórsson Ólaf Hólabiskup fyrir andvirði Skútustaða sem hann hafði selt Hóla kirkju. DI VII, 173.



Kort 4. Fornleifakort. Skútustaðir.

25.10.1504 selur Gottskálk Hólabiskup Halli Ketilssyni Skútustaði fyrir Helluvað og Víðar. DI VII, 731-32.

17.7.1703 auglýsir Christian Muller í lögréttu bann við að kaupa jarðir þær sem Þórdís Jónsdóttir fékk í tilgjöf við brúðkaup sitt við Magnús Sigurðsson, en þær eru Skútustaðir, Brjánsnes og Garður. AÍ IX, 230-31.

13.7.1725 selur sr. Sæmundur Magnússon Þorláki Markússyni Skútustaði, 30 hdr að dýrleika, fyrir 36 hdr í fasteign rífbýggðri. AÍ XII, 304-305.

1839: Hjáleigan Álftagerði byggð skammt út frá staðnum, aðrar hjáleigur Kirkjubær (Rófugerði) og Arnarbæli, báðar í eyði.

Jörðin skiptist í Skútustaði I-111. Skútustaðir I 1/2 jarðarinnar, Skútustaðir II eru 1/4 hluti jarðarinnar, Skútustaðir III er á 1/4 hluta jarðarinnar. Á jörðinni eru einnig samkomuhúsið Skjólbrekka, verslunin Sel, Skútustaðaskóli og skólastjórabústaður Skútustaðaskóla. Skútustaðir I eiga jörðina Mikley í Mývatni.

1919: 3,9 ha. 9/10 sléttað, garðar 100 m². 1839: "Landlétt jörð fyrir sauðfé en hefur ágætan heyskap. Veiðijörð tíðast allgóð. Eggver til hagræðis." SSÞ, 123.


Heimildamaður: Óli Kristjánsson sem kom að Skútustöðum 1930.

SB-200:001 Skútustaðir

bæjarhóll

65°33.014N

17°01.057V



Gamli bærinn stóð á hraunhrygg á svipuðum stað og íbúðarhúsin á Skútustöðum II og III eru nú og þar sem bakgarðurinn sunnan við Skútustaði II er. Ekki er greinanlegur bæjarhóll á þessum stað en bæirnir standa þó á hæð ofan við þjóðveginn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

SB-200:002

heimild um kirkju

65°33.989N

17°01.928V

"Sú kirkja sem nú stendur var byggð 1863 1925 hafði U.m.f. Mývetningur forgöngu um að slétta kirkjugarðinn." segir í örnefnalýsingu. Kirkjan stendur enn og er nýlega uppgerð. Hún er um 20 m austan við Skútustaði II, en stóð áður vestar, í s.k. Gamlakirkjugarði, þar sem seinna var þinghús sbr. 003 og nú er slétt hlað norðan við íbúðarhús Skútustaða II. Sléttur kirkjugarður og malarhlað vestan við hann. Í kirkjugarðinum er nokkur trjávöxtur.



Gamla Skútustaðakirkjan, Ljósmynd Daniels Bruuns

X. Skuutustada kyrkia.

Kyrckia a Skutustodum a prestz skýlld j heima landi. og iiij. merkur j leigu. kyr. ij.

J skruda tuenn messuklædi. oc kaleykur. ij. alltaris klædi. Tiolld vm kyrkiu. Brijkarklædi tuenn. mereki. ij. vont abreydsl krossar. iiij. lijkneski. ij. kluckur. iiij. Biarnfell. Glodarkier. Elldberi. skridlios. fontur oc fontlædi. ein jarnstika. messu Bækur. ij. per anni circulum. sequentiubok. lesbok god. tekur til ad jola faustu og til paska. ad dominicum. Aspiciens Bok

god de sanetis. tekur til ad Jonsmessu. og framm vm allra heilagra messu. Grallare forn. lesbok. tekur til ad paskum ok til jolafostu. og fram til paska. oe ad skipudu. lesbok a veturinn de sanetis.* ix. Bækur. [á spássíum. annari hendi]

osttollur oe skreyda tollur af .xj. Bæium

Leyga prestz vtangardz halft annad hundrad; Máld DI Il 430

YNGRA: x. hundrud j messuklædum j Bokum oe Gripum. ad dag presti hundrads gripur. þriar Bækur litlar er Are prestur gaf oe taka .v. aura. kyrkia a og xe frijd. er giefinn voru fyrer kyrekiu vppsmijd halfur. vj. Eyrer.

Eyjulfur gaf ku fyrer modur sinnar sal oe systur.

Jtem hest. klueku. Olafz skript. kietill. hundrad gaf þordur Haareksson; Máld DI Il 430

1394: li. Skutustada kyrekia.

Kyrekia a skvtustodum er helgud med Guði hinum heilaga Olafui.

Hun a þetta jnnann kyrekiu. messuklædi tuenn ad ollu vtann eitt handlijn

Brijkarklædi. ij. alltarisblæia og vijgdur dvkursalvn. paxblad. sloppur vondur.

Elldberi og Glodarkier. fontz vmbvndur. krossar. iij. mariu lijneski. ij. Olafz lijneski. magnus

lijneski. mariu lijneski magdalenæ. kaleykur lestur. kluekur. iij. og ein lest af

þeim. mereki. ij Biorar. ij. vonder. kietill vondur. jarnstykur. iiij. Broddstafur.

leektari.[vantar altarisklæði, kirkjutjöld, bjarnfell, skriðljós, font og allar bækur]

Ecclesia non dedieata.

þar er prestskyld j landi og takast heima j leygu. iiij. merekur. Enn vtann gardz hundrad og.

xij. aurar.

Heytollur. liostollur. osttollur og skiædatollur afix. Bæium.

Enn af Amarvatni osttollur og skiædatollur ad eins.

Tijund kyrekiu hluti a þui ari hálfur hinn siovndi Eyrer.

þetta j lausagodzi. xx. kugilldi og. lx. alner. fimm hundrud j flytianda Eyri.

Jtem reyeknadist j portionem Ecclesiæ medann þorgrijmur bio .ar vm. xx. ar. halft siounda

hundrad. Máld DI Ill 557

[1429]: [1] prestr; DI IV 380

1461: LIII.

Kirkian a skutustodum er helgut med gutli hinum heilaga olafi.

hon a þetta jnnan kirkiv. krossar ij. Mariv likneske. olafs likneske. Marivlikneske Magdalena.

magnus likneske. ein messuklæde. eorpural. kalekr med patinv. ij. alltarisklæde. j. uigsludukur oe j.

brun. fontr med vondvm buninge. j. merke. elldbere. glodarker. klukur. iij. oe ein lest af þeim.

tialldalepar iller. jamstikur. iij. paxblad. j. kapa.

Þettaj bokum. grallarar. ij. sequeneiubækr. ij. salltaraskrar margar. dominieiubok tekr til ad

paskvm til aduentu de tempore. Messobok um. xij manade med pistlum oe gudspiolum. oraeionem

oe missale oe er eigi full. ueturbok tekur til aduentu oe til paska de sanetis et de tempore oe er eigi

aull. ymnarius. eapitularius oe anar verre. vetrarbok at aduentu fram yfer jol. lesbok de tempore fra

huitasunv oe til aduentu. saungbok de tempore fra ix vikna faustu oe til paska. olafs saga oe miog

margar skrar adrar.

þar er prestz skyld oe tektz heimaj leigu. iiij. merkr. enn vttan gardz e. oe xij aurar.

heytolr. liostollr. osttolr oe skædatollr af. xj bæium. enn af amarvatni osttolr oe skædatollr at

eins.

Tiund kirkiuhlute a þui are fim aurar.

Reiknadiz peningar skvtvstada kirkiv j fornt og nýt porcio xvij. hundrut oe. xl. þa er einar bonde

hielt anno domini. M^o.ed O.Ix", primo. D I V 3 19-3 20

[1461] 1 prestur DI V 359

1569: Skutustada kirkia a malnytu kugilldi viij. viije j fridum peningum. presti tiund af fastaeign vij

aurar oe half onnur alin. DI XV, 343

16.11.1907: Lundarbrekkusókn lögð til Skútustaða; (PP, 300) [lög]

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Túnkort 1919; BBSþ 1986, 353.

SB-200:003 Þinghús heimild um þingstað 65°33.983N 17°01.953V
"Gamlirkirkjugarður er vestur af fjósbyggingu Kristjánssona. Garður þessi var lagður niður 1863-64, en þó mun hafa verið grafið þar síðan. Í Gamlakirkjugarði var kirkja fyrir 1863, síðan notuð sem þinghús, þar til Þinghúsið var byggt 1896." segir í örnefnalýsingu. "Í Gamlakirkjugarði var kirkja fyrir 1863, síðan notuð sem þinghús, þar til Þinghúsið var byggt 1896. Þinghúsið stóð sunnan við fjósið, var rífið 1953." segir í örnefnalýsingu. Búið að slétta þennan garð og eru þar snúrastaurar nú. Vestan við þar sem áður var fjós og austan við byggingu sem þar stendur nú (nýrra fjós?). Þinghúsið (og kirkjan) var þar sem er hlað, mitt á milli íbúðarhússins Skútustöðum II og fjóss (sem nú er að verða að þjónustuheimili fyrir starfsmenn Selsins). Þinghúsið er merkt sem bústaður á túnakorti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Skútustaðir, 2.

SB-200:004 heimild um bústað 65°33.913N 17°01.830V
Skútustaðir hafa verið prestsetur frá 1856. Mannabústaður er merktur inn á túnakort frá 1919 á svipuðum stað og þar sem núverandi prestbústaður er nú. Þar er bygging og grasbalar í kring. Ekki er vitað til að á þessum stað hafi staðið hús á undan prestsbústaðnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-200:005 heimild um hesthús 65°34.001N 17°01.873V
Um 20 m austan (og örlítið sunnar) en suðausturhorn kirkjugarðarins var áður hesthús og hlaða. Þegar hesthúsið stóð var kirkjugarðurinn minni en nú. Síðan hefur hann verið stækkaður til austurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-200:006 heimild um útihús 65°33.963N 17°01.840V
Rúmum 100 m austan við kirkjugarðinn stóð áður útihús þar sem nú er slétt tún austan við heimreiðina að prestbústaðnum. Í þessum útihúsum var brunnur og sjást enn merki hans þó önnur ummerki útihússins séu horfin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-200:007 heimild um útihús 65°34.012N 17°01.814V
Útihús var 15 m norðaustan við norðaustur horn kirkjugarðsins (eins og hann er nú). Á þessum stað er nú slétt tún og engin ummerki útihússins eru greinileg.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-100:008 heimild um útihús 65°34.015N 17°01.705V
Um 30 m austur af hrútakofanum 009 er annað útihús merkt á túnakort. Þar er enn steipt útihús er á sama stað. Það er gróið í kaf að utan og er þakið af. Er upp við þjóðveginn en þar er allt á kafi í hvönn og öðrum gróðri. Steipta húsið er 2 X 3 m á stærð og 2,5 m á hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-200:009 heimild um útihús 65°34.000N 17°01.766V
"Hrútkofi stóð á suðurbakka tjarnarinnar, þar sem hann er hæstur." segir í örnefnalýsingu. Þetta útihús hefur verið til móts við aðkeyrsluna að nýja prestshúsinu. Var norðan við veginn en sunnan Mývatns. Var á svæði sem nú er á kafi í hvönn. Ekki sést til fornleifar á þessum stað lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-200:010 *Miðhús* heimild um fjárhús 65°34.026N 17°02.002V
Um 80 m norðvestan við kirkjugarðinn var áður fjárhús. Þar var síðar hlaðið upp reykhus sem stendur enn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-200:011 *Ásmundarhús* heimild um fjárhús 65°34.012N 17°02.046V
"Vestur af [Hallgrímshúsum 012], norðvestur á túni, var fjárhús, nefnt Ásmundarhús." segir í örnefnalýsingu. Ásmundarhús var um 20 m vestur af þeim stað sem Miðhús 013 voru áður (þar sem reykstofinn er nú). Í Ásmundarhúsi var bæði brunnur og kindabað árið 1930.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Skútustaðir, 3.

SB-200:012 *Hallgrímshús* heimild um útihús 65°33.989N 17°02.124V
"Suðvestur frá Ásmundarhúsi var Hallgrímshús." segir í örnefnalýsingu. Tæpum 50 m suðvestur af Ásmundarhúsi og rúmum 100 m vestur af kirkjunni var Hallgrímshús áður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Skútustaðir, 3.

SB-200:013 *Hjallhólshús* heimild um fjárhús 65°33.989N 17°02.136V
"Hjallhóll er hæsti hóllinn í túninu, vestur af bænum. Vestast á Hjallhól stóð fjárhús, nefnt Hjallhólshús." segir í örnefnalýsingu. "Á Hjallhól ... hafa menn þózt geta vísað á ýmsar minjar um Víga-Skútu og hina frægu vörn hans gegn launmorðingjum. Í Reykdælasögu segir:
"Og jarðhús átti hann undir rúmi sínu og annan jarðhúsmunna í sauðahúsum sínum .. " Í örnefnalýsingu Mývatnssveitar stendur: "Jarðgöng Víga-Skútu. Svo var kölluð skora eftir Hjallhól, austur vestur. Nú sléttað yfir í túni." Að sögn heimamanna var þar gamall túngarður, og skoran orðið til við uppmokstur í hann. . . . Hellir þessir er gjá eða hraunhola, vestast á Hjallhólnum. Var sagt að þar hefði verið útgangur frá jarðgöngum Skútu." HH, 37. Um 100 m vestan við þar sem gamli bærinn hefur staðið var áður útihús, um 20 m suðaustan við 012. Engin merki þess eru nú greinileg.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Skútustaðir, 3.

SB-200:014 *Kirkjubær/Rófugerði* heimild um býli 65°34.242N 17°01.960V
1712: "Kirkjubær, kallast almennilega Rofugerde, eyðihjáleiga. Bygt fyrir manna minni skamt norður frá staðnum, og varaði bygðin til næstu 16 ára." segir í jarðabók Árna og Páls. "Nokkru norðar en Geitagjá er Rófugerðishóll, og vestur af honum syðst stóð Rófugerði (eða Kirkjubær) hið forna býli. Markar fyrir hnútu í túni (Rófugerðistúni), sem tilheyrir Prestsetrinu (SK. I) og sprettur sú hnúta best". segir í örnefnalýsingu. Nú er búið að slétta

yfir rústirnar sem voru um 20 m vestan við austari Rófugerðishól þar sem nú eru slétt tún. "1839: [um eyðibýli] Rófugerði í Skútustaðalandi vita menn ekki hvaðnær [lagðist í eyði]" SSP, 124.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: JÁM XI, 230, SSP, 124 og Ö-Skútustaðir, 6.

SP-200:015 *Arnarbæli* býlistóft



65°33.912N 16°59.706V

1712: "Arnarbæle, önnur eyðihjáleiga. Bygð í úthögum austur frá staðnum fyrir vel 40 árum, og varaði bygðin 2 ár, hefur hvorki bygst áður nje síðan." segir í jarðabók Árna og Páls. "Rústin er ferhyrnd um 9 x 8 að stærð (utanmál), og virðist móta fyrir um 5-6 herbergjum í henni." Arnarbæli er 1-1,5 km norðaustan við Skútustaði en jörðin á land að Garði. Arnarbæli er um 20 m fyrir vestan Arnarbælishól og 10 m norðan við vegaslóða sem liggur um hraunið. Líklegt er að vegaslóðinn hafi eyðilagt hluta tóftanna því sunnan við veg er dæld sem gæti verið leifar af útihúsi.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: JÁM XI, 231; HH, 36 og Öskút, 9.

SP-200:016 *Krókagarður* garðlag/heystæði 65°33.217N 17°02.960V

"Krókagarður er þúfnagarður sunnan og vestan við Miðmundartjörn, vestur í Hraun." segir í örnefnalýsingu. Garður þessi er á engjasvæðinu sunnarlega í engjalandi Skútustaða. Heystæði er í vesturenda garðsins. Hnit tekin við heystæðið.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 1.

SP-200:017 2 heystæðistöftir 65°33.511N 17°02.420V

"Miðmundartjörn, sem var eyktarmark frá Skútustöðum, er allstór tjörn í engjunum." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m norðan við Miðmundartjörn eru tvö heystæði.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 12.

SP-200:018 garðlag 65°34.279N 17°01.807V

Við suðurenda Músarhóls og 5 m vestan við Stakahólstjörn er garður. Hann liggur úr Stakahólsvatni í Mývatn í gegnum Akurhól fram hjá Akurhólsborgum. Garðurinn er samfelldur og nálægt 150 m að lengd. Liggur yfir sléttlendi milli tveggja vatna.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 2.

SP-200:019 *Kvíaból* heimild um kvíar 65°33.934N 17°04.823V

"Kvíaból var áður austur af Kvíum, sem stóðu sunnan við veginn og voru áður austur af túni.

Sennilega hefur það verið nálægt aldamótum, sem ær voru síðast mjaltaðar þar, en það var ekki gert, eftir að J.Þ kom að Skútustöðum. Á Kvíabóli er gamalt prestseturshús, sem byggt var 1926-27. Kvíatangi gengur fram í staraspildu austan við Syðritjörn." segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru um 20 m norðan við Boðatjörn, rétt suðaustan við þar sem nýja prestssetrið er nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 2.

SP-200:020 frásögn um hesthús 65°33.926N 17°01.627V


Ungmennafélag Mývetninga byggði hesthús fyrir norðan félagsheimilið Skjólbrekku. Hesthúsið var rétt vestan við götuslóða að heimilinu, þar sem nú er hlað. Það var notað fyrir sveitarmenn sem komu til messu, þings og skemmtanna. Hesthúsið var byggt snemma á 20. öld en rífið skömmu áður en félagsheimilið var byggt um 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

SP-200:021 heystæðistöft 65°34.882N 16°59.123V

70-80 m norðvestan við 075 og 10-15 m norðvestan við Merkjatjörn er heystæði. Það er um 25 m austan við Mývatn. Tóftin er 6 X 4 m að stærð og er aðeins eitt hólf. Norðurvegg tóftarinnar vantar.

Hættumat: engin hætta.



SP-200:022 Smiðjutangi 65°33.919N 17°01.917V

"Hólmar eru engi frá Boðatjörn og suður. Smiðjutangi gengur fram í Stararspildurnar, vestan við Boðatjörn." segir í örnefnalýsingu. Smiðjutangi er lítill tangi beint sunnan við hlað milli bæjar (Skútustaða II) og kirkju. Tanginn er út í Boðatjörn en fyrir norðan hann tekur við brekka að kirkjunni. Tanginn er mjög lítill og ekki nema um 2 má breidd, líklegt verður því að teljast að sé hann kenndur við smiðju á þessum slóðum hafi hún staðið í brekkurótunum norðan hans. Þetta svæði er grasi gróið og engin merki smiðju sjást þar. Heimildamaður kannast ekki við að smiðja hafi verið á þessum stað, né heldur kannast hann við sagnir um að slíkt hafi verið í fyrri tíð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 2-3.

SP-200:023 frásögn um brunn 65°33.957N 17°01.930V

Brunnur var við gamla bæinn, sunnan megin þar sem nú er bakgarður. Brunnurinn hefur verið aflagður og ekki sjást merki hans lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

SP-200:024 þjóðsaga álagablettur 65°33.905N 17°01.854V

".. Járnbráarsker, sem er lágur, nokkurn veginn hringlaga hólmi í Syðri-Tjörn. Syðst í störrinni var brá ofan á. Þvílík brá er alltaf nefn hér járnbrá. Líklegt er að uppsprettan hafi heitið Járnbrá og skerið dregur nafn af. Sagt var að ef Járnbráarsker var slegið, þá fyki heyið." segir í örnefnalýsingu. Var svo til beint á móti Baldvinshúsi/Tjarnarbakka 030. Hólminn var aldrei sleginn í minni heimildamanns enda er hann mjög lítill. Hnit voru tekin 8 m norðan við hólmann á bakkanum sem næst hólmanum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 4.

SB-200:025 Heimreið leið 65°33.989N 17°01.927V


"Það (Hallgrímshús (012)) stóð vestan Heimreiðar, sem var gamall, niðurgrafinn vegur vestur á tún." segir í örnefnalýsingu. Heimreiðin lá áður austur yfir túnin að íbúðarhúsinu, en beygði þar aðeins til suðurs, meðfram kirkjunni og áfram til austurs. Ekki sést til gömlu heimreiðarinnar lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 3.

SB-200:026 Dagmálaborg

heimild um rétt 65°33.870N 17°01.310V



"Dagmálahóll er allstór hóll, nú að mestu tún, austan við Skjólbrekku. Austan við Dagmálahól er hraunborg, sem heitir Dagmálaborg og er notuð fyrir fjárrétt." segir í örnefnalýsingu. Dagmálaborg og réttin eru um 10 m sunnan við þjóðveg og milli 15-20 m austan við íbúðarhús sem er í byggingu (eign umsjónamanns Skjólbrekku), 5-10 m norðan við Dagmálatjörn. Í kring er lyngivaxið hraun. Hraunborgin er að mestu leyti náttúruverk en þó er mjög víða hlaðið í skörð. Að innan er hún nú á kafi í víði. Hún er hringlaga og 28 X 20 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 3.

SB-200:027 Dagmálavað heimild um vað
65°33.832N 17°01.074V

"Allstór tjörn er suður af Dagmálaborg [026], og heitir hún Dagmálatjörn. Milli hennar og Syðritjarnar er stararspilda, yfir hana suðvestur af Dagmálahól er Dagmálavað." segir í örnefnalýsingu. Um 150 m austan við íbúðarhúsið sem er í byggingu austan við Dagmálaborg og þar sem þjóðvegurinn er nú, var áður vað á spildunni.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 3.

SB-200:028 frásögn um brunn 65°34.029N 17°01.990V

Á móti heimreiðinni heim að Skútustöðum, norðan þjóðvegar, var áður hestabrunnur sem var aðaluppsprettulind bæjarins fyrir á tímum. Síðar var hætt að taka vatn þar og það þess í stað tekið úr brunninum sem var sunnan við gamla bæinn (001). Þegar heimildamaður fór fyrst að muna eftir sér hafði brunnurinn verið aflagður og síðar var þjóðvegurinn lagður yfir staðinn

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 3.

SB-200:029 Barnagull heimild um leikvöll 65°33.981 N 17°02.184V

"Sunnan við Skútustaði var kallað Barnagull, og var þar leiksvæði barna. Ekki var lengur leikið sér þar er I. Á. J. kom í Skútustaði, en var notað fram undir þann tíma. Nafnið mun hann ekki eftir að hafa heyrt fyrir" segir í örnefnalýsingu. Sunnan við bæjarstæðið er brekka niður að vatninu og er líklegast að svæðið við vatnsbakkann hafi verið það sem í örnefnalýsingu er kallað Barnagull en heimildamaður kannaðist ekki við heitið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 4.

SB-200:030 Tjarnarbakkahús heimild um fjárhús 65°33.933N 17°01.849V

"Baldvinshús, oftast nefnd Tjarnarbakkahús, voru fjárhús, sem stóðu á tjarnarbakka vestanvert á móti Járnbráarskeri." segir í örnefnalýsingu. Tjarnarbakkahús hafa verið um 20 m suðaustan við nýja presthúsið og 8 m norðan við Boðatjörn. Þar er dæld í túni á þeim stað sem brunnur var í útihúsinu var en önnur merki þess sjást ekki. Austan undir þessum húsum var Langahlaða en þar voru á tímabili sett á svið leikrit og því gegndi það tímabundið hlutverki leikhúss.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 4.

SB-200:031 *Paradís* þjóðsaga 65°33.920N 17°02.584V

"Borgir nefnist svæðið vestan við Skútustaði, milli þjóðvegarins og engjanna Borgarhorn er suðvesturhorn Borganna (Í Álftagerðislandi). Þar í horninu er hraunborg eða gjá á merkjum móti Álftagerði, sem heitir Paradís .." segir í örnefnalýsingu. Borgin eða gjáin er þar nyrst í engjunum en sunnan við taka Borgirnar við. Paradís er stór og mjög djúp klettaborg sem er gróin grasi og mosa í botninum. "Skammt frá Skútustöðum við Mývatn er gömul hraungjóta, sem nefnd er Paradís (Sögn séra Árna Jónssonar 1901). Gjótan er talsvert mikil ummáls og er í raun rétttri ekki annað en hraunblaðra, en loftið hefur fallið niður, svo að nú er gjótan opin. Ekki verður komist ofan í hana, nema sigið sé. Á gjótubotninum er jurtagróður mikill, og dregur hún líklega nafn sitt af því, hve fagurt þar er um hásumarið." Íslenskar þjóðsögur

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 5, Íslenskar þjóðsögur (ÓD), 461.

SB-200:032 *Þangbrandspollur* heimild um sögustað 65°33.997N 17°02.319V

"Í Borgunum miðjum er djúpur pollur, sem heitir Þangbrandspollur. Poll þennan vígði Þangbrandur og skýrði þar menn." segir í örnefnalýsingu. Þangbrandspollur er 10 m sunnan við Baldursheimsborg 033. Pollurinn er í botni eins konar borgar og hann var mjög djúpur þó að eitthvað hafi hann grynnt á síðustu árum.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Skútustaðir, 5.

SB-200:033 *Baldursheimsborg* réttarhleðsla 65°33.969N 17°02.262V

"Norðan við Þangbrandspoll [032] er Baldursheimsborg. Þar var messuhestarétt Baldursheimsmanna og var löguð til þeirra hluta." segir í örnefnalýsingu. Baldursheimsborg er um 10 m norðan við Þangbrandspoll 032. Að austan er hún náttúruleg hraunborg en er hlaðin er að vestan. Hraunborgin er um 200 m sunnan við þjóðveg.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 5.



SB-200:034 *Draugaborg* örnefni 65°34.076N 17°02.289V

"Vestur af Miklatorgi lá þjóðvegurinn yfir Draugaborg, en hún hefur nú verið jöfnuð við jörðu. Ekki er þekkt sögn um hana." segir í örnefnalýsingu. Draugaborg var sprengd þegar þjóðvegurinn var lagður. Hún var um 20 m vestan við þar sem verslunin Selið stendur nú. Heimildamaður kannast ekki við að hafa nokkru sinni heyrt sagnir um draugagang á þessum

stað.

Hættumat: hætta vegna vegar.


Heimildir: Ö-Skútustaðir, 5.

SB-200:035

stekkjartóft

65°34.461N

17°01.843V



"Norðan Akurhóls er hraunborg, sem heitir Hellraborg. Svæðið austur og norður frá henni heitir Hellrar. Norðan undir Hellraborg var Stekkur, og sjást ummerki hans." segir í örnefnalýsingu. Hellraborg er alveg norðaustast í Rófunum, á nesi. Þar sjást þar enn leifar stekksins. Mývatn er 40 m vestan við tóftirnar og einnig 50 m norðan við hana. Tóftin er 5 X 8 m að stærð en hellir gengur í vesturátt út úr norðvestur hlið hennar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 7.

SB-200:036 *Huldufólksklettar* huldufólksbústaður

65°34.089N

17°01.297V

Um 10 m vestan við Básaveg og 100-150 m norðan við þjóðveginn er klettur sem sker sig úr fremur sléttu landslaginu. Kletturinn er einskonar stapi eða

stöplaberg sem nefnt hefur verið Huldufólksklettar. Á berginu eru holur sem menn ímynduðu sér að væru gluggar á huldufólksbústaðnum.

Hættumat: engin hætta.

SB-200:037

Naust

uppsátur

65°34.154N

17°00.982V

"Básar er heildarnafn á allstóru svæði frá Kleifarhólum að Grænalæk og svo suður að Skollaklettum og Kúaspildum. Vestast í Básun, nokkuð austan við Syðri-Kleifarhól, heitir Naust, þar er skipauppsátur. Dráttur á Naust heitir einnig Naust, og rétt við Naust er startjörn sem heitir Nausttjörn." segir í örnefnalýsingu. Rétt vestan við Klettahólsvík eru smáklettar. Uppsáttrið var um 50 m austan við þá. Þar var uppsátur fyrir 2 báta og sjást V-laga skörð í bakkann á þeim stöðum sem uppsátrín voru.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Skútustaðir, 8.

SB-200:038 stekkjarmhleðsla
65°34.102N 17°00.592V

"Rétt sunnan við veginn, í suðvestur frá Fellshól, er Stekkur. Þar er hellisskúti og rétt." segir í örnefnalýsingu. Um 8 m sunnan við veginn og 20 m sunnan við Mývatn er stekkjartóft. Hún er um 40 m suðvestan við Fellshól. Þjóðvegurinn liggur sunnan í hólnum. Kletturinn er að suðvestan en frá honum er hlaðið í boga að norðaustan. Stekkurinn er sambland af náttúruverki og hleðslum. Hann er 10 X 7 m að stærð.

Hættumat: engin hættu.


Heimildir: Ö-Skútustaðir, 9.



SB-200:039 Hús

3 beitarhúsatóftir

65°34.656N 16°59.539V



"Norðan við Alsbjarg er Húsvík. Norður af henni eru Hús, tættur af beitarhúsum, sem stóðu í Mikley, en voru rifin 1932-33. Kringum þau Húsatún." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m vestur af Húsavík, á Mikley u.þ.b. miðri eru tóftir útihúsa. Þar eru grasi vaxnar hæðir og tvær tóftanna standa á sitt hvorri hæðinni og sú þriðja í lægð við Mývatn. Sú vestasta er 11 X 11 m að stærð og samanstendur af 4 hólfum. Hún er fremur stæðileg og standa hleðslur allt að 0,6 m. Hún stendur á hæð en 40 m beint fyrir neðan (og austan hana) er önnur tóft lítil rétt við Mývatn. Sú tóft er 4 X 5 m á stærð og einungis eitt hólf. Hún er niðurgráfin en hæð hennar innanfrá er 0,8 m. Þetta beitarhús tilheyrði þeim bændahluta jarðarinnar eftir að þar var sett prestsetur. Um 15 m norðvestan við hana á öðrum hól sem er mitt á milli hinna tveggja er þriðja tóftin sem er sú stæðilegasta. Hún er 12 X 16 m að stærð og skiptist í 5 hólfi. Hún er öll hlaðin en þakið hefur hrunið ofan í tóftina og því er hún ekki eins greinileg og ella. Þó má sjá að garði hefur verið í einu hólffanna. Þessi tóft tilheyrði prestsetrinu.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Skútustaðir, 9.

SP-200:040

tóft

65°34.075N

17°00.333V



"Upp á Fellshól er hleðsla, sem mögulega er stekkur, en J.Þ. telur, að svo sé ekki, enda ekki heyrt um það." segir í örnefnalýsingu. Hleðslan er suðvestast á Fellshól en þar eru grónir klettur. Tóftin er aðeins eitt hól og hluti af henni eru náttúrulegir klettur. Op er á tóftinni til austurs.

Hún er 8 X 4,5 m að stærð

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 9.

SP-200:041 *Arabrá*

heimild um brú

65°33.851N

17°01.090V

"Úr Dagmálatjörn rennur lækur eða skurður, sem heitir Arabrúarlækur, og rennur hann í Kúaspildur. Arabrá er gömul trébrú yfir skurðinn, talin byggð af Ara Helgasyni á Skútustöðum um aldamótin 1800." segir í örnefnalýsingu. Á þessum stað liggur lækur undir þjóðveginn um 150 m austan við íbúðarhúsið sem er í byggingu, vestan Dagmálaborgar. Brúin hefur horfið er vegurinn var gerður.

Hættumat: hætta vegna vegar


Heimildir: Ö-Skútustaðir, 10.

SP-200:042 *Mikaelstættur*

3 tóftir

65°34.774N

16°59.247V



"Húshver er austan við Hús [039] Austur og norður af Húshver er startjörn, sem heitir Drápa. . . . norður af Drápu eru Mikaelstættur. Sögn er að þar hafi búið maður með þessu nafni." segir í örnefnalýsingu. Mikaelstættur eru í Mikley, norðvestan við Drápu en um 30 m norðaustan við Húsatjörn. Á þessum stað eru 3 tóftir. Sú stærsta er mjög ógreinileg en virðist vera um 9 X 18 m að stærð. Í henni má greina um 5 hól og er inngangur á suðurhlið. Um 10 m suðvestan við þessa stærstu tóft er önnur minni eða 8 X 5 m að stærð.

Sú tóft er aðeins eitt hól.

Suðaustan við stærstu tóftina er einnig tóft sem er 12 X 5 m að stærð en hún skiptist í 2 hól.

Hættumat: engin hætta.

Heimild: Ö-Skútustaðir, 10.

SP-200:043 *Langabrá* brúarhleðsla 65°33.766N 17°01.181V


"Langabrá er grjótröð, sem lögð var yfir keldu suðaustur úr Dagmálatjörn. Langabrá liggur yfir stararspildu, sem heitir Löngubrúarkelda, og suður af henni er engi, nefnt Löngubrúarsund." segir í örnefnalýsingu. Steinar voru fluttir þar að til að hægt væri að ganga yfir spildurnar og út í engi þurrfóta. Þar er smá vegaslóði nú og hefur alltaf verið bætt í brúnna jafnt og þétt. Brúin er rétt austan við Skútustaði og um 20 m sunnan við veg.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 10-11.

SP-200:044 *Úthagagarður* heystæðistöft 65°33.127N 17°01.734V

"Úthagagarður eru mörg heystæði á samnefndum hraungarði, sem er sunnan við Þrætusund." segir í örnefnalýsingu. Hann er 50-60 m norðan við Úthagatjarnir og um 300 m vestan við Grænalæk. Garðurinn er fremur áberandi þar sem hann stendur hátt í landslaginu í engjunum og er einnig grónari en annað í kring. Á garðinum liggja fjögur heystæði í röð á hæð.



Samtals ná heystæðin yfir um 30 X 10 m svæði og eru svipuð af stærð þó að þau séu misskýr.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 11.

SP-200:045 *Oddsvarða* varða 65°33.346N 17°01.405V

"Norðan við Bárðarsund eru Stórusund. Þau eru sunnan við Löngubrúarsund og Breiðanessund. Í Sundunum er tjörn, sem heitir Oddsvörðutjörn og liggur að Vélarsneið. Oddsvarða stendur vestan við Sundin." segir í örnefnalýsingu. Lítið nes gengur út í tjörnina að norðan og þar hefur varðan líklega staðið en ekki sjást merki hennar lengur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 11-12.

SP-200:046 *Heybandsvegur* gata 65°33.797N 17°02.615V

"Vestast í landi Skútustaða er Heybandsvegur, gamlar götur úr Borgahorni, suður í engjar." segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá frá Skútustöðum og til austurs, síðan suður Rauðamel og yfir engjarnar. Vað var á leiðinni 100-200 m sunnan við bæinn en þetta svæði er gjörbreytt nú og ekki er hægt að greina vaðið við götuna, né heldur götuna á stóru svæði í engjunum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 12.

SP-200:047 *Engjakílsvað* heimild um vað 65°33.790N 17°02.620V

"Á Heybandsvegi suður af Rauðamel er Engjakíll og á honum Engjakílsvað." segir í örnefnalýsingu. Um 200 m beint suður af Skútustöðum var vað á Heybandsveginum sem kallað var Engjakílsvað. Til þessa vaðs sést ekki lengur enda er allt umhverfi í engjunum nú gjörbreytt frá því sem áður var (Sjá 046).

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 12.

SP-200:048 renna 65°33.443N 17°02.312V

"Miðmundatjörn, sem var eyktamark frá Skútustöðum, er allstór tjörn í engjunum. Úr henni var gamall skurður í Löngutjörn ... " segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn sést enn. Hann er mjög greinilegur, bæði djúpur og breiður.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 12.

SP-200:049 renna 65°33.778N 17°01.256V

"... úr Löngutjörn skurður í Dagmálatjörn." segir í örnefnalýsingu. Sunnan úr Dagmálatjörn sem er skammt sunnan við þjóðveginn liggur skurður í Löngutjörn. Skurðurinn er greinilegur en hann er vaxinn gulgresi.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 12.

SP-200:050 Vörðuklettur heimild um landamerki 65°33.474N 17°03.010V

"Í hrauninu yzt á merkjum er Vörðuklettur; þar eru merkin móti Álftagerði." segir í örnefnalýsingu. Vörðuklettur er á merkjum en ekki sést nein varða á honum. Klettabelti í annars sléttum engjunum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 12-13.

SP-200:051 Gerðisspildugarður garðlag 65°32.647N 17°03.069V

"Suður af Brjánsnestjörn er Austari-Gerðisspilda. Suður og suðvestur af tjörninni er Vestari-Gerðisspilda. Þetta eru stararspildur, studum nefndar saman Gerðisspilda. Gerðisspildugarður er milli þeirra og Nesjamosa, sem er suðvesturhorn landsins, milli Nesjatjarnar og Stóruspildu." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn er bæði í landi Litlustrandar og Skútustaða og eru a.m.k. tvö heystæði á honum innan merkja Litlustrandar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 15.

SP-200:052 Stóri-Heygarður heystæði 65°32.944N 17°02.834V

"Stóri-Heygarður er norður af Brjánsnestjörn austarlega. Austur og suðaustur af honum er Stóri-Heygarðsmór." segir í örnefnalýsingu. Stór og græn hæð í enginu sker sig úr sökum hæðarmuns og litarháttar. Á hæðinni má sjá merki eins greinilegs heystæðis og annars sem er ógreinilegra.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 15.


SP-200:053 Litlagarðsheystæði heystæði 65°33.130N 17°02.947V

"Litlagarðsheystæði er á Litlagarði en vegurinn um engjarnar liggur yfir þau nú." segir í örnefnalýsingu. Heystæðið var 100-200 m norðan við Stóragarðsheystæði. Á þessum stað sést mjög óljóst móta fyrir stæðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 15.

SP-200:054 Nesjagarður garðlag 65°32.704N 17°03.651V



"Nesjagarður er garður og heystæði norðan við tjörnina, í honum er Nesjamóahæystæði." segir í örnefnalýsingu. Nesjatjörn er á merkjum Skútustaða og Litlustrandar, skammt austan við merki Álftagerðis. Norðan við tjörnina er garður og heystæði. Garðurinn er um 40 m að lengd og 2 m á breidd en á honum er heystæði sem er 8 X 3 m að stærð.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 15-16.

SB-200:055 *Draughöfðar* 65°34.990N 16°59.027V

"Draughöfðar eru nyrzti hluti Mikleyjar, norðan við Þórðarfit. Draughöfðapartur var fjórði hluti af Mikley, eins og henni var skipt til heyskapar. Draugabolli er hver sunnan á hátoppi Draugahöfða ... " segir í örnefnalýsingu. Draughöfðar eru nyrst á Mikley og Draughverinn suður af þeim. Það er klettahver þar sem fjárskýli er enn.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 16.

SB-200:056 *Stóriskurður* renna 65°33.625N 17°01.825V

"Aðalskurðurinn, sem Álftungar kalla Stóriskurð, greinist í tvo skurði, skömmu áður en komið er í Skútustaðaengjar. Annar skurðurinn fer til austurs, en hinn til suðurs og sker sá skurður merki Álftagerðis og Skútustaða í Illkeldumosa. Rutt mun hafa verið ofan í skurðinn sunnan merkja nýlega." segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn sést greinilega að parti þó að rutt hafi verið ofan í hann annars staðar.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 16.

SB-200:057 *Stóriskurður* renna 65°33.019N 17°02.245V

"Aðalskurðurinn, sem Álftungar kalla Stóriskurð, greinist í tvo skurði, skömmu áður en komið er í Skútustaðaengjar. Annar skurðurinn fer til austurs ... liggur til austurs um Sperðilsflögu (sem er sunnan keldunnar Sperðishóls) nyrzt og áfram austur, en vinkilbeygir um 50 metra sunnan suðausturshorns Löngutjarnar til suðurs, og vestur af Oddsvörðutjörn syðst beygir skurðurinn til suðvesturs. Þar við beygjuna kemur annar skurður úr Úthagatjörnum, Lómatjörn og Rauðkutjörn, þar sem hann mætir hinum fyrrnefnda skurði norðarlega í engi Litlustrandar." segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn myndar eins konar V-horn til norðurs.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 16.

SB-200:058 heystæðistöft 65°33.364N 17°02.685V

Á Borginni í engjunum er heystæði um 800 m beint norðan við Stóraheygarð.

Hættumat: engin hætta.

SB-200:059 *Stóruspildugarður* garðlag 65°32.843N 17°03.392V

"Skútustaðaengjum var um alllangt skeið skipt í fjóra hluta, og voru skipti á þeim árlega. Ef röðin hefst við Álftagerðis merki: Vestasti partur Merkjálína að austan, frá hústöft, sem sást fyrir, suðvestan á Hjallhól. Þaðan lína um Klofaklett vestari, sama lína áfram í þúfu á Stóruspildugarði." segir í örnefnalýsingu. Stóruspildugarður stendur enn þó að ekki sé greinilegt við hvaða "þúfu" á garðinum sé átt við. Stóruspildugarður er í Stóruspildu sem er við Hólmaengistjörn Garðurinn er um 50 m langur og um 2 m á lengd. Hnit voru tekin á garðinum miðjum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 17.

SB-200:060 heimild um rétt 65°34.615N 17°00.458V

"Strokkhöfðar heita suðvesturhluti Mikleyjar, vestan Kerlingarfitjar. ... Norðvesturhornið á Strokkhöfðum heitir Réttarbjarg, og norðan undir því, þar sem gengur fram í vatn, er Rétt."

segir í örnefnalýsingu. Réttin er á vestasta hluta Mikleyjar. Tanginn er syðst á eyinni og hann skagar 8 m vestur í Mývatn. Hann er grasi gróinn en í kringum hann er fremur þverhnífi. Þarna eru engar mannvirkjaleifar og telur heimildamaður ekki líklegt að þær hafi nokkru sinni verið á þessum stað. Mögulega hefur tanginn verið notaður sem aðhald þegar féi var smalað saman í eyinni að hausti og nafnið sé af því dregið.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Skútustaðir, 19.

SP-200:061

Flati 2 heystæðistöftir

65°34.434N

17°00.156V



"Strokkhöfðar heita suðvesturhluti Mikleyjar, vestan Kerlingarfitjar. Norðan á Strokkhöfðum eru Strokkbollar . . . Þar sunnan við er Flati og á honum gömul heystæði." segir í örnefnalýsingu. Rétt austan (og örlítið sunnan við) Kerlingarfit og milli 30-40 m austan við Mývatn. Þar sjást a.m.k. 2 heystæði. Annað heystæðið er 8 X 6 m að stærð en 4 m vestan við það er annað stærra 16 X 7 m að stærð. Nyrst í því heystæði er hringlaga töft. Þarna eru kartöflugarðar í dag.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 19-20.

SP-200:062 *Skipeyri*

uppsátur

65°34.566N

17°00.548V

"Syðst og vestast á Strokkhöfðum er Skipeyri. Skipeyri eru drættir bæði sunnan og vestan á samnefndri eyri." segir í örnefnalýsingu. Uppsátur var í raun á sandtanga sem gekk til suðvesturs. Hann breytir nokkuð um lögun eftir vindi en er engu að síður gott uppsátur og er enn notaður í því skyni.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 20.

SP-200:063 *Kerling*

örnefni

65°34.458N

17°00.245V

"Kerlingahöfðar eru sunnan á Milkley. Vestan í þeim er klettur, nefndur Kerling, gegnt Karli í Stakhólstjörn. Þau eru bæði sögð nátttröll." segir í örnefnalýsingu. Kerling stendur austast í Kerlingarvík. Hún skagar í vestur á móti Karli sem þar er í landi. Kerlingarbolli er norðvestan við kerlingu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 20.

SP-200:064 *Karl*

örnefni

65°34.452N

17°01.162V

"Kerlingahöfðar eru sunnan á Milkley. Vestan í þeim er klettur, nefndur Kerling, gegnt Karli í Stakhólstjörn. Þau eru bæði sögð nátttröll." segir í örnefnalýsingu. Karl er norðaustast í Rófum. Hann er beint á móti Kerlingu sem er í Mikley en Mikleyjarsund er á milli. Karl er klettadrangi sem frá vatninu séð líkist luralegum karli í laginu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 20.

SP-200:065

Folaldataettur

hesthústóft


65°34.424N

17°00.082V

"Hæstu punkturinn á Kerlingarhöfðum heitir Folaldataættur. Þær fengu nafn af því, að þar hafði verið byggt yfir þrjú folöld." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar eru um 100 m norðaustan við Kerlingu. Beint norður af Fellshorni. Tóftirnar eru mjög ógreinilegar og á kafi í grasi.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 20.



SB-200:066 *Messugötur* leið 65°33.950N 17°01.940V

"Messugötur, lágu frá Skútustöðum, vestur yfir mýrarnar að Kráká." segir í örnefnalýsingu. Messugötur lágu að gömlu kirkjunni, framhjá gamla bænum. Ekkert sést til þessara gatna lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 20.


SB-200:067 *Þórunnartættur* tóft bústaðar 65°34.628N

16°59.819V

"Norðan við Mjóubáru er Svartafit. ... Norðan Svörtufitar er Bjargahver. ... Norðvestur af honum er Þórunnarbjarg. ... Austanvert við bjargið eru Þórunnartættur. Þar stóð bær, sumarbústaður Þórunnar ríku." segir í örnefnalýsingu. Þórunnartættur eru beint norðvestan við Bjargahver og líklega um 100 m norðvestan við Mjóubáru. Á þessum stað eru 2 tóftir á hæð. Báðar eru eitt hólf og er önnur er 5 X 7 m, hin 2,5 X 2, 5 m að innanmáli en svo stutt er á milli tóftanna að þær gætu hafa verið sambyggðar. Um 10 m norðaustan við tóftirnar er enn önnur tóft eða balli, 4 X 10 m að stærð.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Skútustaðir, 21.




SB-200:068

2 heystæðistöftir

65°34.543N

17°00.366V



Á Strokkneshöfða eru tvö, nokkuð greinileg heystæði. Á þessum stað eru tvær heystæðistöftir. Önnur er 5 X 5 m en hin sem er 12 m vestar er 4 X 6 m. Báðar eru ferhyrndar, eitt hólf.


Hættumat: engin hætta.

SB-200:069

tóft

65°34.918N

16°59.069V



Norðan í Syðri-Höfðum en sunnan við Þórðarfit er í halla tóftarbrot. Er um 80 m frá Mývatni báðum megin. Mýri er norðan en annars eru þýfðir grasi grónir hagar allt í kring. Tóftin er líklega eitt hól 7 X 4 m.

Hættumat: engin hætta.

SP-200b Skútustaðir (afrétt)

Skútustöðum tilheyrir afréttarland fyrir sunnan Baldursheim sem nær suður í Ódádahraun. Kráká er á austurmerkjum við Grænavatn.


1712: "Afrjettarland á staðurinn, sem Framdalir heita og Suðurárhraun, sá afrjettur liggur hálfa þíngmannaleið fram frá Mývatni, og er mestallur kominn í holt og sanda, hefur þángað því ei brúkast upprekstur í margt ár, en áður var þángað rekið lömb og geldfje úr þessari sveit fyrir afrjettartoll. ... Úthagarnir eru mjög litlir og hrjóstrugir, og því verður staðurinn að brúka selför á Hólavatsheiði, sem staðurinn eður kirkjan á með frjálsu með tilliggjandi landi, og er þángað undir hálfa þíngmannaleið, víða slitrótt og seinfært." JÁM XI, 229, 230. Um Hrútvíðirsel segir einnig í jarðabókinni að menn viti ekki "hvort hún er í Baldursheims heimalandi eður Skútustaðakirkju landi, en þó hafði Skútustaða eigandi alt afgangið kotsins eftir það hann hafði afsalað sjer hálfan Baldursheim ... " Þar segir enn fremur að 1 kýr hafi kunnað fóðrast freklega "mestan part af þeim eingjaparti sem Skútustaða eigandi lagði kotinu til af Skútustaða engi, sem presturinn sr. Bjarni [eigandi hálfs Baldursheims] vill nú brúka í því nafni að það liggi undir kotið." JÁM XI, 225. Magnús Sigurðsson hafði átt hálfa Skútustaði og allan Baldursheim en hafði skömmu fyrir 1712 selt helming Baldursheims. 1712 átti Reykjahlíð "Geldfjárrekstur í Hafurstaðahlíð í Skútustaða afrjett." JÁM XI, 237. Í jarðabókinni er einnig sagt frá Yxnadal, Króksdal, Hafurstaðahlíð og Sandárnesi sem séu örnefni fyrir austan Skjálfandafljót og að þar séu almenningar til uppreksturs, "fyrir afrjettarfje úr Bárðardal austan fram, og so hafa Reykdælíngar stundum brúkað upprekstur í þennan almenníng. ¹¹ JÁM XI, 144. Enn fremur segir þar frá eignarítaki Einarstaðakirkju: "Staðurinn á og hálfa Hafurstaðahlíð móts við Amvetnínga og Öxnadal allan, afrjett allan fyrir ofan Krossá og Sandmúla allan og Hátún. Þessi ítök liggja fram af Fljótsheiði fyrir austan Skjálfandafljót." JÁM XI, 181.

SP-200b:001

Hólavatnssel 3 seltóftir

65°28.923N

17°10.969V



"Hólavatnssel. Rústir á Hólavatnsás við Vestara-Hólavatn í heiðinni um 2.5 km vestnorðvestur af Krákárbakka." segir í söguminjaskrá. Um 100 m austan við suðurenda Vestra/Syðra Hólavatns er breitt og lágt vik í ásin og lítill tjörn í hvompu í því vestarlega. Um 70 m NNA við hana eru rústir Hólavatnssels, norðan og ofantil í vikin. Í grónum lyngmóa, í viki á lágum og mjóum ás, sem er blásinn efst. Vestan við er stöðuvatn og sléttar mýrar þar vestur af en austur af eru lyngmóar og mýrar til skiptis. Áveituengið Kúafлага var við suðurenda Eystra Hólavatns spölkorn norðan við selið. Á þessum stað eru 3 tóftir. Aðaltóftin er efst og vestast, grjóthlaðin með tvöfaldri hleðslu, 12x6 m að utan. Það er einföld fjárhústóft (6x3 m) og minna hús (2x3 m) aftan við hana. Þessi tóft er byggð ofaná eða til hliðar við eldri hleðslu, annað ámóta stórt hólif samhliða austan við (8 x 3 m að innan) og lítill tóft (4x4 m) þar aftan við. Áfast hólfinu er annað mun stærra, 11x8 m að utan, með mjóum veggjum, grjóthlöðnum en grónum, sem af stærðinni að dæma hefur verið rétt. Þessi tóftaþyrping er á breiðri en lágri rústabungu. 4 m sunnan og neðan við SA horn réttarinnar er stök aflöng tóft með dyr á suðurgafli, 8x4 m að utanmáli. Hún er einnig á lítilli rústabungu. 14 m austan við hana er hringlaga rústahóll, 12 m í þvermál, og eru í honum 2 aflangar hvompur samhliða, báðar um 6 m langar og skiptist sú eystri í tvennt með millivegg. Dyr eru ekki greinilegar á þessum tóftum og eru þær greinilega mun eldri en hinar vestari. Austan við þennan rústahól er þýfður hvammur og eru þar mögulega fleiri mannvirkjaleifar.

Hættumat: engin hættu.

Heimildir: AFSkút e HH.

SB-200b:002 *Kolatarfa*

"Suðvestur af Syðsta-Sveig í Baldursheimsheiði á melnum suður af Svartholti er Kolatorfa." segir í örnefnalýsingu. Kolatorfa er rétt suður af merkjum afréttarins og Baldursheimslands, skammt sk 27 m. austan við Leiðarhól og Leiðarhólstjörn. Á þessu svæði skiptast á mýrar og móaholt og sér hvergi til kolagrafa.

Heimildir: Afréttur og Selland Skútustaða, 1.

SB-200b:003 *Skútustaðir* heimild um bústað

1712: "Skutustader kallast fornt eyðiból í Mikley í Skútustaðaafrjett, er liggur fram og austur

frá Stóru Túngu landi. Þar eru miklar girðingar og tóftarústir, og er sagt að Skútustaðir við Mývatn hafi staðið hjer í fyrndinni, so þykjast og kunnugir menn hafa sjeð hjer kirkjugarðsleifar fyrir nokkrum árum. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstaðið er komið í blauta mýri, en úthey engin." segir í jarðabók Árna og Páls. "Í Mikley eru bæjarrústir, sem nefndar eru Skútustaðir, og til eru sagnir um, að þar hafi verið kirkjustaður ... " segir í örnefnalýsingu. Daniel Bruun hafði nokkrar athugasemdir við texta jarðabókar í Árbók hins íslenska fornleifafélags á bls. 71- 72: "Í þessari frásögn er ýmislegt athugavert. Skútustaðir hafa frá öndverðu staðið á sama stað við Mývatn, sem þeir nú eru, og getur því ekki komið til nokkurra mála, að bærinn hafi verið fluttur þangað úr öðrum stað, en alt þetta land, sem hér ræðir um, hefir legið og liggur enn undir Skútustaði og er því sennilegt, að hér hafi upphaflega staðið sel heimajarðarinnar og því verið kallað Skútustaðasel, en þó hefir þar verið reglulegur bær ("Vetrhús") um langan tíma og þá helzt eftir það er hætt var að hafa þar í seli; það sýna tóftirnar og hinn mikli öskuhaugur. Það hlýtur og að vera misskilningur, að þetta land hafi heitið Mikley, því að svo er að eins nefnd ey ein í Mývatni, er liggur undir Skútustaði, heldur hefir landið, ef til vill, verið kallað Miklimór, því að svo er nú kallað landið suður frá Svartárkoti, eftir því sem bankagjaldkeri Halldór Jónsson segir, en hann er gagnkunnugur um þessar slóðir. Þessum tveim nöfnum er því líklega ruglað saman í jarðabókinni. Enn fremur er næsta ólíklegt, að hér hafi verið kirkja, enda sjást þess nú engin merki, en vera má að beinin úr öskuhauginum hafi orðið tilefni til þeirra getgátu." Brunn hélt að með Skútustöðum væri átt við Hrauntungu en það kemur ekki heim og saman. Í Mikley er nú hvergi að sjá rústir. Að sögn kunnugra mun talið að Suðurá hafi breytt farvegi sínum fyrir nokkrum áratugum og renni nú mun norðar en áður og sé Mikley sú er nú er í ánni ekki sú sama og áður var og geti rústanna verið að leita sunnan við eyjuna. (Sveinn Helgason á Grænavatni í samtali við OV 28.8.96)

Heimildir: JÁM XI, 146; Ö-Afrétt og selland Skútustaða, 7; Ódádahraun II, 140-41 og DB í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898, 71- 72.

SD-200b:004

gripir

legstaður

Þórður Flóventsson segir frá því í bók sinni um laxa og silungaklak að á tanga einum í Mikluey hafi árið 1902 fundist gaffl úr líkkistu o. fl., er bendi til, að þar hafi verið grafreitir. Tangi þessi var áður grasi gróinn, en mun nú örfoka. Þessi frásögn gæti tengst munnmælum um kirkju á Skútustöðum í Mikley.

Heimildir: Laxa og silungaklak á Íslandi, 191; Ódádahraun III, 141.

SD-200b:005

gripir

einhversstaðar á Framfjöllum ca. 1840: "Fyrir fám árum fannst hér í afréttinni á Framfjöllum sverð, eflaust frá fyrri tíðum, sem var afhent sál. kansallíráði Th. Björnsen." SSP, 127 Ekkert er vitað um hvar á Framfjöllum þetta sverð fannst eða hvað varð af því. Gæti eins verið á austurafrétt Bárðdæla.

Heimildir: SSP, 127.

SD-200b:006

garðlag

stífla


65°28.073N

17°10.363V

"Hólavatskíll rennur úr austara [Hólavatni] yzt (þar er ásin slitinn í sundur), vestur í tjörn, sem er í Grænpollamýri . . . Þá var Hólavatskíll stíflaður og leysingavatn hækkaði í vatninu." segir í örnefnalýsingu. Vestan með Eystra/Nyrðra Hólavatni er lágur og mjór ás og er í hann skarð norðarlega og rennur í gegnum það lækur í tjörn í mýrinni vestan við. Í viki í malarás sem er bakki á stöðuvatni, en vestan við hann er sléttur mýrarfláki og tjörn skammt frá. Leifar stíflunnar sjást enn í vikinu og hefur hún verið gerð úr grjóti og torfilmold og legið í boga inn í vikið. Stíflað var á þessum stað til að hækka vatnsborð Eystra Hólavats svo að vatnið flæddi yfir suðurbakkann á Kúafloðu en vatnsbakkinn er hár meðfram allri vesturhlíð vatnsins og einnig nokkuð hár austanmegin norðantil. Við norðurbakkann er sandfjara og reglulegur og breiður gróinn kantur þar upp af á um 60 m bili og gæti hann að einhverju leyti verið mannaverk.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Afrétt og selland Skútustaða, 2.



SP-200b:007 *Vörðuás*

65°27.167N

17°06.819V

Vörðuás er lágur en breiður ás sem liggur N- S vestan við Kráká. Norðurendi er skammt sunnan viðgróinn kantur þar upp af á um 60 m bili og gæti hann að einhverju leyti verið mannaverk. Leiðarhól - sem er á merkjum afréttarins - en suðurmörk eru skammt fyrir sunnan Krákárbakka .. Ásin er flatur að ofan, allt að 400 m breiður og alveg blásinn. Engar standandi vörður eru á ásum en ekki var gerð dauðaleit að vörðustæðum.

SP-200b:008 *Garðssel* heimild um sel

1712: "Úthagar [Garðs] eru litlir, og er því jörðunni af eiganda til lögð selför á Hólavatsheiði þar sem kallast Garðssel, en menn vita ógjörla hvort það er Skútustaða eða Baldursheims land, með því þá var einn eigandi allra jarðanna þriggja." Örnefnið Garðssel er nú glatað og er ekki vitað hvar það hefur verið. Hugsanlega hefur það verið á sama stað og Krákárbakki eða Katrínarsel. Til þess síðarnefnda gæti bent að 1736 er Baldursheimur seldur með því skilyrði að Garður eigi þar fría selför - AÍ XII, 503.

Heimildir: JÁM XI, 233

SP-200b:009 heimild um útilegumannabústað

Árni Grímsson útileguþjófur á að hafa hafst við í helli einhversstaðar suður af Bárðardal 1747. Þingeysk sögn að Árni og félagar hans tveir hafi hafst við í Suðurárbotnum.

Heimildir: . ATH IA IV, 405, 675; Árbækur Espólíns X, s. 12; Sagnaþættir Þjóðólfs (1947), 148-78; II, 2-15. ÞSS X, 367; Ódáðahraun II, 416-18.

SP-200b:010 *Hafursstaðir* heimild um býli

1712: "Hafurstader kallast fornt eyðibýli í þessum almenningi á Hafurstaðahlíð, og sjást þar enn nokkur byggingamerki rústa og girðinga. Ekki má þetta eyðiból aftur byggja, því að það er viði vaxið, en heyskapur enginn." segir í jarðabók Arna og Páls. "Vestan við Grafarlönd [allmikið haglendi sunnan við Sandá], hallandi mót vestri er Hafursstaðahlíð. Vestan hennar meðfram fljótinu eru Hafursstaðeyrar. Eyðibýli frá fornöld er við hlíðina, það heitir Hafursstaðir. Þar má sjá tættur. Nesið norður frá Grafarlöndum mun heita Sandárnes." segir í

örnefnalýsingu. Í Hafursstaðahlíð, milli Sandár og Sandmúladalsár. Um 1700 var landsvæði þetta allt víði vaxið, en nú er mest allt land með Hafursstaðahlíð blásið. Skv DB sáust enn rústir sels eða bæjar á þessum stað árið 1897 en ekki kom hann þar sjálfur, Árb 1898. ÓJ:

"Enginn hefur getað vísað mér á þessar rústir, sem ættu að vera einhversstaðar milli Sandár og Sandmúladalsár, og ekki hef ég komið auga á nein merki þeirra, þótt ég hafi skyggnt nokkuð eftir þeim. Vera má að rústir Hafursstaða hafi orpizt sandi, en mest allt land með Hafursstaðahlíð er blásið. ¹¹segir Ólafur Jónsson, Ódádahraun III, 139 Hugsanl, að rústir undir Sandmúla sem enn sjást séu af Hafursstöðum og Hafursstaðahlíðin hafi þá færst til. Þórður Flóventsson frá Svartárkoti talar þó um rústir á tveimur stöðum og kallar Efri- og Neðri Hafursstaði - ÞF Laxa og silungaklak á Íslandi, s. 191. 1840: talið meðal eyðibýla sem prestur veit um, SSP, 103 1972 er Sigurður Þórarirínsson á ferð á Króksdal: "Allmiklu norðar [en Sandmúlarúst], rétt norðan við lækinn frá Grafarlöndum vestri [Sandá?], fundum við greinileg garðlög og auk þess steina norðan í barði, sem örugglega eru komnir þangað af mannavöldum, því þeir eru úr hrauninu sem er nær 1 km norðar. Þeir voru það djúpt í barðinu að þeir hljóta að vera fornir á þeim stað og virtust vera hleðslusteinarnar." SP í Árb. 1976, 24-25.

Heimildir: JÁM XI, 144; Ö-Afréttur og selland Skútustaða, 9; Ódádahraun III, 138- 39; Árb 1976, 24-25.

SP-200b:011 undir Sandmúla bæjarstæði býli

"Undir Sandmúla sunnan ár er fornaldarbýli, sem heitir Sandmúli." segir í örnefnalýsingu. ¹¹...undir Sandmúlanum, sunnan Sandmúladalsár, [eru] greinilegar bæjarrústir. .. ¹¹ Ódádahraun II, 139. "Skammt innan við Sandmúladalsá eru rústir af allstórum bæ ... Rústirnar undir Sandmúla minna á rústirnar í Stöng í Þjórárdal. Þar er að sjá seyðisgrýfur af sama tagi, og þar fann ég [Steindór Steindórsson] hlut úr tafli og perlu úr steinasörvi, sem vissulega bendir á háan aldur rústanna.!" .. jarðvegur allur er þar brott fokin, svo ekki er þar annað eftir en grjót úr veggjum og svo mikið af beinahasli." Ódádahraun III, 139. "Haustið 1908 og sumarið 1909 fann Erlendur Þórðarson frá Svartárkoti, [síðar] prestur í Odda á Rangárvöllum, þarna ýmsa muni, er hann færði Matthíasi Þórðarsyni, þjóðminjaverði. Þar á meðal var hluti úr vefjarskeið úr hvalbeini, steinbolli, líklega steinlampi, jámmél, hnífsblöð, önglar, perlur, snúðar úr steini og beini, greiðubrot og 304 grömm af fornu gangsilfri. Voru það 36 smábútar, þar á meðal bútar úr hringum og menjum eða öðrum skrautgripum. Telur MB [140] fund þennan óræka sönnun þess, að þarna hafi verið býli á landnámsöld eða söguöld./ Sumarið 1910 grefur Heinrich Erkes í rústirnar undir Sandmúlanum. Kom hann þá niður á eldstæði, er hann hugði smiðju. Í rústunum fann hann 25 muni, sem voru sendir á Þjóðminjasafnið í Reykjavík. Meðal muna þessara var járnhaki, naglar, hnífsblöð, hárkambur úr beini, kljásteynar, kvarnarsteinn o.fl. smávegis." 5884. Þjms. 11902, lítill hringprjónn, lengd 5.6 sm fannst einnig í Sandmúlarústum - KEKH, 320-22. Ódádahraun III, 139-40. Árbók 1909, 24-31; Erkes í Geogr Tidskr 21, 233-38. Silfursjóðurinn er Þjms.

Heimildir: Ö-Afréttur og selland Skútustaða, 9; Árb. 1909, 24-31; SS: Gróðurbr. frá landnámi, 36; KEKH, 314-17, 368.

SP-200b:012 leið

"Að austan er snarbrött fjallshlíð niður í Fljótið. Óljósir götutroðningar liggja þarna norður með Fljótinu, hátt upp í þverbrattri hlíðinni, en ekki munu þeir henta svimagjörnu fólki, og þótt sú leið sé sækjandi fyrir gangandi mann, er hún illfær með hesta, því að auk þess sem gatan er tæp, svo að lítið virðist mega út af bera, eru þarna víða smá grófir og skorningar, sem geta verið hestum háskalegir. Betri leið með hesta er upp úr Hraunárdal yfir múlann og austur í Öxnadal." Ódádahraun I, 174 í snarbrattri fjallshlíð

Heimildir: Ódádahraun I, 174.

SP-200b:013

sæluhús

"Þar skammt suður frá dalsmynninu austanverðu [í Öxnadal] er dálítill leitarmannakofi ... " "Nyrzt [í Öxnadal] er geysipykkur jarðvegur í dalnum, sundur skorinn af grófum, sem eru margir metrar á dýpt." Ódádahraun I, 17 5 "... leitarmannakofi, sæmilegt hús, en gersneytt öllu, sem til þæginda má telja." Ódádahraun I, 175

Heimildir: Ódádahraun I, 17 4-75.

SP-200b:014

legstaður

"Norður af mynni Öxnadals er allbratt niður að fljótinu, og heitir þar Bálabrekka. Þar hafa fundizt mannabein fyrir nokkru, og er þar enn hauskúpa ein fönguleg og vel varðveitt." Ódádahraun I, 17 6

Heimildir: Ódádahraun I, 176.

SP-200b:015

tóft+ gerði

sæluhús

Leitarmannakofi og rétt við mynni Kolmúladals: "Þarna var til skamms tíma leitarmannakofi niðurgrafinn og hlaðinn saman að ofan. Hann er nú fallinn með öllu, en lítið aðhald fyrir kindur er hlaðið norður við hraunjaðarinn." Ódádahraun I, 179 á gróðurrönd meðfram hraunbrúninni sem er fyrir mynni dalsins - Þetta er **nú** á leitarsvæði Mývetninga - Langt er síðan hætt var að nota kofa þennan og gistu gangnamenn í Svartáarkoti þar til byggingar hófust við Stóruflesju í Suðurárbotnum um 1980 - BBSÞ, 355

Heimildir: Ódádahraun I, 179.

SP-200b:016

legstaður

"Þarna upp undir hlíðinni [Hafursstaðahlíð] er dálítill hrúga af smásteinum og kringum hana slangur af mannabeinum. Líklega er þetta forn dys, sem þarna hefur blásið upp." Ódádahraun I, 180

Heimildir: Ódádahraun I, 180.

SP-200b:017

Kolmúli

örnefni

kolagröf

Kolmúladalur er austasti dalurinn nyrst á Bárðdælaafrétt, austan við Hafursstaðaheiði og Álftatjarnarflæðu. Útbruni rennur framan við mynni dalsins, heimild um kolagerð?

Heimildir: Herforingjaráðskort.

SP-200b:018

heimild um sel

Skv. Hrana sögu hrings átti Helgi krókur selstöðu í Öxnadal

Heimildir: Sagan af Hrana hring.

SP-200b:019

Kofatorfa

örnefni

kolagröf

"Sunnan við Hafursstaðahlíð gengur dalur inn í hálendið, mjög langur, og heitir hann Sandmúladalur. Hann er norðaustan við Sandmúla. Eftir dalnum kemur Sandmúladasá, og meðfram henni er Kofatorfa."

Heimildir: Ö-Afréttur og selland Skútustaða, 9.

SP-200b:020

Sandmúladasakofi

heimild um kofa

"Ofan við Kofatorfu [019] er Sandmúladasakofi í dalnum."

Heimildir: Ö-afréttur og selland Skútustaða, 9.

SP-200b:021

Skinnhúfuaðhald

heimild um rétt

"Skinnhúfutjörn er sunnar og austarlega í Miklamó, og vestan við hana var Skinnhúfuaðhald, notað til 1929."

Heimildir: Afréttur og Sellands Skútustaða, 3.

SB-200b:022 heimild um býli

"Skammt innan við Sandmúladalsá eru rústir af allstórum bæ [001] og enn innar tvennar rústir, hinar innri rétt neðan við mynni Öxnadals." 1972: "Sagt er að rústir séu sunnar [en Sandmúlarúst], austan megin ár, en ekki veit ég nánar um þær." segir Sigurður Þórarinnsson sem kannaði rústir á Króksdal með Jóni Sigurgeirssyni frá Helluvaði 1972. - Árb. 1976, 24.

Heimildir: Steindór Steindórsson: Gróðurfar frá landnámi, 36.

SB-200b:023 heimild um býli

"Skammt innan við Sandmúladalsá eru rústir af allstórum bæ [001] og enn innar tvennar rústir, hinar innri rétt neðan við mynni Öxnadals."

Heimildir: Steindór Steindórsson: Gróðurfar frá landnámi, 36.

SB-200b:024 heimild um býli

"Einnig eru minjar um byggð, óljósar rústir og viðarkol í Grafarlöndum vestri, skammt austur af Hafursstaðahlíð."

Heimildir: Steindór Steindórsson: Gróðurfar frá landnámi, 36.

SB-200b:025 gripir

Öxi fannst í sandflagi á Bárðardal, framarlega. Nánari staðsetning ekki þekkt, gæti verið austan fljótsins. Þjms. 1598: Öxi. "Gerðin minnir á K-gerð, oddana vatnar þó að mestu, 11.5 sm að lengd, augað meira í annarri hliðinni, og framan við það þeim megin eru fjögur upphleypt bönd um þvert; mikið til


Heimildir: KEKH, 285.

SP-201

Dýrleiki óviss 1712,
 hjáleiga Skútustaða.
 Byggð fyrir manna
 minni skamt út frá
 staðnum, afdeild einasta
 að túni og engjum.
 Talin 10 hdr. 1839 -
 SSP, 123. Jörðin
 skiptist á Álftagerði 1-
 IV. Álftagerði I er 1/4
 hluti jarðarinnar,
 Álftagerði II er 1/4 hluti
 jarðarinnar, Álftagerði
 III er 3/10 hluti
 jarðarinnar og
 Álftagerði IV er 1/5
 hluti jarðarinnar.


1919: 1,8 ha. 4/10
sléttað, garðar 84 m2.
1839: " landlítill,
heyskapur sæmilegur.
Liggur vel við flóaveiði
en eggver ekkert." SSP,
123.

Heimildamaður:
Arngrímur Geirsson
fæddur í Álfagerði
1937.



SP-201:001 *Álftagerði* bæjarhóll

65°34.163N 17°02.829V



Gamli bærinn stóð sem nú er stutt brekka milli hlaðs og þjóðvegjar. Bærinn náði að girðingu á Álftagerði II. Þjóðvegurinn liggur yfir hluta svæðisins. Síðustu leifar gamla bæjarins voru jafnaðar út um 1965.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.**Heimildir:** Túnkort 1919.**SP-201:002** bæjarhóll bústaður

65°34.175N 17°02.853V

Um 10 m norðvestan við 001 var annar bær sem brann um svipað leyti og 001 var rifinn, um 1965.

Þessi bær var um 5 m norðan við þar sem nú er þjóðvegur, á milli íbúðarhúsa í Álftagerði I og Álftagerði II. Stóð þar sem nú er grösug brekka.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.**Heimildir:** Túnkort 1919.**SP-201:003** *Barðshús* heimild um fjárhús 65°34.212N 17°02.831 V

"Yzt og vestast á gamla túninu voru fjárhús, sem hétu Barðshús." segir í örnefnalýsingu. Um 70 m norðvestan við 001 og rúmum 50 m norðvestan við þar sem stafn 002 hefur verið var Barðshús. Skammt vestan við íbúðarhúsið í Álftagerði I, þar sem nú er garður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.**Heimildir:** Túnkort 1919 og Ö-Álftagerði, 1203.**SP-201:004** *Langhús* heimild um fjárhús 65°34.181N 17°01.941V

"Langhús var fjárhús vestur á túni; þar eru nú fjárhús Gests Jónssonar." segir í örnefnalýsingu. Langhús voru þar sem nú er þjóðvegur um 70 m vestan við 001. Fjárhúsið var beint sunnan við súrheysturninn sem stendur nú norðan Þjóðvegjar ..

Hættumat: hætta vegna vegagerðar.**Heimildir:** Túnkort 1919.**SP-201:005** *Stórhús* heimild um fjárhús 65°34.125N 17°02.888V

"Stórhús voru fjárhús stutt vestur af Litlahver, þar sem nú eru fjárhús Dagbjarts Sigurðssonar." segir í örnefnalýsingu. Stórhús stóðu þar sem hlaða og fjárhús eru nú, um 30 m sunnan við 004 og þjóðveginn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.**Heimildir:** Túnkort 1919 og Ö-Álftagerði, 1204.**SP-201 :006** frásögn um fjárhús 65°34.11 0N 17°02. 786V

Um 50 m suðaustan við gamla bæinn (001 eða 002) var áður fjárhús þar sem nú er bílskúr. Síðustu leifar þessa fjárhúss voru sléttaðar út 1982 þegar riða kom upp á bænum. Húsin voru kennd við Halldór Kristjánsson og tilheyrðu Álftagerði III og IV.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.**Heimildir:** Túnkort 1919.**SP-201:007** frásögn um útihús 65°34.099N 17°02.786V

Um 15 m suður af 013 og rúmum 30 m suður af 006 var útihús sem rífið var þegar þar var byggt steipt hesthús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

SB-201:008 *Árnaborg* heimild um fjárskýli 65°33.284N 17°03.465V
"Vestur undir Stórhól er hringlaga borg, sem heitir Árnaborg. Þar stóð Árni á Sveinsströnd yfir fé og ber því nafn hans." segir í örnefnalýsingu. Árnaborg er ein hæsta hraunbólán á þessu svæði og þar er lítil varða. Er beint vestur af Vörðukletti í engjunum, um 150 m vestan við Merkjaklett. Lítur út eins og gervigígur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1207.


SB-201:009 *Gömlukvíar* heimild um kvíar 65°34.249N 17°02.903V
"Gömlukvíar voru tóttir vestast í túni." segir í örnefnalýsingu. "Gömlukvíar sjást ekki, en hinar sjást enn. Gömlu kvíarnar voru á vatnsbakkanum norðan vegar." Svör við spurningum Örnefnastofnunar. Kvíarnar voru um 50 m vestan við Álftagerði 1. Þær voru norðan vegarslóðans sem er norðan þjóðveg, á vatnsbakkanum við Mývatn. "Hinar kvíarnar" eru þá líklega kvíarnar 016 en þeirra sjást enn merki. Ekki sjást leifar kvíanna á vatnsbakkanum lengur en þar er allt á kafi í víðígróðri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1203.

SB-201:010 *Hró* heystæðistöft 65°33.513N 17°03.949V

"Norðvesturhorn hraunsins er nefnt Hró, öðru nafni Hraunhorn, var mikill tjaldstaður áður fyrr, þegar legið var við heyskap." segir í örnefnalýsingu. Tjaldstæðið var suðaustur úr Árkrok. Þar er myndarlegt heystæði og í bollanum í kring um það var tjaldað. Nú allt vaxið víði nema heystæðið sjálft sem er upphleypt og grasi gróið.



Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1207.

SB-201:011 *Smiðjuhóll* heimild um smiðju 65°34.143N 17°02.807V

"Smiðjuhóll var hæstur Bæjarhóls. Stór gýgur var sunnan í honum, hét Smiðjuhver. En Smiðjuhól var rutt niður í hverinn, þar er nú hús Geirs Kristjánssonar." segir í örnefnalýsingu. Íbúðarhúsið Álftagerði Ill stendur nú þar sem smiðjan var. Þegar það var reist var rutt ofan af Smiðjuhól sem samsvarar húshæð, ofan í Smiðjuhver. Ekki kannast heimildamaður við sagnir um smiðju þar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1203.

SB-201:012 *Steinhola* heimild um fjárskýli 65°34.105N 17°02.828V

"Steinhola var holur hóll rétt sunnan við Smiðjuhól, stundum notað fyrir fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Þar stendur nú reykkofti úr torfi og grjóti og timbri, svo til beint fyrir sunnan íbúðarhús. Í landi Álftagerðis Ill.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1203.

SB-201:013 frásögn um hesthús 65°34.116N 17°02.822V

Um 15 m sunnan við 006 og 15 m norðan við 007 var hesthúskofi. Á þeim stað er nú slétt flöt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1203.

SD-201:014 *Ullartjörn* heimild um þvottastað 65°34.080N 17°02.754V
"Austur undir Steinholu var Rjúpnalaut. Austur af Rjúpnalaut er Ullartjarnarholt, er norðan við Ullartjörn, sem var í suðausturhorni Bæjarhóls. Þar var ætíð þvegin ull." segir í örnefnalýsingu. Austan við 007 er Ullartjörn sem hefur haldist svipuð í marga áratugi. Þvottur var þvegin við austurenda tjarnarinnar og þar sjást enn hellur sem þar hafa verið settar af mönnum. Gróðurfar á þessum stað hefur breyst nokkuð á síðustu áratugum. Þegar heimildamaður man fyrst eftir honum var pollurinn alveg hreinu en á síðustu árum hefur byrjað að vaxa mikill stór og nautatá. Heimildamaður gat sér þess til að efnin sem notuð voru til ullarþvottar hefðu haldið gróðri niðri meðan pollurinn var notaður til að þvo ull í. Á þessum stað var síðast þvegin ull um 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1203.

SD-201:015 *Sigmundarfit* heimild um útihús 65°34.120N 17°02.827V
"Suðvestur af Smiðjuhól er svo hústóft sem heitir Sigmundarfit, er nú horfin." segir í örnefnalýsingu. Hústóftin var um 20 m norður af reykkofanum, milli hans og íbúðarhússins Álftagerði III, austan við Smiðjugíg.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1203.

SD-201:016

kvíatóft

65°34.130N

17°02.915V



"Vestan við Steinholuvöll er Kvíakver, og Kvíar eru í klettahól vestur af Steinholu sunnan við Kvíahver." segir í örnefnalýsingu. Leifar kvíanna eru um 8 m suðaustan við Kvíahver og um 70 m suðvestan við íbúðarhúsið í Álftagerði III. Gróinn klettahóll en í honum sést í kvíarnar sem er sjást aðeins sem dæld. Tóftin er mjög óljós en virðist greinast í tvö hólf. Hún er 8,5 X 3,5 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: Ö-Álftagerði, 1203.

SD-201:017

tóft

65°34.167N

17°02.718V



Þar sem, hlaða og fjárhús eru nú um 5 m norðan við þjóðveg og 5 m sunnan við Mývatn er tóft. Hún er um 30 m austan við Álftagerði. Gæti verið heystæði. Heimildamaður kannaðist ekki við að þessi tóft hafi verið notuð í hans minni og hann mundi heldur ekki eftir sögnum um tóftina.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1204.

SD-201:018

heimild um áveitu

65°34.510N

17°03.228V

"Kritartjörn er nokkuð stór tjörn milli Mjóubáru og lands, nú opið í Mývatn yfir Rifið Vestur úr Kritartjörn er Áveituskurður, veitt úr Mývatni á engi og bithaga." segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn sést vel í um 15-20 m vestur úr Mývatni að vegastæði heim að Haganesi en hverfur þar. Er um 200 m norðan við þjóðveg. Nokkuð djúpur og greinilegur á grónu klettasvæði.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1204.


SB-201:019 *Kúabyrgi*

"Hamarshólar eru háir gíghólar norður frá Kritartjörn vestan við Álftavog á merkjum móti Haganesi Suðvestur af Hamarshólum er klettaborg löguð af mönnum, sem heitir Kúabyrgi." segir í örnefnalýsingu. Um 80 m austan við heimreiðina í Haganes, nálægt merkjum og 150 m vestan vatns sést skurðurinn

enn. Torfþak var á skýlinu en milli 1950-70 var það rifið af og torfþak sett á. Tóftin er eitt hól sem er 8 X 4 m á stærð.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1204.



SB-201:020 *Stekkjarklettur*

stekkur


65°34.322N

17°03.535V

"Klif er vegaskarð í hákamba rétt norðan við stekkin, en hann er í og við Stekkjarklett, sem er rétt hjá Klifinu." segir í örnefnalýsingu. "Ofan til í klettinum (Stekkjarkletti) er hellir, all rúmgóður. Þar er stekkurinn. Sunnan við klettinn var byggð rétt. Fyrir fráfærur var lömbunum stíað frá ánum á kvöldin og ærnar svo mjólkaðar á morgnanna. Á nóttunni voru ærnar geymdar í réttinni en lömbin í stekknunum." Svör við spurningum Örnefnastofnunar. Rúmum 500 m frá Álftagerði og 60 m sunnan við veg er stekkurinn sem eru tveir hellar sem notaðir voru við fráfærur. Þar eru tveir hellar og er hleðsla fyrir sem myndar hól, um 7 X 5 m að stærð.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1205.



SB-201:021 *Vegabrýr*

leið

65°34.198N

17°04.104V

"Vegabrýr, vegur byggður fyrir aldamót úr Kömbum að Kráká, notaður enn." segir í örnefnalýsingu. Hlaðið var yfir 3 mýrasund austan frá Kráká um 150 m norðan vegar. Brýrnar sjást ennþá þó að þær séu lítilla skemmdar. Þær eru úr grjóti og torfi og um 1 m á lengd hver.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1205.

SB-201:022 *Flaghellir*

fjárhús

65°34.193N

17°03.480V

"Vestan við Kambsundin, en þau eru engi, eru miklir rauðir hraunhólar, sem heita Rauðhólar, eru nokkuð vestur frá bæ Skammt austur af Rauðhólum er gamall fjárhellir, sem heitir Flaghellir ... " segir í örnefnalýsingu. Flaghellir er um 200 m sunnan við þjóðveg og um 500

m vestan við íbúðarhúsin í hrauninu austan Miðhóla. Í hellinum er hlaðinn garði og upp af honum eru hlaðnir veggir beggja vegna. Þeir eru 2 m á lengd og alveg grónir. Op er úr hellinum til austurs.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1205.

SD-201:023 Jóakofi frásögn um útihús 65°34.072N 17°816V

Jóakofi var hjá Vallargarði, beint suður af 006. Kofinn var skírður eftir próventukarli.

Túngarður var suðurveggur kofans. Á þessum slóðum er nú hlað og ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1206.

SD-201:024 Skipeyri 65°34.149N 17°02.424V

"Þá er komið aftur út á Mývatn. Skipeyri er gróin Sandeyri fram í Álftavog að austan. Skipeyrarvík dráttur milli Skipeyrar og Horns." segir í örnefnalýsingu. Skipeyri er rétt vestan við merkin við Skútustaði. Þar er vík, og stutt sendin fjara. Þar fyrir sunnan er grasbali. Gæti hafa verið uppsátur frá Skútustöðum fyrr á tímum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1206.

SD-201:025 Skurðargarður heystæði 65°32.887N 17°04.045V

"Skurðargarður, heystæði, lengi notað á Skurðgarði við Kráká." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn liggur í gegnum heystæðið og er nokkuð greinilegur ennþá. Heystæðið er 20-30 m austan Krákár á enginu, og um 100 m sunnan við Syðri-Stíflu 026. Það er rúmlega 1 m hátt og á því eru nokkrir steinar. Vestan heystæðisins var bakki þar sem oft var tjaldað þegar engjarnar voru heyjaðar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1208.

SD-201:026 Syðri-Stífla 65°32.978N 17°84.254V

"Í Ytri-Skurðarmosa er svo Syðri-Stíflan í ánni." segir í örnefnalýsingu. Syðri-Stífla er 50-60 m norðan við stóran skurð sem þar er og 500-600 m sunnan við Ytri-Stíflu. Á þessum stað er stór hólmi í ánni. Leifar stíflunnar sjást vel því tréstólpar eru enn á bakkanum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1208.

SD-201:027 Vörðuklettur landamerki 65°33.930N 17°02.611 V

"Vörðuklettur er á merkjalínu norðar." segir í örnefnalýsingu. Merkjagirðing nær yfir hól, sem er 600-800 m sunnan við Paradís sem einnig er á merkjum, en ekki sést varða þar nú.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1208.

SD-201:028 Hundabóla frásögn 65°34.277N 17°03.785V

Hundabóla er lítill hellir skammt norðan við afleggjara inn á engjarnar en um 30 m sunnan við þjóðveginn. Er milli 50-60 m vestan við þar sem afleggjarinn inn á engjarnar hefst. Á árum áður var "klettabóla" í hrauninu vestan við Álftagerði notuð til að geyma hunda sem verið var að lækna af hundasótt. Hundarnir þurftu að vera matarlausir meðan meðalið sem þeir tóku var að virka og því voru þeir settir inn í Hundabólu og hella sett yfir fram til næsta dags. "Bólan" er 2,5 m á hæð og að innanmáli er hún aðeins um 2,5 X 1 m. Einnig kallað

Hundaklettur.

Hættumat: engin hætta.

SP-201:029

frásögn af stíflu

65°33.413N

17°04.417V

Stífla var við bakka Krákár, 500-600 m norðan við Syðri-Stíflu. Hólmi var í ánni á þessum stað en hann er nú horfinn og leifar þessarar stíflu sjást ekki lengur. Á þessu svæði er mikill víðiþróður.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Álftagerði, 1208.

SP-202

Árbakki

Nýbýli í
afréttar landi
Skútustaða 1843. Fór
í eyði 1910. Kallað
ýmist Krákárbakki,
Árbakki eða Bakki.
Fyrsti ábúandi var
Jón Björnsson (f.
1810 d. 1860) og k.h.
Helga Jónsdóttir (f.
um 1803). Þau reistu
bú 1843 eða 1844 og
1845 voru þar 8
manns í heimili. Jón
reisti öll hús á
Krákárbakka, ræktaði
túnið, sléttaði það og
girti.
1860 er Helga talin
búandi en Sigríður
dóttir hennar og
Jóhannes
Jóhannesson h.m.
talin í húsmennsku
og þá alls tólf manns
í heimili.
Sigríður og
Jóhannes bjuggu
þar til dauða hennar
1871.



Kort 8. Fornleifakort. Krákárbakki.

1868/69 eru talin fram 7 hdr lausafjár, 1 kýr, 30 ær m. lömbum, 4 geldar, 18 gemlingar og 6

hestar. Páll Guðmundsson og k.h. Guðrún Jónsdóttir áb. 1874-81. 1882 er tvíbýli en 1887 er býlið komið í eyði.

1889 til 1910 bjuggu þar Pétur Guðmundsson og Aðalbjörg Árnadóttir. - Ódáðahraun III, 144-46


"Tún hefur verið stórt, greiðfært, varið torfgarði nema að austan, þar sem áin er, en hún er þar breið, en fremur grunn og rennur á grjóti. Út frá túninu eru víðlendar mýrar og holt." Ódáðahraun III, 144 "Ræktunarskilyrði eru þar ágæt, og gæti túnið sjálfsagt verið grasgefið ef áburð skortir eigi. Engjar hafa víst líka verið nægar, en líklega nokkuð votar og ekki grasgóðar. Beit mun og hafa verið sæmileg, einkum austan Krákár í Sellöndunum, en snjóþyngra mun vestur á heiðinni, og þar vorar líka seinna." Ódáðahraun III, 146.

SD-202:001 *Krákárakki* bæjarstæði 65°26.673N 17°06.742V

Krákárakki er um 8 km suður af Baldursheimi og 2 km sunnan við merkin. Vestur af sunnanverðum Sellöndum, á nesi þar sem Kráká beygir til austurs, á vesturbakka árinna. "Bygging hefur verið þarna ekki lítil, og standa veggir húsanna enn að mestu, en þök eru fallin eða rofin." Bæjarstæðið er á valllendisbakka við Kráká, austan við syðsta hluta Vörðuáss. Túnið er enn vallgróið en utan við túngarðinn eru lyngmóar meðfram Kráká og upp að Vörðuás en vestan og sunnan við hann eru gríðarmiklir mýrarflákar. Túngarðurinn er alls 450 m langur í breiðum sveig meðfram bakka Krákár. 12 m sunnan við hann skammt frá ánni er aflöng tóft, 1 0x5 m, grjóthlaðin að innan með dyr syðst á eystri langhlið. Gæti verið kvíar. 15 m innan við túngarðinn er óljós tóft, sem snýr A-V, allt að 20 m löng. 30 m þar norðan við er tvískipt tóft, 12x6 m að utanmáli, með dyr nyrst á austurlanghlið, grjóthlaðin, 5 umför með torfhleðslu ofaná, veggir standa 2 m háir að jafnaði. Sennilega hesthús. Tæplega 30 m þar norðan við í sömu línu er bæjartóftin, 23 m frá árbakkanum. Hún er nokkurn vegin ferhyrnd, 21x12 m að utanmáli. Fjögur hús hafa verið framam til í bænum og hafa bæjardýrnar haft trégafl en hin hafa verið torfhlaðin. Aftanvið eru þrjú hól og er það nyrsta sýnu stærst með dyrum til norðurs og gæti hafa verið fjós. Grjóthleðsur sjást í tóftunum, allt að 4 umförum og standa veggirnir um 1,6 m hátt. Tóftin er mikið byrjuð að hrynja saman. Rúmum 10 m vestan við norðvesturhorn bæjartóftarinnar er hringlaga gryfja, 5x4 m og 0,7 m djúp, sennilega súrheysgröf. Um 70 m ANA af bæjarrústinni er fjárhústóft, 16x10 m að utanmáli. Dyr eru á austurgafli og garði í fjárhúsinu framan við, en aftan við er hlaða sem snýr þvert á fjárhúsið. Veggir í hlöðunni eru 1,8 m háir, 9 umför af grjóti og torfhleðsla ofan á þeim. Fjárhúsið er lægra, 1,4 m hátt með 4 umförum af grjóti og torfhleðslu ofaná. 20 m NA við þetta fjárhús hefur verið annað áþekkt að stærð sem seinna hefur verið breytt í rétt, sem er alls 24x19 m að utanmáli. Hlaðan myndar eitt hól og fjárhúsið annað sem hefur verið stækkað til austurs og þriðja hólfið, sem er langstærst hefur síðan verið byggt norðan við það. Um 70 m vestan við réttina, fast upp við túngarðinn, þar sem hann beygir til NA, er síðan enn ein tóft, 16x5 m að utan. Hún er aflöng, snýr VSV-ANA með dyr á austurgafli. Hún skiptist í tvö hól og er það innra helmingi minna. Meira gróin og greinilega eldri en aðrar tóftir í túninu, sennilega fjárhús.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ódáðahraun III, 144-46; HH, 38



Kort 9. Fornleifakort. Grænavatn.

30 hdr. 1712. Bændaeign. "Þorkell enn hávi kom ungr til Íslands ok bjó fyrst at Grænavatni, er gengr af Mývatni." Landnámabók, ÍF I, 282.

11.5.1447 hefur sr. Þorkell Guðbjartsson keypt þriggja kúa föður í Grænavatnslandi undir Hrakströnd- DI IV, 705.

1461 er í kristfjártali 'a grænavatne oc kroppe. xv. hundrut.' DI V, 286.

27.11.1551 staðfestir Ormur Sturluson lögmaður dóm um landamerki Grænavatns og Baldursheims eftir framburð Nikulásar og Fúsa Þorsteinssona en fellir úr gildi fyrra dóm sinn kveðinn upp áður á Grænavatni sem geymdur er hjá Kolbeini Arngrímssyni. DI XII, 336.

18.7.1560 lofar Arngrímur Kolbeinsson að selja Magnúsi Jónssyni fyrstum manna jörðina Grænavatn ef hann mætti nokkru ráða. DI XIII, 506.

20.4.1561 selur Kolbeinn Arngrímsson Grími Andréssyni Grænavatn í Reykjahlíðarsókn. Sagði Kolbeinn að 'j þessari jordu lægi kristfíe iijc. og þú lofadi Grímur at tíjunda það epter gomlum vana. So og sagdi ... Kolbeinn at jorden Balldursheimur ætte Eingiatok fyrir avstan Kraka við Langholtt og jordin Hrakströnd ætte .iij. kua fodur a eingium j Grænavatzlandi. So og ætte Grænavatn alla veidi j tveimur dráttum fyrir Gardz landi. þa manudur væri til vetrar. En j .vij. dráttum fyrir Briansnes landi þa manudur væri til vetrar. En j þessum .ix. dráttum halfa veidi upp fra veturnottum og til Mariu Messo. kierta Messo. Hier i mot gaf Grímur samtals 30 hdr og lofaði að taka að sér Kolbein og móður sína þá þau vildu ei lengur búnað hafa og halda þau árlega til matar og fata. DI XIII, 594-95.

4.4.1562 selur Grímur Andrésson Magnúsi Jónssyni Grænavatn með 'votnum og veidistodum sem [henni] fylger til greinandi alkyrkiu til savngs en halfkirkiu skyld. og sex c kristfíe j silafre jordunne med þessum jtolum j Grenavatz jord. Eingiatok fra Balldursheime fyrer avstan Kraka við Langholtt og jordin Hrakströnd þriggja kua föður a eingium et cetera. Sagdi Grímur Grenavatn ætti þessar jtolor j annara manna lond alla veide j tveimur dráttum fyrir Gards lande þa manudur være til vetrar. En j sio drattu fyrir Briamsneslande. þa manudur er til vetrar. En j þessum .ix. dráttum halfa veidi fra veturnöttum til purification Sancte Marie. DI XIII, 709.

2.5.1562 lýsir Kolbeinn Arngrímsson margvíslegum ágangi og aðförum Þorsteins Finnbogasonar og sona hans við sig og skutu þeir m.a. á hann með pílu 'mille kyrkiunar og Bægiarins' og í annað skipti veittu þeir honum atgöngu í stöðulbólinu. Eftir lát Þorsteins létu Fúsi og Nikulás Þorsteinssynir slá nær allar hans engjar og lofuðu öðrum að gera slíkt hið sama og þar með eignað sér það af Grænavatns og Brjánsnes landi sem þeirra faðir hafði aldrei á talið og enginn hefði fyrr heyrt. Einnig lýsti hann yfir að hann hefði oftsinnis lögfest Grænavatn meðan Þorsteinn lifði og þar með Fremrináma og hefði Þorsteinn og synir hans samt haft þær vísvitandi. Segist hann oft hafa laga beðist á Fremrinámum og annari landareign Grænavatns af Ara Jónssyni lögmanni og ei fengið hafa. DI XIII, 712-14.

2.5.1562 samþykkir Kolbeinn Arngrímsson sölu Gríms Andréssonar stjúpsonar síns á Grænavatni fyrir 30 hdr til Magnúsar Jónssonar og lofaði Magnús að yfirgefa Kolbein og konu hans aldrei meðan þau lifðu. 'Sagdi Kolheim Magnusi þessi landamerki. j milli Grænauatz og annar mana jarda: fyrir utan Riede Grænauatzos. og vestur i þa tiorn sem þar geingur a milli. og i gard þann er vestur ur tiornini geingur. og þadan riettsynis vr gards endanum og vestur i Kraka: En landamerki rada austur vr Grænalækjarosi. og i grof þa sem geingur fyrer ofan gard sudur i vogsbotn: þann er liggur við Grænalækjarnaust: þadan austur i gard þann er skilur lond i milli Briamsnes og Grænavatz: og ur þeim gardi austur i sydri Burfellskord. þadan austur i Hafragia. rædur þa giain og fram at Brædraklife og þadan sudaustur under Herdibreid og allan Heilagsdal. rett vr Herdibreid og vestur i Sudurarbotna. Rædur Sudura i Liosbleiksbyttu. þar med alla Kieralæki ofan ad Stora fossi. og allt land jtolulaust fyrir austan Kraka og vt i motz við fyr greind landamerki. er fyrer vtan og austan ofan ganga i Kraka. fra skildu eingiataki við Langholtt. og Balldursheimi hefur til heyrt. og þriggja kua fodri fra Hrakströnd i Grænauatz eing. Sagdi hann Grænauatn eiga gielldfjarrekstr a Hlidar auræfi.' Staðfest í kirkjunni á Grænavatni. D I XIII, 714-17.

6.5.1562 dæmir sjöttardómur, kvaddur af Magnúsi sýslumanni Jónssyni, dæmir gilt kaupbréf hans fyrir Grænavatni og þar eru landamerki tilgreind með sömu orðum og 2.5.1562 nema 'En landamerke rada austur ur Grenalæliarose. og i grof þá sem geingur austur effter hraunum þeim. sem liggia fyrer sunnan gard. og þadan i gard þann sem geingur riettsynis ut i vogsbotninn hía Grenavatnsnauste.' og einnig er hér bætt við um drættina níu fyrir Garðs og Brjánsneslöndum.

1.5.1733 er bréfið afritað og vitnar þá eigandinn Þórður Brynjólfsson Thorlacius að bréfið fylgi jörðinni og tilseigir hann ábúandanum halldóri Halldórssyni að týna því ekki. DI XIII, 720-23. 30.7.

1562 kvittar Grímur Andrésson Magnús Jónsson fyrir andvirði Grænavatns. DI XIII, 762.

30.8.1562 kvittar Kolbeinn Arngrímsson Magnús Jónsson fyrir andvirði Grænavatns, lýsandi sig hafa seytján um sextugt. Kolbeinn lýsti einnig að Þorsteinn heitinn Finnbogason hefði með engum lögum sótt af sér Fremrináma og þar uppá hefði enginn talað frá heiðnum haug svo nokkur hefði þar heyrt til fyrr en Þorsteinn Finnbogason og Kolbeinn Þorgrímsson hefði flutt brennistein úr Fremrinámum og suður í Straum og út til Flateyjar þá engelskir hefðu þar legið og selt í þessum báðum stöðum. Gaf Kolbeinn Magnúsi sök og sókn að helmingi við sig eða sína erfingja í öllum hans málum við Þorstein og syni hans. DI XIV, 9-10.

18.9.1562: Kolbeinn Arngrímsson sver bókareid um landamerki Grænavatns. DI XIV, 14.

7.8.1565 dæmir tylftardómur Magnús Jónsson að koma til næsta Öxarþarþings að svara fyrir Pál Stígsson um jörðina Grænavatn en komið var upp að allir peningar Kolbeins Arngrímssonar voru dæmdir á kóngsins náðir en Kolbeinn hafði játað að hann hefði verið fallin í þau mál (ótilgreind varðandi dætur hans og stjúpbörn) áður en hann seldi Magnúsi Grænavatn. DI XIV, 409-411. 22.9.

1565 telur Magnús Jónsson Grænavatn fyrir 30 hdr til kaups við Ragnheiði Eggertsdóttur og er hún einnig tilgreind í fjórðungsgjöf Magnúsar til Ragnheiðar. DI XIV, 423.

4.6.1568 er Kolbeinn Jónsson búandi á Grænavatni. DI XV, 110.

1596 er dæmt á alþingi að vitnisburður Kolbeins Arngrímssonar þar sem hann játaði sig brotlegan ekkert afl hafa þar sem aðrir dómar, eiðar og úrskurðir höfðu komið þar á mót. Höfuðsmaðurinn Brosterup Gedde hafði beðist dóms upp á þetta vegna kröfu konungs til Grænavatns. AÍ III, 77.

1712 leigðu ábúendur Brjánsness og Kálfastrandar selför í landi Grænavatns - JÁM XI, 234.

8.7.1773 er auglýst uppboð til innlausnar óðalsmönnnum jarða, þ.á.m. Grænavatns, 30 hdr. AÍ XV, 368. Grænavatn I og III eru á 1/2 jarðarinnar og Grænavatn II og IV á 1/2 jarðarinnar. Þuriðarnes og Oddastaðir eyðihjáleigur.

1919: 5,6 ha. allt sléttað. 1839: " ... landlítil heima um sig en hefur það mikið í fjarlægð. Heyskapur ágætur en kostnaðarsamur sökum þess að áin Kráká þarf árlega að stíflast frá enginu. Silungsveiði engin. Eggver ekkert." SSÞ, 123.


Heimildamenn: Helgi Jónasson fæddur á Grænavatni 1922, Hjörleifar Sigurðarson fæddur á Grænavatni 1957 og Þorgerður Benediktsdóttur fædd á Grænavatni 1916.

SB-203:001 Grænavatn

bæjarhóll

65°32.440N

16°59.308V



"Gamli bærinn stóð á austurströnd Grænavatns (1)" "Er þar fyrst að telja Gamla bæinn, sem byggður var um aldamótin, og er með þeim stærstu og glæsilegustu torfbæjum landsins, og raunar (a.m.k. norðanlands) sá eini af sinni gerð þ.e. með framhúsi. Rúmaði hann um þrjátíu manns enda byggður fyrir tvær fjölskyldur. Í undirstöðum bæjarins er sagt að séu mjög fornar hleðslur." segir í örnefnalýsingu. Framhús bæjarins stendur enn þó að bakhúsið sé hrúnið af hluta. Hann er nú notaður sem geymsla. Tvær fjölskyldur bjuggu í bænum og var honum skipt í tvennt eftir miðju. Sitt hvorum megin við bæjardyrnar voru stofur sem tilheyrðu hvorri fjölskyldu. Þó var hægt að opna á milli stofanna og var það oft gert þegar samkomur voru haldnar á Grænavatni. Bærinn stendur á breiðri en lágri hólbungu á austurströnd Grænavatns. Traðir liggja upp að gamla bænum að sunnan en yngri steinhús standa norðan og vestan við það.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919; Ö-Grænavatn, 1; HH, 3 3, Örnefnakort frá Arnarvatni.

SB-203:002 *Bakkahús* fjárhús 65°32.556N 16°54.714V

"Verða þá næst taldar útihúsbyggingar, sem nú eru á jörðinni. Nyrzt eru Bakkahús, fjárhús norður með vatninu ásamt Bakkhúshlöðu." segir í örnefnalýsingu. Bakkahús standa enn rúmum 40 m norðan við 03 og um 3 m austan við bakka Grænavatns. Allt í kring um fjárhúsið eru sléttuð tún. Bakkahús eru um 16 X 17 m að stærð. Inn í húsið eru 5 dyr, 2 á bakhlið og 3 á framhlið. Í húsinu eru 3 hólf og það stærsta er þrískipt með 3 görðum.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Grænavatn, 1.

SB-203:003 *Nýhús* útihúsatóft

65°32.512N 16°59.743V

"Verða þá næst taldar útihúsbyggingar, sem nú eru á jörðinni. ... Rétt sunnan við þau [0 17] er Nýhús og Nýhúshlaða." segir í örnefnalýsingu. Tóftir Nýhúsa eru um 60 m norðan (og eilítið austar) en 006, um 20 m austan við bakka Grænavatns. Allt í kring eru tún. Tóftin er 18 X 8 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Austara hólfíð er undir þaki.



Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Grænavatn, 1.

SB-203:004 heimild um hesthús 65°32.510N 16°59.752V

"Nokkru austar en [019] er gamalt hesthús, byggt fyrir 1850." segir í örnefnalýsingu. Um 10 m suðaustan við 03 var hesthús. Það hefur staðið þar sem túnjaðarinn er nú en engar leifar þess eru greinilegar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Grænavatn, 1.


SB-203:005 heimild um útihús 65°32.462N 16°59.739V

10 m suðaustan við 004 og um 40 m suðaustan við 003 voru áður útihús þar sem nú er slétt tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-203:006 *Lambhús* fjárhústóft 65°32.454N 16°54.789V



Lambhúsið stendur enn norðaustan við gamla bæinn. Það er 15- 20 m frá gamla bænum en og 25 m austur af 007 og 5 m austur af timburleiktækjum fyrir börn. Norðan, austan og sunnan við eru rennislétt tún en vestan við eru leiktæki, hlöðukofi, gamli bærinn og íbúðarhús. Tóftin er 15 X 10 m að stærð. Hún er 3 hólf og er undir þaki.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: Túnkort 1919.

SP-203:007 *Fjóshlaðan*

heimild um hlöðu

65°32.466N

16°59.786V



"Norður af gamla bænum er gömul fjóshlaða, byggð um 1840. Þak hefur verið endurnýjað á henni, sett á hana járnþak, en veggir, dyraumbúnaður, hurðir og lamir, eru þær sömu." Fjóshlaðan stendur enn þá og í henni er enn geymt hey. Hún er 20-25 m norðan við gamla bæinn. Fjóshlaðan er 5 m norðvestan við íbúðarhúsið á Grænavatni (1) og stendur á grasbala um 2 m norðan við bílastæði, austan við íbúðarhúsið á Grænavatni II. Fjóshlaðan er enn í notkun og er

mjög upprunaleg. Hún er 10,5 X 6 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-203:008

heimild um hlöðu

65°32.439N

16°59.780V

Gömul kúahlaða var 36 m suðaustan við gamla bæinn, þar sem nú er steipt útihús. Gamla hlaðan var byggð af Lundarbrekku-Jóni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-203:009 *Kvíhús*

heimild um útihús

65°32.435N

16°59.769V

Um 20 m suðaustur af staðnum þar sem gamla fjóshlaðan stóð var Kvíhús. Á þessum stað er nú sléttað tjaldstæði fyrir ferðamenn. Kvíhús stóð á flötinni, svo til beint norðan við þar sem íbúðarhúsið á Grænavatni IV stendur nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-203:010

heimild um fjárhús

65°32.322N

16°59.986V

60 m norðan við 011 var fjárhús og hlaða, og er þar hæð í túninu, en búið er að slétta yfir þau. Arfi og gras vex á þeim stað sem útihúsið hefur verið

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-203:011 *Grundarhús*

fjárhús

65°32.314N

16°59.924V

"... og suðvestur af Kvíholti eru tvenn fjárhús, hlöður og votheysgeymslur." segir í örnefnalýsingu. Þetta hús, kallað Grundarhús, stendur enn og er 10 m austan við 012 og um 330 sunnan við gamla bæinn. Grundarhús hefur verið lagað og endurnýjað og er nú að nokkru leyti úr bárujárn og steypu. Fremri hlutinn er ennþá úr torfi og grjóti en austan við

það er steypthús. Fremri hlutinn er 8 X 20 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkört 1919 og Ö-Grænavatn, 1.

SÞ-203:012 Grundarhús fjárhús 65°32.287N 17°00.031 V

"... og suðvestur af Kvíholti eru tvenn fjárhús, hlöður og votheysgeymslur." Um 350 m suðvestur af gamla bænum er fjárhús. Ásamt 011 var þetta hús kallað Grundarhús en bæði húsin eru sameign allra Grænavatnsbænda. Á undanförunum árum hafa húsin verið endurnýjuð og eru nú að miklu leyti úr steypu og bárujárnri þó að enn sé hluti úr torfi og grjóti líktog011

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkört 1919.

SÞ-203:013 heimild um bænhús 65°32.452N 16°59.774V

1712: "Bænhús hefur hjer verið en ekki ernbættað í manna minni. 4.4.1562 selur Grímur Andrésson Grænavatn ... til greinandi alkyrkiu til savngs en halfkirkju skyld. og sex c kristfíe j sialfre jordunne med þessum jtolum j Grenavatz jord. DI XIII, 7091712: Bænhús hefur hjer verið en ekki ernbættað í manna minni. JÁM XI, 231 ." Ekki er vitað hvar bænhúsið var en líklega hefur það verið nálægt gamla bænum. Hnit voru tekin skammt sunnan bæjarins þar sem slétt grasflöt er.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: JÁM XI, 231.

SÞ-203:014 Þuríðarnes heimild um býli 65°32.684N 16°59.418V

1712: "Þuridar Nes, eyðihjáleiga. Bygð fyrir vel 30 árum skammt norður frá heimajörðinni, og varði bygðin til þess Anno 1711, afdeilt einasta að túni og engjum." segir í jarðabók Árna og Páls. Þuríðarnes er norðan Grænavatnsbæjanna og er fyrsta nesið sem gengur úr í Grænavatn norðan íbúðarhúsanna. Nesið er fremur lítið (um 4 má breidd og 8 má lengd) og hafa menn þess vegna leitt að því getur að næsta nes fyrir norðan, sem kallast Kot, hafi verið í raun verið sá staður sem átt er við í Jarðabókinni. Heimamenn hallast að því að um eitt og sama býlið sé að ræða og að það hafi staðið á nyrðri tanganum sem nefnist Kot. Hann er mun stærri en Þuríðarnes auk þess sem þar sáust lengi tóftaleifar sbr. 031. Hnit voru þó tekin á þeim stað sem heitir Þuríðarnes.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: JÁM XI, 232.

SÞ-203:015 Kvíholt heimild um kvíar 65°32.363N 16°59.833V

"Nú hafa verið byggð 4 ný íbúðarhús á jörðinni, tvö vestur og norðvestur af gamla bænum og tvö á svokölluðu Kvíholti, sem var helluholt sunnan við gamla túngarðinn, spölkorn suður af bænum." segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru þar sem nú er slétt tún, suður við Grænavatn III. Hnit voru tekin suður við íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 1.

SÞ-203:016 Krákugarður garðlag 65°32.597N 17°01.595V

"Suðvestur af Krákuvatni er sléttur engjateigur, sem heitir Krákeyri, og vestan hennar Krákugarður." segir í örnefnalýsingu. Krákugarður er suðvestan við Krákuvatn en þar sést gróinn garðsendi um 20 m frá vatninu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 9.

SP-203:017 *Byrgissker* 65°32.457N 16°59.900V
Byrgissker .er lítið og gróðursælt sker, beint vestan við Grænavatn I. Engin merki byrgis eru á eða við skerið. Hnit voru tekin á austurbakka skersins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Grænavatn, A V, 2.

SP-203:018 *Eiríkshús* heimild um útihús 65°22.506N 16°59.682V
"Norður á túninu en suður frá Bakkhúsi stóðu Eiríkshús og á milli Eiríkshúsa var Eiríkshústóft, tóft fyrir hey." segir í örnefnalýsingu. "Eiríkshús: Kennt við mann með því nafni." segir í örnefnalýsingu. Eiríkshús voru mitt á milli Bakkhúsa og Nýhúsa. Á þessum stað er nú flöt sem er vaxin arfa og grasi og ekkert sést til fornleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Grænavatn.

SP-203:019 *Króktjarnargarður* landamerki 65°32.208N 17°02.024V
"Á merkjum eru nokkur örnefni, sem merkin liggja um. Yzt er Króktjörn og austan við hana Króktjarnargarður " segir í örnefnalýsingu. Króktjarnargarður er suðurhluti Garðsengjagarðs 021. Garðurinn verður óskýrari og jafnframt útflattari eftir því sem sunnar dregur, en samhliða því er suðurhluti hans lægri og þýðari en norðurhlutinn. Garðurinn er nálægt því að vera 2 má breidd þar sem hann er útflattastur og ekki nema nokkrir sentimetrar á hæð. Hann er allt í allt nokkur hundruð metra langur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 10.

SP-203:020 *Heygarðsholt* heystæði 65°31.783N 17°01.392V
"Sunnan girðingar var nokkuð stór tjörn, sem nú er orðin full af sandi og algróin, hét Kúaflaga. Vestan við hana var smáhæð eða hóll, nefndur Ytra-Heygarðsholt, en suður af henni er Heygarðsholt." segir í örnefnalýsingu. Heygarðsholt er um 200 m sunnan við Engjagirðinguna og litlu vestan en þar sem Engjagirðingin tekur við af grjótgarðinum. Lítil merki heygarða er að finna á þessu svæði. Á einum stað má þó greina mjög óljósar leifar sem gætu verið eftir heystæði.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 10.

SP-203:021 *Garðsengisgarður* garðlag 65°32.392N 17°02.054V
"Garðsengisgarður er víði vaxinn garður frá Sandkíl, suður austan við Garðsengi að Krókatjarnarvíðrum." segir í örnefnalýsingu. Garðsengisgarður er nafn á nyrðri hluta Króktjarnargarðs sbr. 019. Víðirinn sem áður einkenndi garðinn og gerði hann einstaklega háan er nú allur dauður og á honum vex nú aðeins lyng. Garðurinn er gróinn lyngi, hann er 0,8 m á hæð og 2-3 m á breidd en hann er mjög langur (líklega nálægt 1 km að lengd) og nær yfir hluta af enginu, næstum alveg að grjótgarðinum syðst í engjunum. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 9.

SP-203:022 *Spilduheystæði* heimild um heystæði 65°32. 733N 17°01,922V
"Nyrst í Spildu er Spilduheystæði ... " segir í örnefnalýsingu. Það er um 5 m frá

Kílsbakkanum (til suðurs frá honum). Allt í kringum heystæðið er mýrlendi sem er að mestu þornað upp. Spilduhestæði sker sig úr landslagi á þessum slóðum þar sem það er hærra og grænna en annað í kring. Það er um 4 X 10 m að stærð og 0,4 m á hæð (þar sem það er hæðst).

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 9.

SP-203:023 *Kofavarða* tóft 65°32.031 N 17°00.625V
Kofavarða er 200-250 m norðvestur af 045 og 15 m austan við bíslóðann. Varðan stendur á grösugum hól og um 8 m suðaustan við hana eru tóftarleifar. Tóftin er alveg sígin, en þó er hægt að greina 2 hól í henni.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 1.

SP-203:024 *Bláhvammur* þjóðsaga
"En syðst og norðvestan í Bláfjalli er hömrum girtur hvammur, heitir Bláhvammur." segir í örnefnalýsingu. "Bláhvammur norðan undir Bláfjalli. Þar átti Kráka tröllskessa sér bústað, að því er herma þjóðsögur, og eftir henni á Kráká að heita." segir í söguminjaskrá. Kráka var vergjörn tröllskessa sem bjó í hamrahelli ofan við Bláhvamm í Bláfelli. Hún mangaði til við Mývetnska karlmenn en var jafnan hryggbrotin og í hefndarskyni gróf hún út vatn eitt á öræfum og veitti því í Laxá og mælti svo um að Krákuá skyldi allajafna brjóta engi og heimalönd fremri hluta Mývatnssveitar.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 7; HH, 34; ÞJÁ, 178-80.

SP-203:025 *Skólinn* heimild um hesthús 65°32.367N 16°59.784V
"Skólann er búið að rífa fyrir mörgum árum. Þetta var hesthúskofi, sem eldri maður byggði yfir hesta sína upp úr 1920, um það bil sem Þórólfur í Baldursheimi var að berjast fyrir byggingu Laugaskóla." segir í örnefnalýsingu. Skólinn var norðan/austan við heimreiðina þar sem hún beygir til austurs. Þar er slétt grasflöt fyrir austan íbúðarhúsið Grænavatni III.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 1.

SP-203:026 garðlag stífla 65°32.539N 17°01.120V
Garðlag er í Randaskarði þvert á rennurnar. Það liggur milli tveggja kletta eða hróa og yfir einn kíl. Garðurinn er greinilegur og samtals um 100 m langur. Hann er þó lengri ef talið er með kletthróin á milli og gæti lengst talist um 150 m.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH, 34.

SP-203:027 *Ytrigrund* heimild um rist 65°32.890N 16°58.891V
"Torfrista var mjög léleg. Helzt var rist á Réttartanga og Ytrigrund." segir í örnefnalýsingu. Ytrigrund er við Grænavatn vestan heimreiðar, rétt sunnan merkja en norðan túna. Þar var torf rist áður en engin merki þess sjást lengur. Þetta er mosavaxið svæði, vaxið víði. Hnit voru tekin um 15 m sunnan við merki og 5 m sunnan vatnsbakka Grænavatns.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 1.

SP-203:028 garðlag stífla 65°32.726N 17°01.330V
"Í þessum tilgangi hafa verið gerðar stíflur í ána og hinar svonefndu Rennur, sem frá henni

liggja í Randaskarði, en það eru vetrarfarvegir hennar yfir í Grænavatn. Eru sumar af þessum stíflum sennilega mjög gamlar." 100-200 m austan við Spilduheystæði er stífla í Kílnum. Þar er stór trédrumbur í farveginum og fyrir framan hann hefur steinum verið raðað. Ekki eru greinanlegar fleiri stíflur á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH, 34.

SP-203:029 frásögn um mannabein legstaður

Uppi í hrauninu milli Botnakofa og Botnatóftar voru mannabein í gjá eða sprungu undir hraunbarmi. Þar voru a.m.k. 3 hauskúpur. Beinunum fækkaði smátt og smátt uns það sem eftir var, var tekið laust fyrir 1980 og sent á Þjóðminjasafn.

SP-203:030 *Brunnaklettur* heimild um brunn 65°32.899N 16°58.868V

"Nú má heita, að komin séu samfelld tún eða áborið land allt frá merkjum við Brunnaklett og suður að Selandskambi." segir í örnefnalýsingu. Brunnaklettur er fremur lágur og gróinn klettur rétt norðan við ristahliðið. Er á merkjum, vestan vegarins heim að Grænavatni, á árbakkanum við vatnið.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 1-2.

SP-203:031 *Kot* heimild um býli 65°32.719N 16°59.412V

"Kot, tangi sem gengur út í vatnið, þar var gamalt eyðibýli." segir í örnefnalýsingu. Er nes út í vatnið næst norðan við Þuríðarnes. Þar voru tóftir lengi vel en nú hafa þær verið sléttaðar og engi merki mannvistarleifa sjást á nesinu. Mögulega sama og býlið Þuríðarnes.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 2.

SP-203:032 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°32.692N 16°59.416V

Upp af Þuríðarnesi er Heimsendi (slétta) en svo tekur við smáhóll sem heitir Hesthúshóll og þar var áður hestakofi. Hesthúshóll er fyrir vestan eða "upp af" Þuríðarnesi en á þessum stað eru nú rennislétt tún og hefur sá hóll sem þar var verið sléttaður út við túnasléttun.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

SP-203:033 *Taðhóll* 65°32.474N 16°59.805V

"Sunnan við Nýhús er Taðhóll." segir í örnefnalýsingu. Taðhóll var vestan við þar sem vegurinn er nú, þar sem hann hækkar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 2.

SP-203:034 *Mannhöfði* álagablettur 65°32.517N 17°00.000V

"Vestur af gamla bænum er Vesturvöllur, vestur úr honum tangi, sem heitir Mannhöfði. Þar voru haldnar samkomur áður fyrr." segir í örnefnalýsingu. Beint vestur af íbúðarhúsinu Grænavatni II er höfði út í Grænavatn sem heitir Mannhöfði. Var það trú manna að þarna væri kuml" ... ekki mátti grafa í mannhöfðanum, því þá stæðu bæjarhúsin í björtu báli." Hnit voru tekin vestarlega í höfðanum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 2-3.

SP-203:035 *Gvendarbrunnur* vatnsból 65°32.464N 16°59.946V

"Austan undir höfðanum [034] er Mannhöfðavík ... Að austanverðu við víkina er uppspretta, sem nefnist Gvendarbrunnur, kennd við Guðmund góða, biskup." segir í örnefnalýsingu. Mannhöfði tengist landi með landræmu og norðaustan í henni er uppsprettan.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Gränavatn, 2.

SB-203:036 *Lindargata* gata 65°32.430N 16°59.865V

"Lindargata hét gata, sem lá frá bænum niður að Lind, sem var mikil uppsprettulind suðvestan undir túni." segir í örnefnalýsingu. Lindargata lá frá Gränavatni og þar sem Lindin var. Gatan hefur ekki verið nema um 30 má lengd. Nú er slétt tún á þessum slóðum og ekki sést til slóðarinnar. Hnit voru tekin um 10 m frá vatnsborði Gränavatns þar sem Lindin var. Á þessum stað er á stuttum parti hægt að greina slóða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Gränavatn, 2.

SB-203:037 *Lind* heimild um þvottastað 65°32.420N 16°59.852V

"[Lind] var aðalvatnsból heimilisins áður, þar var öll ull þvegin og einnig þvottar oft á sumrin, og þar var aðalmjólkurkæling, meðan mjólkurframleiðsla var hér." segir í örnefnalýsingu. Þvottastaðurinn var 30-40 m vestan við gamla bæinn og um 30 m sunnan við Gränavatn 1. Stígur (036) lá frá bænum að vatnsbólinu en hann sést ekki lengur nema síðustu metrana að Lindinni. Við vatnið eru steinar og ofan á þá hafa verið steiptar hellur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Gränavatn, 2.

SB-203:038 heimild um hrútakofa 65°32.451N 16°59.730V

Rúmunum 30 m austan við gamla bæinn stóð hrútakofi úr torfi og grjóti sem nú er búið að slétta yfir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Gränavatn, 1.


SB-203:039 *Stekkjarhró* stekkjarhleðsla

"Stekkjarhró er norðvestan í hrauninu [Ytrahrauni]. Þar eru tveir hellar og gömul fyrirhleðsla, getur hafa verið stekkur." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhró er 30 m vestan við vatnið og um 50 m norðvestan við Borgarvörðuna. Það sker sig á áberandi hátt úr landslaginu því það stendur mun hærra og er fagurgrænt. Stekkurinn er úr hleðslum sem mynda tvö hólf og eru samtals að utanmáli um 6 X 5 m.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Gränavatn, 8.

65°32.379N 17°01.097V



SB-203:040 *Vörðusund*

65°32.427N 16°59.487V

"Vörðusund hét austan við veginn, beint austur frá bænum." segir í örnefnalýsingu. Beint austan við gamla bæinn og austan við veginn heim að Gränavatni er Vörðusund en ekki sjást merki vörðu þar. Á þessum stað er nú sáðgarður, 10-15 m austan vegar.

Hættumat: hætta vegna ræktunar.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 3.

SP-203:041 *Tóftartangi* heimild um tóft 65°32.976N 17°01.065V
"Skammt norður með [Grænalæk] gengur smátangi fram í hann. Nefnist hann Tóftartangi." segir í örnefnalýsingu. Tóftartangi gengur út í Grænavatn og er eiginlega á "horni" Grænavatns og Grænalækjar. Tanginn er á kafi í víði og ekki hægt að greina neinar tóftir á honum. Grænavatn hefur þó breytt nokkuð um lögun á síðustu áratugum og gæti vel verið að tóftir þessar hafi horfið í vatnið.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.


Heimildir: Ö-Grænavatn, 3.

SP-203:042 *Tóftartangavarða* varða 65°32.965N 17°01.019V
"[á Tóftartanga 041] er merkjavarða við lækinn, á milli Garða og Grænavatns, Tóftartangavarða." segir í örnefnalýsingu. Vörðubrot er á Tóftartanganum. Varðan er nær alveg hrunin og gróin. Hún sker sig hins vegar úr landslaginu þar sem hún stendur hærra en annað í kring og á þeim stað sem hún er vex ekki víðir.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 3-4.

SP-203:043 *Réttartangi* réttartóft 65°32.908N 16°34.387V



"Réttartangi. Austasti tanginn, sem gengur suður í Grænavatnið. Skilrétt Mývetninga áður fyrr. Samkvæmt munnmælum ... mun hún hafa verið í notkun í byrjun 19 aldar og ef til vill fyrr. Hún hefur verið hlaðin úr torfi og staðið á vatnsbakkanum. Sést enn greinilega fyrir réttarveggjum, en sýnilega hefur vatnið brotið stóran hlut

hennar." segir í örnefnalýsingu fyrir Garð en í örnefnalýsingu Grænavatns stendur. "Nokkru austar með vatninu gengur annar tangi fram í vatnið, nefnist Réttartangi. Á honum eru réttartættur. Þar mun hafa verið skilarétt til forna." og enn fremur stendur. "Torfrista var mjög léleg. Helzt var rist á Réttartanga og Ytrigrund." Réttartangi er austasti tanginn sem gengur suður í Grænavatn. Um 1 km sunnan við þjóðveginn á vatnsbakka Grænavatns. Þar er lyngvaxinn hagi en ekki sjást merki þess að þar hafi torf verið rist. Þarna sjást einnig leifar réttarinnar þú hún sé að nokkrum hluta horfin í vatnið. Nyrsta hólfi réttarinnar er alveg heilt og auk þess sjást merki tveggja annarra hólfa sem eru þó að mestum hluta horfin í vatnið. Má gera ráð fyrir að ef fram fer sem horfin verði réttin alveg horfin í vatnið eftir nokkra áratugi.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 4 og Ö-Garður, 15-16.

SP-203:044 *Kofavarða* varða 65°32.055N 17°00.610V

"Grænavatnsbruni, Fjöll o.fl: suðvestur af Ytri-grund gengur grasi gróin lægð suður í hellurnar, nefnist Stórikriki. Hellur eru hellurnar í kring um Stóra-krika nefndar, og upp að Kömbum og suður að Sellandakambi. Sallandakambur er hraunkambur sunnan við Sandinn og Syðrigrund. Í honum er há varða, rétt austan við þar sem



bílvegurinn kemur yfir kambinn, suðvestur af Sandinum, heitir Kofavarða." segir í örnefnalýsingu. Kofavarða er 200-250 m norðvestur af 045 og um 15 m austan við bíslóða sem liggur þar. Hún er 20 austan við grjótagarð (049), á grasigrónum hól.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 4.

SD-203:045 Svarti-Pétur varða 65°31.888N 17°00.485V

"Sunnar og austan á kambinum [en 044] er fyrirferðamikil varða upp á kletti, er nú nefnd Svarti-Pétur." segir í örnefnalýsingu. 80-100 m austan við grjótagarð [049] sem liggur N-S yfir hraunið og 150-200 m sunnan við syðstu túnin er Svarti-Pétur. Varðan er um 200-250 m suðaustan við Kofavörðu 044 og stendur á klettagarði.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 4.

SD-203:046 Sellandagötur gata 65°31.987N 17°00.207V

"Sellandagötur liggja suður yfir kambinn, rétt austan við Svarta-Pétur." segir í örnefnalýsingu. Göturarnar hefjast þar sem bíslóðin heiman frá bænum endar. Við enda syðsta túnsins og nyrst í hrauninu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 4.

SD-203:047 Þrívörðuklettur varða 65°32.297N 16°57.657V

"Neðan í Kömbunum, beint austur af bænum, er nokkuð stór og fyrirferðamikill klettur með þremur vörðum, nefnist Þrívörðuklettur." segir í örnefnalýsingu. Hraunið austur af bænum er fremur úfið en Þrívörðuklettur sést vel. Vörðurnar standa enn, þó þær séu hvorki háar né fyrirferðamiklar. Þær eru um 1 km austan við bæ.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 5.

SD-203:048 Seljahjallagil

"Suður af Þrengslaborgum, vestan í fjallgarðinum, er fallegur birkihvammur, sem heitir Arahvammur. Yfir honum gnæfir Arahvammshnúta. Sunnan undir henni kemur niður mjög djúpt og hrikalegt gil. og fellur það síðan til suðvesturs. Heitir það Seljahjallagil. Allt afrennsli af Heilagsdal fer um þetta gil, og einnig hafa runnið um það fleiri hraunelfar, frá Katli og Fremri-Námum, niður yfir alla Mývatnssveit, niður Laxárdal og allt til sjávar. Er gilið allt hið tröllegasta." segir í örnefnalýsingu. Gróðurbelti er ofan við Seljahjalla í brekkunni vestan við Seljahjallagil. Hjallinn sjálfur er hinsvegar alveg blásinn. Gróðurteygingar eru í fjallsrótum bæði sunnan og norðan við hjallann en vestan við hann er brunnið hraun. Ekki er vitað um neinar tóftir á þessu svæði en þar mun þó vera vatnsból.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 6.

SD-203:049 Engjagirðing vörslugarður 65°32.008N 17°01.202V

"Engjagirðing liggur úr Nikulásarkeri, þvert yfir engið, upp í Voginn neðst á sandinum. Var gerð laust eftir 1930. Gaddavírsgirðing neðan til, en grjótagarður yfir hraunið. Á honum eru

tvö hlið, Miðhlið og Yztahlið." segir í örnefnalýsingu. Gaddavírsgirðing er orðin nokkuð hrörleg þó hún standi enn. Grjótgarðurinn er hins vegar enn mjög myndarlegur og er alveg heill í hrauninu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 7.

SB-203:050 varða 65°32.103N 17°00.904V

"Örnefni í Syðrahrauni: Náströnd, klettur með vörðu ofan á, ofarlega í hrauninu; kringum hana Nástrandarholt." segir í örnefnalýsingu. Náströnd er mjög mjór og hár klettur í Syðrahrauni, um 50 m norðaustan við Þrívörðu en á milli þeirra liggur Þrívörðustígur. Varðan stendur þar enn.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 7.

SB-203:051 Þrívörður örnefni 65°32.082N 17°01.057V

"Sunnar og vestar eru Þrívörður ... " segir í örnefnalýsingu. Þrívörður eru í hrauninu austan við bæinn. Þær eru um 30 m vestan við grjótgarðinn [049] og um 50 m vestan við Nástrandarvörðu. Vörðurnar eru misstórar en syðst er nokkuð stæðileg varða sem er 1,5 má hæð og um 1,3 má breidd þar sem hún er breiðust. Um 1,5 m norðvestan við hana er önnur sem er hæðst eða tæpir 2 m á hæð. Hún er hins vegar ekki nema 0,5 m á breidd. Þriðja varðan er svo um 5 m norðvestar og hún er langminnst eða um 1 má hæð og 0,4 má breidd.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 7.

SB-203:052 Þrívörðustígur gata 65°32.138N 17°00.916V

"... og Þrívörðustígur liggur eftir Miðgötum, rétt ofan við Náströnd, suðvestur yfir hraunið." segir í örnefnalýsingu. Það sést móta fyrir götuslóða sem liggur í átt að Þrívörðum frá Náströnd en ekki er hann greinlegur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 7.


SB-203:053 Matklettur heimild um áfangastað 65°32.130N 17°01.413V

"Suðvestan í hrauninu [Syðrahrauni] er talsvert hár og þunnur klettur, sem heitir Matklettur." segir í örnefnalýsingu. "Undir þeim kletti mataðist engjafólk oft, þegar veður voru vond." segir í örnefnalýsingu. Matklettur er um 15 m vestan við hraunbrúnina. Hann er mjög sérstæður, um 3 m á hæð og svipaður á lengd en ekki nema 0,5 m á þykkt. Stendur á grasivöxnu svæði. Þar er einnig nokkuð um mosagróður og aldrei verður þurr á þessum stað á síðari árum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 7; Ö-Grænavatn, V A 1.

SB-203:054 Geitakofahró geitakofahleðsla 65°32.167N 17°01.416V



"Norður af Matarkletti eru nokkur há hró og klettaborgir; hæst er Geitakofahró." segir í örnefnalýsingu. Örlítið hleðsla er á hróinu sem heitir Geitakofahró, rétt norður af Matarkletti 053. Hleðsla af litlum kofa sem hefur verið 1 X 1,5 m og virðist það fremur lítið til að hafa verið geitakofi.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 7-8.

SB-203:055 *Hestaklettsvarða* varða 65°32.273N 17°01.051 V
"Ytrahraun: frá Yztahliði liggja þrír stígar eða götur yfir hraunið. Syðst er Hestaklettsstígur, kemur niður sunnanvert við Hestaklett, sem er hárhár og mikill klettur neðan á hrauninu. Sunnan við stíginn neðan til er varða á holti, heitir Hestaklettavarða." segir í örnefnalýsingu. Hestaklettsvarða er á grónu hrói, skammt sunnan við þar sem hraunið endar og mýrar taka við.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 8.

SB-203:056 *Hestaklettsstígur* gata 65°32.271N 17°01.185V
"Ytrahraun: frá Yztahliði liggja þrír stígar eða götur yfir hraunið. Syðst er Hestaklettsstígur, kemur niður sunnanvert við Hestaklett, sem er hár og mikill klettur neðan á hrauninu. " Erfitt er að greina nokkurn stíg í grónu og lyngvöxnu hrauninu nú. Í hrauninu sést á þessum stað á stuttum spotta ógreinilegur slóði sem gæti verið leifar Hestaklettsstígs þó að erfitt sé að fullyrða um það. Hnit voru tekin norðan vörðunnar en sunnan Hestakletts.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 8.

SB-203:057 *Borgarvörðustígur* gata 65°32.354N 17°00.917V
"Ytrahraun: frá Yztahliði liggja þrír stígar eða götur yfir hraunið Borgarvörðustígur liggur frá Yztahliði til norðvesturs, niður á Borgarfit." segir í örnefnalýsingu. Borgarvörðustígur liggur austan við Vörðuna og síðan sveigir hann til vesturs og heldur áfram að Fitinni.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 8.

SB-203:058 *Yztugötur* gata 65°32.519N 17°01.077V
"Ytrahraun: frá Yztahliði liggja þrír stígar eða götur yfir hraunið Yztugötur liggja norður með vatninu, norður á gróna eyri, heitir Sandeyri." segir í örnefnalýsingu. Þessar götur eru í raun framhald Borgarvörðustígs til norðurs og þar sést mjór stígur.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Grænavatn, 8.

SB-203:059 *Borgarvarða* varða 65°32.341N 17°00.856V
" Yztugötur liggja norður með vatninu, norður á gróna eyri, heitir Sandeyri. Neðan við hana heita Hryggir. Þá kemur Borgarfit við vatnið. Sunnan við hana Borgarvarða." segir í örnefnalýsingu. Borgarvarða stendur á hraunhrói. Varðan er lág og þykk.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 8.

SB-203:060 *Oddastaðir* bæjarstæði býli/sel 65°28.531N 17°04.490V



1712: "Oddastader heitir fornt eyðiból bæjarleið framm frá Grænavatni, þar hefur heimajörðin stundum brúkað selför. Á þessu eyðibóli var byggt upp kot fyrir vel 30 árum, og varaði bygðin 4 eður 5 ár." segir í jarðabók Árna og Páls. 1839: "Grænavatnskot og Oddsstaðir í Grænavatnslandi .. . vita menn ekki hvaðnær lögðust í eyði." segir í sóknalýsingu. "Oddastaðir (Oddsstaðir). Eyðibýli, yst í Sellöndum, austan við Sellandagróf. Þar eru bæjartóftir og túngarður svo og sporöskjulaga tóft með sporöskjulaga gerði utan um. ¹¹ segir í söguminjaskrá.

Oddastaðir eru á austurbakka Sellandagrófar, um 1 km sunnan við þar sem grófin rennur í Kráká. Við norðurhorn rústasvæðisins er hlykkur á grófina til austurs og hefur hún þar tekið af túnhorninu. Lyngmóasvæði meðfram Sellandagróf en berir melar eru ofan við og er rofkanturinn aðeins um 20-40 m frá rústasvæðinu. Rofgeirar (vatnsrásir) eru líka norðan við rústasvæðið mjög nálægt því. Þá hefur Sellandagróf brotið af túninu norðvestan til. Ekkert valllendi er á

þessum stað eins og á Flötum vestan ár og sunnar sbr. Sellandarétt. Túnstæðið er í aflíðandi brekku sem er allbrött til beggja enda (N og S) en í miðjunni gengur pallur fram í hlíðina og á honum er aðalrústin á grænum hól. Hóllinn er 35x20 m og á honum sést ein stór tóft með stórum stein í dyragætt, 1 0x8 m, en sunnan við hana eru tvö minni hólf. Sennilega leifar selsins. 30 m sunnar, nær túngarðinum er stök tóft, 13x12 m, með dyr til vesturs, og 20 m þar sunnan við er einnig stök tóft, sem skiptist í þrjú hólf, 22x 11 m að utan, liggur samhliða garðinum, 5 m frá honum. Ofan við aðalrústina, og heldur norðar, er tóft byggð utan í túngarðinn, 7x3 m að innan, og 60 m norðar er önnur sem byggð er innan í túngarðinn, og snýr þvert á hann, 10x10 m. 20 m neðan og NNV við aðalrústahóllinn er lítill grænn hól sem þó hefur ekkert tóftarlag og 20 m neðan og NNV við hann er annar grænn rústahóll með tvíhólfa girðingu á, sem að hluta til er horfin vegna landbrots Sellandagrófar. Girðingin er 13x9 m og sýnist vera frá svipuðum tíma og seltóftin. Sporöskjulaga tóft í sporöskjulaga garði fannst ekki við vettvangsathugun 1999 en svæðið er allt á kafi í fjalldrapa og víði og má vel vera að þar séu fleiri rústir.

Hættumat: hætta vegna uppblásturs

Heimildir: JÁM XI, 232; SSB, 125; AFSkút e HH.

SP-203:061 Sellandahús

4 seltóftir

65°27.702N

17°05.446V


"Sellandahús (Grænavatnssel?). Rústir á vesturbakka Sellandagrófar. Þar hefur verið reistur gangnamannakofi." segir í söguminjaskrá. "Þar eru allmargar tættur, sem eru trúlega af sel- og beitarhúsum."


segir í örnefnalýsingu. Sellandahús eru fast á vesturbakka Sellandagrófar, um 2 km sunnan við Oddastaði 060 og liggur jeppaslóði þangað eftir Sellandaás.

1840: "Grænavatn [á selstöðu] fram í Sellöndum." SSP, 123. Haft var í seli í Sellandahúsum til 1904. Talað er jöfnum höndum um Sellandahús og Sellandasel. Fyrir utan gangnamannakofa, sem er timburhús sem hvílir á steinum, er uppistandandi grjót- og torfhlaðið hesthús með járnþaki og grjóthlaðin rétt áföst við það. Norðan við hana eru fornlegar tóftir á tveimur stöðum og nýlegri fjárhústóft sunnan við gangnamannakofann.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: AFSkút e HH; Ö-Grænavatn, 32.





SP-203:062 Höllusel

65°28.005N

17°05.401 V

"Höllusel. Það er eitt af seltóttum Grænavatns suður í Sellöndum. Óljósar byggðasagnir eru við Höllusel tengdar." segir í örnefnalýsingu. "Höllusel er skammt fyrir innan Oddastaði "Hóll með kofarústum" (örnefnalýsing). Halda menn að þar hafi búið einsetukona með

Þessu nafni en trúlega er þetta gamalt sel (ekki skoðað) ... Tóftir við Sellandagróf. Rústir og garður um 5 - 700 m norðan við Sellandahús." segir í söguminjaskrá. Rúmlega 500 m norðan við Sellandahús 061, heldur norðar en beint austur af Grasaskarði, á vesturbakka Sellandagrófar er garðlag og óljós tóft, sem getur átt við lýsingu Helga Hallgrímssonar og mun það vera sama og Höllusel, sem skv. lýsingu staðkunnugra á að vera suðaustan við Sellandarétt. Garðurinn er eina augljósa mannvirkið en tóftin er á kafi í víði og því illgreinileg. Stórþýfð valllendisflöt milli Sellandaáss og Sellandagrófar og er hún víðast komin á kaf í víðikjarr á þessum stað en norðar er meira af fjalldrapa og birki. Flötin er aðeins um 100 m breið á þessum stað, ofan við eru lyngmóar og svo blásinn ásin, en um 150 m norðar víkka flatirnar mikið og hefur þar verið mikið graslendi áður en kjarrið tók að dafna. Þessi vegsummerki eru alls ekki ótvíræð en þetta er þó eini staðurinn sem hægt er að koma heim við lýsingu Helga Hallgrímssonar. Norðar, nær Sellandarétt, gætu víða leynst tóftir á kjarri vöxnum flötunum. Tóftin er 1 0x4 m og snýr N-S en garðlagið hefst 10 m norðan við hana og sést greinilega á 5 m parti sem sveigir til NNV. Þar er um 1 m vik og næst kemur greinilegur 13 m langur kafli sem liggur beint í vestur. Þá er annað vik og síðan kemur 6 m kafli sem liggur til VSV. Þaðan má rekja garðinn í sveig til suðurs um 20 m en mjög er hann þó ógreinilegur og hverfur síðan alveg í lyngmóann. Það er því aðeins nyrðri hluti gerðisins sem sést og hefur það verið um 35 m breitt og varla minna en 40 m langt.

Hættumat: engin hættu.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 253; AFSkút e HH.

SP-203:063 Sellandarétt

réttartóft


65°28.343N

17°05.130V

"Sellandarétt. Stór fjárrétt á Flötum, austan við Ásinn norðan Grasaskarð. Lögð af um 1910." segir í söguminjaskrá. Austan við Sellandaás, milli hans og Sellandagrófar, er vallendisgrund, Flatir, sem nú er að stórum hluta komin á kaf í birkir og víðikjarr. Réttin er norðarlega á þessum Flötum, um 500 m norðan við Grasaskarð og um 1 km sunnan við Oddastaði 060. Á sléttri vallendisflöt, víði og birkikjarr austan og sunnan við. Ekkert grjót sést í veggjum réttarinnar og er hún mjög útfloft en þó vel skýr. Almennurinn er 35x20 m og eru tveir dylkar norðan við hann, 4 austan við og 5 vestan við.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: AFSkút e HH.




SP-203:064 *Strengjarétt*

réttartóft

65°29.537N 17°03.134V

"Strengjarétt. Fjárrétt úr grjóti, á bakka Krákár, undir Strengjabrekku. Talin vera gömul skilarétt." segir í söguminjaskrá. Utan við Hrutvíðirsel sveigir Kráká til suðurs en um 200 m norðan við þar sem hún beygir aftur

til norðurs er Strengjarétt á sléttum melum við ána, undir Strengjabrekku. Slóðin að Sellandaseli liggur ofan á/austan í þeirri melhæð og sést réttin af henni er farið er út á brún í viki þar sem áin sést af slóðanum. Á sléttum meleyrum, um 70 m frá árbakka. Allt umhverfis er



mjög blásið og gróðursnautt. Réttarveggirnir standa víðast 3-5 umför, hlaðnir úr grjóti í gegn, 1-1,5 m þykkir. Grónir sandskaflar liggja víða upp að hleðslunum en inni í almenningnum er ber melur eins og í kring um réttina. Dilkarnir eru allir hálffullir af sandi. Almennurinn er 40x35 m og eru 3 dylkar á A, N og V hliðum en dyr á almenningnum til suðurs. Dyr eru á hverjum dylk inn í almenninginn og út úr réttinni, nema á suðaustasta dylknum sem aðeins hefur dyr inn í almenninginn. Í austasta dylkmun á norðurhlið er lítil grjóthlaðin kró.

Hættumat: hætta vegna uppblásturs.


Heimildir: AFSkút e HH.

SP-203:065 *Sveigakot*

býlistóft

65°30.926N

17°01.726V



"Sveigakot. Rústir (?) á blásnum mel við Syðsta-Sveig, austan við Randarskarð." Sveigarnir eru graslendi sunnan við syðstu tún á Grænavatni, vestan við hraunbrúnina og liggur vegarslóði um þá meðfram brúninni. Sunnarlega liggur slóðinn yfir lítinn mel og er Sveigakot vestast á honum, um 5 m austan við gróðurröndina. Sunnar er öskuhaugur með beinadreif ofaná en 30 m norðar eru steinaraðir eftir hústóft. Þessi staður er heldur sunnar en á móts við húsin í Baldursheimi. Lítil varða er á melnum beint austur af tóftinni. Á hálfblásnum mel og eru enn svolitlar moldarleifar og smágróður (-20 %), m.a. litlar loðvíðihríslur. Í kring, að norðan, vestan og sunnan er slétt graslendi að Kráká en að austan er úfið hraun. Á öskuhaugnum, sem er sporöskulaga, um 10x8 m, eru bein, nokkuð af brenndum beinum, örlítið af viðarkoli og einn járngjallmoli fannst. Það sem lá laust á yfirborði var tínt saman og tekið til handargagns. Sum beinanna eru mosavaxin, sem bendir til að þau hafi legið lengi á yfirborði. Beinir voru send til greiningar í New York haustið 1998 og benda niðurstöður til að um sé að ræða öskuhaug frá býli, því auk fiskbeina hafa greinst þar kúa, kindar og


hestabein. Í tóftin er mest ávalt melagrjót einnig hraunhellur sem hafa verið færðar á staðinn. Tóftin er 12x4 m og við nyrðri langvegg virðist vera ferhyrnt afhýsi, um 4x4 m. Mælingarnar eru á einföldum grjótröðum sem sennilega eru innbrúnir veggja. Ekkert grjót sést fyrir vesturgafli og gæti tóftin hafa verið lengri. Austan við austurgafli eru hraunhellur og annað grjót sem gæti verið byggingaleifar.

Hættumat: mikil hætta vegna uppblásturs.

Heimildir: AFSkút e HH.

SD-203:066 Gömlu-Melhús 2 beitarhúsatóftir

65°31.605N 16°54.190V



"Gömlu-Melhús. Rústir á Gränavatnsmelum, sunnan við Villingafjall. Sagðar hafa verið beitarhús." segir í söguminjaskrá. Gömlu Melhús eru um 400 m sunnan við Melhús, stór stakur sandhóll gróinn melgresi, sá eini á stóru svæði. Beint suður af Villingafjalli. Gróinn sandhóll í lítt grónu helluhrauni. Melgresisbörð eru á stöku stað en beitaland lítið nema austar, í fjallsrótum. 2 tóftir og er önnur uppi á hólnum, mjög sandorpin og sést aðeins í hleðslur á tveimur stöðum og L-laga dæld á milli. Hin er austsuðaustan undir hólnum, byggð inn í hann og stendur sú mun betur og gæti nýst sem aðhald enn. Í henni eru 8 umför í grjóthleðslunni. Hún er 6x3 m að innan.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: AFSkút e HH.


SP-203:067 Melhús

beitarhúsatóft

65°31.835N

16°54.106V

"Melhús. Rústir á Gränavatnsmelum norðan við GömluMelhús. Sagðar hafa verið beitarhús. Sunnan við Villingafjall." segir í söguminjaskrá. Tóft Melhúsa er nyrst í Gränavatnslandi, um 3 00 m sunnan við Garðsmerki og um 600 m SSA af Garðsborg og um 400 m NNV við Gömlu Melhús 066, beint suður af Villingafjalli. Á breiðum hól vöxnum melgresi og sést hann vel frá Garðsborg. Hann er eini hóllinn af því tagi á svæðinu fyrir utan Gömlu-Melhús 066. Lágur en breiður hóll gróinn



melgresi og grænu grasi efst og inni í tóftinni. Í kring er sandorpið helluhraun, lítið gróið fyrir utan melgresisbörð hér og þar. haglendi er helst að finna austar, í fjallsrótum. Tóftin er aflöng, eitt stórt hólfið og dyr austast og vestast á norður-langvegg. Fyllt hefur verið upp í vestari dyrnar. Í norðurlangvegg eru 6-8 umför af tvöfaldri grjóthleðslu og er mold á milli. Suðurlangveggur er hlaðinn utan í haunvegg en tóftin er byggð á sandskafla efst í hraunsprungu sem heldur áfram til vesturs. Viðir úr þekjunni liggja uppi á hraunkambinum sunnan við tóftina og eru greinilega ekki margir áratugir síðan hætt var að nota beitarhúsið. Vörðuð leið er frá Melhúsum að Grænavatni og standa margar vörðurnar vel.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: AFSkút e HH.

SD-203:068 Grænavatnsstífla stífla 65°30.902N 17°02.272V
 "Grænavatnsstífla. Stífla í vetrarfarvegi Krákár í Randarskarði." segir í söguminjaskrá. Skammt sunnan við Baldursheim kvíslast vetrarfarvegir frá Kráká til vesturs og var hlaðin stífla fyrir þá til að halda vatni á Framengjum. Stíflan er nú alveg horfin syðst í skarðinu en norðan til má rekja grjóthlaðin garð um 250 m og endar hann að norðan þar sem austurbakki árinna hækka á ný. Á sandeyrum milli hárra grasbakka á bakka Krákár. Grjóthlaðinn garður sem orðinn er mjög hlykkjóttur og hruninn að ofan. Hann er slitróttur syðst og sést þar aðeins sem grjóthróngl á stangli en nyrstu 100 m er samfelld grjótbreiða, 1-2,5 m þykk. Hjörleifur Sigurðsson hefur grafið niður með garðinum og sá ummerki á 2 m dýpi. Áin mun yfirleitt hafa rutt sér leið í gegnum garðinn í vorleysingum og þurfti því að bæta við hann árlega.

Hættumat: hætt vegna vatnsaga.

Heimildir: AFSkút e HH.

SD-203:069 2 tóftir 65°28.305N 17°05.011 V
 Beint austur af suðurenda Sellandaréttar, eða heldur sunnar er grænn hóll með hundapúfu fast á austurbakka Sellandagrófar. Grynri farvegur grófarinnar er austan við tóftarhól þennan og er hann því eins og á eyju í grófinni. Á vallengishól sem nú er að mestu kominn á kaf í fjalldrapa og víði. Nyrðri tóftin er aflöng, 4x2 m og skiptist í tvö hólfi. Hún er austan við í hundapúfu en undir henni grillir í annað hólfi. Þessar mannvirkjaleifar eru á eldri rústum. Hin tóftin er 3 m sunnar, 2,5x1,5 m að innanmáli, og er norðausturhornið alveg ógreinilegt. Ekki er óhugsandi að þessar rústir séu af Hölluseli.

Hættumat: engin hætt.

SD-203:069 gripir
 1870: "Stórt TVÍEGGJAÐ SVERÐ (eða korði), það er 1 al. 15 1/2 þuml. á lengd brandurinn upp að hjöltum, en 1 þuml. 1/4 á breidd uppvið hjöltin; fram eptir miðjum brandinum er mjó laut; hjöltin eru mjó og þunn, með gröfnum spöðum á endunum. Utan um hendina er stór handbjörg, samsett af hérumbil 13 spaungum, 2 af þeim eru brotnar burt, á spengurnar eru grafin tvö mannshöfuð og ýmsar rósir, flestar með ferhyrnu og þríhyrnu lagi; að aptan er stór hnappur úr járn, sívalur og apturmjór. Meðalkaflinn er víst nýlega settur á. Þess kyns sverð höfðu menn mjög í óeirðunum við siðaskiptin 1550, helzt heldri menn, og mun þetta sverð vera frá þeim tíma, en varla eldra. Það fannst fyrir 29-30 árum í svonefndu "Suðurárhrauni", sem er áfast við Ódáðahraun og einn ángi af því ... "
 í Þjms. 790

Heimildir: Skýrsla FÍ II, 155-56

SD-203:070 Fálkapúfa ytri varða 65°29.191N 17°04.342V

"Nyrsta mólendið í Sellöndum nefnist Sporður. Nær hann suður að Sellandagróf og Fálkapúfu, Ytri- sem er talsverður hóll með vörðu á, suðvestur af Stórafossi. Lítið sunnar er önnur þúfa eða hæð, en minni, Syðri-Fálkapúfa." segir í örnefnalýsingu. Utan við Hrútvíðirsel tekur Kráká á sig stóran sveig til suðurs og er graslendi þar í Sporðinum sunnan við ána. Suður og upp af því er hóll með gróinni vörðu á, sem heitir Fálkapúfa ytri. Önnur svipuð varða er á hólkoli um 250 m sunnar og er það Fálkapúfa syðri. Varðan er á berum mel, 2x2 m í botninn og um 1 m há, hrunin og algróin.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 12.

SÞ-203:071 Grófarselsgróf

65°26.590N 17°05.975V

"Milli Sellandagrófar og Krákár liggur samfelldur melás, allt frá miðri Pollagróf og suður að Grófarselsgróf, sem kemur úr Stórhólmýri og rennur í Kráká, gegnt Krákárbakka." segir í örnefnalýsingu. Grófarselsgróf er lækur sem fellur í Kráká á móts við nyrstu húsin á Krákárbakka, æðispöl sunnan við Stórhól. Grófin kemur úr mýri en fellur svo í dragi um gróinn sand. Ekki sjást neinar rústir á þessu svæði og hefur aldrei um slíkt frétt að sögn staðkunnugra. Grófin liggur úr mýri, um sand - sem eflaust hefur verið algróin áður, og um grasi gróinn árbakka Krákár.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 13.

SÞ-203:072 Byrgistorfa

"En sunnan í [Sellandafjalli] vestan til er gróðurtorfa, sem heitir Byrgistorfa." segir í örnefnalýsingu. Torfan er uppi í hlíðinni rétt austan við suðvesturhorn fjallsins. Ekki er vitað um neitt byrgi eða önnur mannvirki þar.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 13

SÞ-203:073 Hrauntunga bæjarstæði

býli/sel

65°16.400N

17°05.636V


FRIDLÝSTAR MINJAR

"Eyðibýlið Hrauntunga stendur við næstvestustu kvísl Suðurár, á vesturbakka hennar örskammt neðan við upptökin" Staðurinn er vitlaust merktur á Herforingjaráðskorti - Jóhann Briem í ÚAT, 168 1. nmgr. Sunnan við Suðurá eru tvær meginkvíslar sem renna úr suðri í Suðurá undan sjálfum hraunkambinum. Milli þeirra og austan við eru fleiri kvíslar, minni, sem eiga upptök niðri á sléttlendinu fjær hraunkambinum. Hrauntungurústir eru á vesturbakka vestari meginkvíslarinnar, alveg upp undir hraunkambinum þar sem kvíslin kemur undan honum. Um 70 m eru frá upptökum kvíslarinnar að megintóftaþyrpingunni. Frá þessum stað eru um 1,5 km að austustu upptökum Suðurár.

Ólafur Jónsson segir svo frá Hrauntungu: "Ekki er sennilegt, að þar hafi nokkru sinni verið mýr [142] lendi, en þó gæti verið að lindir undan hraunjaðrinum hafi einhvern tíma bleytt þar túnstæðið, en þess sjást nú engin merki. Nú er gróður lítill umhverfis rústirnar. Ekki mun þó túnið hafa blásið beinlínis upp, öllu frekar sandorpizt." Ódádahraun III, 141-42.

Tóftimar eru mjög sandorpnar og blásnar og sér hvergi neitt húslag og túngarðurinn er horfinn með öllu. Mikill sandur hefur fokið ofaná tóftirnar, víða 0,5 m eða meir en undir honum sér í fína gróðurmold í börðum.

Ennfremur segir Ólafur: "Bærinn hafði staðið á vesturbakka kvíslarinnar og verið þrjár húsaraðir. Í miðröðinni voru þrjú hús. Var stærsta og syðsta húsið eldaskáli, en norður



úr honum lítið hús og annað, líklega búr, vestur úr skálanum. Nyrzta húsið í miðröðinni hefur líklega verið skemma og utangengt í hana, en vestur af henni annað hús áþekkt. Syðra húsið í austustu röðinni mun hafa verið bæjardyr, gengið í þær að sunnan og úr þeim inn í skálann og í hitt húsið í þessari sömu röð, sem mun hafa verið skemma. Stærð húsanna hefur verið frá 3x3 m til 4x5 m innanmál, en eldaskálinn langstærstur, eða um 4x13 m.

Skammt suður frá bænum er ferhyrnd tótt, sem mun hafa verið smiðja, því að þar fannst gjall, kol, aska, eldstó, naglar o. fl. Þar fyrir sunnan, fast við kvíslina, eru svo leifar af stórum öskuhaug, sem að nokkru er kominn í kvíslina. Í honum fundust bein úr hestum, geitfé, smávöxnu sauðfé og nokkur bein úr smáum nautgripum.

Vestur af þessum rústum eru svo þrjár tættur með nokkru millibili, sem munu hafa verið peningshús, en hringlöguð rétt hefur verið spólkorn norður með kvíslinni. Loks hefur svo legið túngarður í sveig frá kvíslinni norðan og vestan við allar þessar byggingar að hraunbrúninni, en að austan ver kvíslin, sem er vatnsmikil og djúp. Landstærð innan þessara marka er um fjórir hektarar.

Engir merkir forngrípir hafa fundizt í Hrauntungu. Þó hefur fundizt þar kambur með eirspöngum, járnaglar, litlir steinsnúðar og eitthvað fleira.

Erkes leitað líka í rústunum í Hrauntungu árið 1910, en fann þar fátt verðmætt."

Ódádahraun III, 142

Daníel Brunn mun fyrstur hafa skoðað Hrauntungu nákvæmlega og fylgir hér lýsing hans: "Hrauntunga (26) er nú kallað fornbyli eitt (VII, XIX-XX. Tafla), sem komið hefir í ljós á síðari tímum nyrzt í Ódádahrauni, rétt fyrir sunnan Suðurá og nærri upptökum hennar. Tóftirnar standa við læk á dálítilli sléttu; kemur lækur sá undan hrauninu og verður fljótt töluvert breiður; norðan og austan við sléttuna rennur Svartá og lækurinn, en á hinar hliðarnar er hraunið. Sandur hefir um tíma lagst yfir tóftirnar og hraunið umhverfis og gróði svo upp að nokkru leyti, en síðar hefir þar blásið upp. 1. Bærinn; þar eru 3 hús í einni lengju (a,b,c) og út úr henni 2 kofar að húsabaki (d,e), svo og 2 kofar fram á hlaðið (f,g). Í miðju húsinu a hefir verið eldstó og þrep (set) virðist hafa verið undir hliðunum. Úr a hafa dyr verið á veggnum inn í b. Þessi herbergi hafa eflaust verið eldhús og stofa. Úr c hafa dyr verið fram á hlaðið. Dyr virðast hafa verið úra inn í d; þar hefir fundist beinkambur með eirspöngum, járnaglar og litlir steinsnúðar, slíkir sem oft finnast í fornum rústum hér á landi; má vera, að þeir hafi verið hafðir sem töflur í talfi. Tóftirnar e, f virðast hafa verið geymslukofar. Bæjardyrnar hafa líklega verið á g og snúið í suður. 2. Lítið ferhyrnt hús (7-8 skref á hvern veg), nær 20 skref suður frá bænum, hefir eflaust verið smiðja, því að þar fannst gjall, kol og aska, eldstál, naglar o. fl. 3. Nær 35 skrefum fyrir sunnan þessa tóft og rétt við lækinn fundust leifar af stórum öskuhaugi, er bersýnilega hafði verið miklu stærri áður, því að mikið af honum hefir runnið niður í lækinn. Í hauginum var mikið af beinum, er varaumsjónarmaður H. Winge hefir rannsakað og fundið vera af hestum, geitfé og smávöxnu sauðfé, enn fremur fáein bein af smávöxnum nautgripum. 4. Þessi tóft er 16 skref á lengd og 3 1/2 skref á breidd; fjárhús. 5. Tvískipt tóft 15 skref á lengd og 3 1/2 skref á breidd; fjárhús. 6. Þessi tóft er mjög óregluleg; hún er fjögur skref að breidd í annan endann og nær helmingi breiðari í hinn. Öll er hún 16 skref á lengd; hefir líklega verið fjárhús eða hesthús eða heygarður við. 7. Kringlótt girðing, 8 skref að þvermáli, dyr vita í norður. Hér hafa verið kvíar. 8. Kringum túnið að norðan og vestan liggur túngarður í boga; að austanverðu er lækurinn og sandhólar að sunnan. Það er eflaust þetta fornbyli, sem nefnt er í Jarðabók Á. M " DB, Árbók 1898, 70- 71.

1996: Aðaltóftaþyrpingin er allhár hóll fast á bakka kvíslarinnar og eru víða í honum sandorpnar gjótur og sjást í þeim hraungrýtishleðslur á nokkrum stöðum sem snúa eins við áttum. Smáhólar eru bæði sunnan og vestan við aðaltóftaþyrpinguna á stöðum sem koma heim við lýsingu DB en ekki sést neitt sannfærandi rústalag á grjótinu í þeim og eru þeir greinilega náttúrulegir hraunhólar í botninn en á sumum eru þykkir sandskaflar upp að þeim

sem gætu hulið rústir. Tóftirnar eru austast og innst í breiðu viki milli hraunkambsins og Suðurár og er í því sandorpið eldra hraun að mestu gróið en þó eru víða börð. Um 40 m sunnan við aðaltóftaþyrpinguna er um 10x10 m rofblettur þar sem sjást mörg smá blágrýtishellubrot sem greinilega eru flutt á staðinn, nokkur brennd bein og aska sást í rofkanti. Sennilega er þetta sami öskuhaugur og DB lýsir. Mjög há rofabörð norðan árinna vitna um hraustlegra ástandjarðvegs og gróðurs á þessum stað fyrr á tíð.

Að sögn Hjörleifs Sigurðarsonar á Grænavatni eru á 3 til 4 stöðum í hrauninu suður frá Hrauntungurústum hleðslur uppi á stærstu hlössunum, stærri en vörður. Þær eru alllangt suður í hrauninu en innan við 3 km frá Hrauntungu.

Hættumat: mikil hættu vegna rofs.

Heimildir: Árb 1898. F, 71, 74; Árb 1906, 10; Bruun 1928: 166-71.

SB-203:074 mannabein legstaður

Þórður Flóventsson segir að árið 1910 hafi fundist þrjár beinagrindur norðan við Hrauntungurústir. Virtist höggfar á einni hauskúpunni, en handleggur brotinn á annarri beinagrind - ÞF Laxa og silungaklak á Íslandi, 192 Ólafur Jónsson bætir því við að mannabein hafi víðar fundizt á þessum slóðum - Ódádahraun III, 143. Væntanlega sama og "Mannabein hafa fundizt í Mótungunni, vafalaust forn dys." Ódádahraun I, 182.

Heimildir: Laxa og silungaklak, 192; Ódádahraun III, 143, 182.

SB-203:075 Vegbarg örnefni

Þórður Flóventsson segir að rekja megi vörðubrot frá Hrafnabjargavaði á Skjálfandafljóti, austur og er í því sandorpið eldra hraun að mestu gróið en þó eru víða börð. Um 40 m sunnan við yfir frambruna að Vegborg, sem er skammt sunnan við Hrauntungu.

Heimildir: Laxa- og silungaklak á Íslandi, 192.


SB-203:076 Botnatóft gerði 65°17.725N 17°05.7171 V

"Þar er og Botnstóft, tvíhlaðin tóft úr hraungrýti, með um axlarháum veggjum. Telia sumir

það áningarstað biskupa á leið þeirra frá Skálholti til Austurlands. segir í örnefnalýsingu. Botnatóft. Rúst skammt frá Botnakofa, sen er gamall gangnamannakofi við Suðurrákvíslar, nokkru neðar e1 Hrauntunga(?). Rústin er um 20 m löng og um 10 m breið, talin hafa verið fjárhús eða sæluhús. Botnatóft er um 200 m austan vit Botnakofa 009, um 50 m norðan við Suðurá, í austurenda graslendisskika sem teygir sig til norðurs inn í hraunið milli 00: og 009. Í hraunjaðri, til ASA er smápýfður grasmói á árbakkanum Réttin er hlaðin úr hraungrjóti, allstóru víðast. Hún er mjög vel hlaðin og er NV horn t.d. bogadregið. Hleðslur standa allt að ' umförum og er nær alveg heil að innan, en að utan er hún víð: hrunin einkum á vestur- og norðurhlið. Hleðsla í veggjum e tvöföld og eru þeir um 1,5 m þykkir. Á milli hleðslanna er mold. Dyr eru á suðurvegg út að Suðurá. Þessi rúst er allsérkennileg því hún er of breið til að sennilegt sé að hún hafi verið undir þaki en hinsvegar eru veggir hennar mun stæðilegri en tíðkast með fjárréttir og hefur það leitt til getgáta um hlutverk þessa mannvirkis.

Hættumat: hættu vegna rofs.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 18; AFSkút e HH.



SB-203:077 Botnakofi sæluhústóft 65°17.844N 17°05.947V

sem gætu hulið rústir. Tóftirnar eru austast og innst í breiðu viki milli hraunkambsins og Suðurár og er í því sandorpið eldra hraun að mestu gróið en þó eru víða börð. Um 40 m sunnan við aðaltóftaþyrpinguna er um 10x10 m rofblettur þar sem sjást mörg smá blágrýtishellubrot sem greinilega eru flutt á staðinn, nokkur brennd bein og aska sást í rofkanti. Sennilega er þetta sami öskuhaugur og DB lýsir. Mjög há rofabörð norðan árinna vitna um hraustlegra ástand jarðvegs og gróðurs á þessum stað fyrr á tíð.

Að sögn Hjörleifs Sigurðarsonar á Grænavatni eru á 3 til 4 stöðum í hrauninu suður frá Hrauntungurústum hleðslur uppi á stærstu hlössunum, stærri en vörður. Þær eru alllangt suður í hrauninu en innan við 3 km frá Hrauntungu.

Hættumat: mikil hætta vegna rofs.

Heimildir: Árb 1898. F, 71, 74; Árb 1906, 10; Bruun 1928: 166-71.

SB-203:074 mannabein legstaður

Þórður Flóventsson segir að árið 1910 hafi fundist þrjár beinagrindur norðan við Hrauntungurústir. Virtist höggfar á einni hauskúpunni, en handleggur brotinn á annarri beinagrind - ÞF Laxa og silungaklak á Íslandi, 192 Ólafur Jónsson bætir því við að mannabein hafi víðar fundizt á þessum slóðum - Ódádahraun III, 143. Væntanlega sama og "Mannabein hafa fundizt í Mótungunni, vafalaust forn dys." Ódádahraun I, 182.


Heimildir: Laxa og silungaklak, 192; Ódádahraun III, 143, 182.

SB-203:075 *Vegborg* örnefni

Þórður Flóventsson segir að rekja megi vörðubrot frá Hrafnabjargavaði á Skjálfandafljóti, austur og er í því sandorpið eldra hraun að mestu gróið en þó eru víða börð. Um 40 m sunnan við yfir frambruna að Vegborg, sem er skammt sunnan við Hrauntungu.

Heimildir: Laxa- og silungaklak á Íslandi, 192.

SB-203:076 *Botnatóft* gerði 65°17.725N 17°05.7171V



"Þar er og Botnstóft, tvíhlaðin tóft úr hraungrýti, með um axlarháum veggjum. Telja sumir það áningarstað biskupa á leið þeirra frá Skálholti til Austurlands." segir í ömefualýsingu. Botnatótt. Rúst skammt frá Botnakofa, sem er gamall gangnamannakofi við Suðurárvíslar, nokkru neðar en Hrauntunga(?). Rústin er um 20 m löng og um 10 m breið, talin hafa verið fjárhús eða sæluhús. Botnatótt er um 200 m austan við Botnakofa 009, um 50 m norðan við Suðurá, í austurenda graslendisskika sem teygir sig til norðurs inn í hraunið milli 008 og 009. Í hraunjaðri, til ASA er smápýfður grasmói á árbakkanum. Réttin er hlaðin úr hraungrjóti, allstóru víðast. Hún er mjög vel hlaðin og er NV horn t.d. bogadregið. Hleðslur standa allt að 5 umförum og er nær alveg heil að innan, en að utan er hún víða hrunin einkum á vesturog norðurhlið. Hleðsla í veggjum er tvöföld og eru þeir um 1,5 m þykkir. Á milli hleðslanna er mold. Dyr eru á suðurvegg út að Suðurá. Þessi rúst er allsérkennileg því hún er of breið til að sennilegt sé að hún hafi verið undir þaki en hinsvegar eru veggir hennar mun stæðilegri en tíðkast með fjárréttir og hefur það leitt til getgáta um hlutverk þessa mannvirkis.

Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 18; AFSkút e HH.


SB-203:077

Botnakofi

sæluhústóft

65°17.844N

17°05.947V



"Um 3 km. ofan við aðhöldin á Stórufljesju eru upptök nyrstu kvíslar suðurár. Heita þar Botnar, og einnig! andsvæðið norður af upptökunum. Þar er Botnakofi, gamall leitarmanakofi, sem er orðin ónýtur." segir í ömefualýsingu. Botnakofi er gamall gangnamannakofi við Suðurárvíslar, nokkru neðar en Hrauntunga. "Austan við austustu kvíslina er leitarmanakofi, hlaðinn úr hellugrjóti með torfþaki, rúmgóður, en rakur og óvistlegur." Ódádahraun I, 182 - Langt er síðan hætt var að nota kofa þennan og gistu gangnamenn í Svartárkoti þar til byggingar hófust við Stórufljesju í Suðarárbotnum um 1980 -

BBBSP, 355. Kofinn er um 60 m norðan við eina af vestustu upptakakvíslum Suðurár að norðan, en um 40 m norðan við bíslóða sem liggur frá Stórufljesju norðan með Suðurá og innfyrir Suðarárbotna. Ofan við kofann er varða úr tveimur dröngum sem halla saman í

toppinn og nokkrir minni steinar þar ofaná. Vestast á graslendissvæði milli hrauns og ár. Kofinn er hlaðinn úr hraungrjóti utan í moldarbarð. Grjót er mjög stórt og vel hlaðið. Hleðslan í veggjunum er tvöföld og er mold á milli. Bárujárnsþak hefur verið á kofanum síðast. Hleðslurnar standa að mestu enn - 6- 7 umför - nema að rof er komið í SV hornið og byrjað að fjúka upp úr austurveggnum yðst. Stór hella er yfir dyrum, sem eru um 1,6 m háar og ein trappa niður. Þakgrindin hangir enn uppi og eru tvær stoðir undir mæniás. Leifar úr trépalli eru við innrigafl en annars hefur verið moldargólf í kofanum.


Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: Ö-Grænavatn, 18; AFSkút e HH; Ódáðahraun I, 182.

SP-203:078 réttarhleðsla

Í Suðurárbotnum, skömmu eftir að allar kvíslarnar mætast og eftir að áin er aftur farin að falla í strengjum og á flúðum milli víði vaxinna smáhólma. Á austurbakka Suðurár. "Þar er á austurbakka árinna rétt, byggð að mestu úr timbri og grjóti, sem Mývetningar eiga, en þetta er á afrétt þeirra." Ódáðahraun I, 183

Heimildir: Ódáðahraun I, 183.



Kort 11. Fornleifakort. Garður.

SP-204 Garður

8 hdr. 1712. Bændaeign. Brjánsnes var 12 hdr. 1712 en fór í eyði 1804 og var sameinuð Garði. Garður og Brjánsnes voru saman taldar 15 hdr. 1839 - SSÞ, 122.

22.4.1510 selur Halla Kolbeinsdóttir Finnþoga Jónssyni lögmanni 6 hdr í Garði 'vorv nidur fallin aull husin af jorðvne.' DI VIIi, 303-304.

20.4.1561 selur Kolbeinn Arngrímsson Grænavatn með 'veidi j tveimur dráttum fyrir Gardz

landi. þa manudur væri til vetrar. DI XIII, 595 sbr. 709, 72.

12.5.1562 er grænavatn selt með þessum landamerkjum við Garð og Brjánsnes: 'fyrir utan Riede Grænauatzos. og vestur i þa tiorn sem þar geingur a milli. og i gard þann er vestur ur tiornini geingur. og þadan riettsynis vr gards endanum og vestur i Kraka: En landamerki rada austur vr Grænalækiasosi. og i grof þa sem geingur fyrer ofan gard sudur i vogsbott: þann er liggur vid Grænalækiamaut: þadan austur i gard þann er skilur lond i milli Briamsnes og Grænavatz: og ur þeim gardi austur i sydri Burfellskord.' DI XIII, 715-16.

17.7.1703 auglýsir Chrisitian Muller í lögréttu bann við að kaupa jarðir þær sem Þórdís Jónsdóttir fékk í tilgjöf við brúðkaup sitt við Magnús Sigurðsson, en þær eru Skútustaðir, Brjámsnes og Garður. AÍ IX, 230-31.

28.4.1723 samþykkir Þórdís Jónsdóttir sölu Jens Spendrups sýslumanns fyrir hennar hönd á Garði, 8 hdr að dýrleika, til Péturs Bjarnasonar fyrir 44 rdl. specie þann 30.10.1722. AÍ XI, 160.

31.8.1736 er Baldursheimur seldur með því skilyrði að Garður njóti frí og leigulaust selstöðu í Baldursheims landareign, so sem að fornu hafi verið. AÍ XII, 503.

14.4.1798: selur Þórður Björnsson sýslumaður hæstbjóðanda Marteini Þorgrímssyni jörðina Garð, 8 hdr fyrir 150 rdl, 6 sk. kúr, en jörðin var eign dánarbús Ara Ólafssonar á Skútustöðum sem var skuldsett. AÍ XVIII, 397,404. Brjánsnes:

24.5.1560 meðkenndi Kolbeinn Arngrímsson að hafa fyrir mörgum árum gefið Valgerði Einarsdóttur dótturdóttur sinni löggjafir og skildi þar í jörðina Brjánsnes með því skilyrði að hann skildi haldajörðina svo lengi sem hann væri fær til. DI XIII, 485.

20.4.1561 selur Kolbeinn Arngrímsson Grænavatn með veiði ' j .vij. drattum fyrir Briamsnes landi þa manudur væri til vetrar.' DI XIII, 595 sbr. 709, 721.

13.5.1565 er gefin vitnisburður um samræðu Magnúsar Jónssonar prúða og Kolbeins Arngrímssonar á hólnum fyrir sunnan Brjánsnes. Minntist þá Kolbeinn þess að hafa verið úti við slátt er Magnús og menn hans riðu götur þær er liggja austur frá Brjánsnesi. Af þessu má ráða að Kolbeinn hafi búið í Brjánsnesi um þennan tíma. DI XIV, 378-79.

17.7.1703 auglýsir Chrisitian Míller í lögréttu bann við að kaupa jarðir þær sem Þórdís Jónsdóttir fékk í tilgjöf við brúðkaup sitt við Magnús Sigurðsson, en þær eru Skútustaðir, Brjámsnes og Garður. AÍ IX, 230-31.

26.4.1723 selur sr. Sæmundur Magnússon Þorláki Markússyni Brjámsnes, 12 hdr að dýrleika. AÍ XI, 225.

Jörðin skiptist jafnt á milli Garðs I og Garðs II, Garði III fylgir ekki afnotaréttur af landi. Eyðibýlið Brjánsnes er í landi Garðs, í eyði síðan 1804.

1919: 2 ha. 9/10 sléttað, garðar 36 m2. 1986: "Til austurs er landið allt hraun austur að Þrengslaborgum. Við vatnið eru grónir höfðar og gígar, vestan bæjarhólsins vestur að Grænalæk er allstórt mýrlendi. Þar var engjaheyskapur áður." 1839: " ... lan

Heimildamenn: Árni Halldórsson fæddur 1934 í Garði, Þorgrímur Starri Björgvinsson fæddur í Garði 1919 og sonur hans Kári Þorgrímsson fæddur 1959.

SD-204:001 Garður

bæjarhóll

65°33.254N

16°58.538V

"Bæjarhólar. Hólaþyrping með gígskálum. Bærinn stóð á rúmgóðum stalli sunnan og austan í hólunum." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn stóð norðaustan við þar sem íbúðarhúsið í Garði Ill er nú, austan undir steyptri hlöðu. Þar er nú grasflötur eða hlað við hlöðuna og sjást merki gömlu heimreiðarinnar að norðan. Gamli bærinn hefur staðið í brekku en þar er gígasvæði og erfitt að greina hvað eru mannvirkjaleifar og hvað náttúrumyndanir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: Túnkort 1919; Ö-Garður, 6.

SB-204:002 heimild um útihús
65°33.283N 16°58.476V

Um 8 m vestan við gamla bæinn var útihús. Þar er ekki að sjá nein ummerki lengur enda hefur það að mestu verið undir þar sem nú er steyp hlaða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.



SB-204:003 heimild um fjárhús 65°33.294N 16°58.546V

"Lambhúshver. Djúp og víð gígskál milli þessara hóla [009 og Háahóls sem er vestur af 009). ... Lambhús. Um 35 m vestan við gamla bæinn. Fjárhús á suðurbarmi Lambhúshvers." segir í örnefnalýsingu. Ennþá stendur fjárhús á sama stað og húsin sem merkt voru á túnakort 1919. Þetta hús er byggt á grunni þess gamla, veggir þess eru hlaðnir en að öðru leyti er það úr bárujárni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-204:004 Ærhús heimild um fjárhús 65°33.278N 16°58.533V

"Ærhúshóll. Sléttur flötur syðst og vestast á stallinum, sem bærinn stóð á. Ærhús. Syðst á Ærhúshól." segir í örnefnalýsingu. Ærhús var rúmum 50 m suðvestan gamla bæjarstæðisins og standa útihús þar enn. Það er bárujárnhús með hlöðunum veggjum en grjótið úr gamla fjárhúsinu var notað í það.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-204:005 Nýjuhús útihús 65°07.687N 22°36.721V

Um 50 m sunnan við gamla bæinn stendur enn að mestu undir þaki útihús sem merkt var á túnakort 1919. Austurhlið þess er undir þaki en sú vestari ekki. Húsið er úr torfi, grjóti og timbri og er 18 X 8 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SB-204:006 Hesthúsgrund heimild um hesthús 65°33.215N 16°58.519V

"Hesthúsgrund. Syðst í túni. Þar stóðu áður hesthús. Nú er þar íbúðarhús frá Garði I." segir í örnefnalýsingu. Um 120 m sunnan við gamla bæinn stóðu hesthús þar sem íbúðarhúsið Garður I stendur nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919 og Ö-Garður, 7.

SP-204:007 heimild um fjárhús 65°33.236N 16°58.447V

Um 110 m suðaustan við gamla bæinn voru fjárhús þar sem nú standa steyppt útihús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnkort 1919.

SP-204:008 *Brjánsnes* heimild um býli 65°33.507N 16°57.818V

12 hdr 1712. " ... ílandi Garðs, áður sjálfstæðjörð, fór í eyði 1804." "Þegar beygt er norður með Mývatni rétt sunnan við Garðstún, taka fljótlega við Garðsgrundir, sem ná allt að merkjum Kálfsstrandar, sléttar, grónar grundir, sem markast af Garðsbruna að austan. Vestur af Grundunum gengur lágur, bunguvaxinn höfði fram í vatnið. Þar stóð eyðibýlið Brjánsnes, ... " segir í örnefnalýsingu. Bærinn hefur staðið á aflangri hæð norðvestan við litla tjörn sem nú er að mestu uppþornuð og austan við Mývatn, um 200 m vestan við þjóðveginn. Nú sléttuð tún og hefur verið sléttuð yfir allar leifar býlisins.

Hættumat: hætta vegna túnvinnslu.

Heimildir: BBSÞ 1986, 356; Ö-Garður, 3.


SP-204:009 *Mylluhóll* myllutóft 65°33.304N 16°58.469V

"Mylluhóll. Austastur bæjarhóla, norðan bæja. Þar [var] vindmylla reist seint á 19. öldinni til að mala korn. Sést fyrir tóft uppi á hólnum." segir í örnefnalýsingu. 15 m suðaustur af hrútakofanum [011] og 40-50 m norðvestur af íbúðarhúsinu [Garði II] var mylla áður. Á þessum stað er nú fremur dæld en tóft í hólnum. Dældin er um 1,5 m X 2 m og um 30 sm á dýpt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Garður, 6.

SP-204:010 túngarður 65°33.337N 16°58.722V



Norðan við Brennisteinstjörn liggur garður (túngarður) hlaðinn úr grjóti í átt frá tjörninni og í norðaustur. Annar garður eða hleðsla liggur einnig úr tjörninni og dragast garðarnir saman um 30 m norðar. Hleðslurnar eru um 30 m langar en 10 m eru á milli þeirra upp við Brennisteinstjörnina en saman dregur til norðurs og er bilið milli þeirra ekki nema 2 m þar, auk þess sem stór steinn eða klettur lokar hólfinu að mestu.

Hættumat: engin hætta.

SP-204:011 *Hrútakofakrókur* heimild um hrútakofa 65°33.265N 16°58.568V

"Hrútakofakrókur. Kriki vestan í Mylluhól. Hrútakofi. Stendur í Hrútkofakrók. Hrútkofabjarg. Í barmi gígsins framan við Hrútkofa." segir í örnefnalýsingu. Rúmlega 40 m vestur af 001 stendur enn torfhús undir þaki rétt austan við gíg með vatni í. Húsið er ferhyrnt en mjög lítið, sjálfsagt ekki nema 2 X 2 m metrar að stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Garður, 6.

SB-204:012 *Byrgishver* heimild um herslubyrgi 65°33.296N 16°58.669V
"Byrgishver. Gígskál í bæjarhólnum suður af Háhól. Nafnið til komið af því, að þar hefur verið grjótbýrgi, þar sem silungur var látinn signa á veturna." segir í örnefnalýsingu. Byrgishver er vestan við bæinn en er nú að mestu leyti eyðilagður. Þar var tekin mól þegar íbúðarhúsið var byggt. Ekki sést til neinna bygginga á þessum slóðum og kannaðist heimildamaður ekki við býrgið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Garður, 6.

SB-204:013 heimild um rist 65°32.924N 17°01.065V
"Einnig var stundum fengið leyfi til torfristu á Garðsmýri í landi Garðs." segir í örnefnalýsingu. Torf var rist vestur af Grænælæk, nyrst á Garðsmýri á Grænavatnsbökkum. Þarna þótti ekki góð torfrista vegna sands.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 6.

SB-204:014 *Kvíaból* heimild um kvíar 65°33.357N 16°58.481V
"Kvíaból. Stendur á dálitlum bala við vatnið austur af Mylluhól yzt. Þar stóðu kvíar ... Hygg, að fráfærur og þar með notkun þeirra hafi aflagzt á bilinu 1900-1910." segir í örnefnalýsingu. Kvíabólið er norðan við bæjarhólinn í hvarfi fyrir Mylluhól við vatnsbakkann á sléttri flöt. Ekki sjást þar neinar mannvirkjaleifar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: Ö-Garður, 6.

SB-204:015 garðlag 65°33.717N 16°58.829V
Norðan við Þjóðveginn er í landi Skútustaða og Garðs einkavegur meðfram Mývatni. Sunnan við þennan veg er í landi Garðs garðlag. Garðlagið er fast upp við veginn. Það er 0,4 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það er fremur greinilegt en vegarslóðinn sem þar er fer yfir norðurhluta þess. Garðurinn er úr torfi.

Hættumat: engin hætta.

SB-204:016 *Brennisteinstjörn* heimild um þvottastað 65°33.263N 16°58.781V
"Brennisteinstjörn. Dálítil tjörn vestan Bæjarhóls. Nafnið er af því dregið, að í þann tíma, þegar bændur við Mývatn höfðu sér til búdrýginda að taka upp brennistein í Hlíðarnámum og

Fremrinámum, sem Danakonungur átti og lét nytja, og flytja hann á klökkum allt til Húsavíkur, þurftu þeir að þvo brennisteininn, þegar kom í byggð, áður en lengra var haldið. Töldu þeir hættulegt að þvo brennisteininn í Mývatni, gæti spillt veiðivatninu. Notuðu þeir því stakar tjarnir til þess, hver í sínu landi." segir í örnefnalýsingu. Brennisteinstjörnin er vestan við nýja fjósbyggingu. Er strax vestan við bæjarhólana. Tjörnin er sefivaxin og skiptir



sefið tjörninni í tvo hluta. Túngarðurinn liggur út í hana.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 7.


SB-204:017 *Kolgrafaholt* heimild um kolagröf 65°33.241N 16°58.629V
"Kolgrafaholt. Austan við Geysi [gígskál sunnan í Bæjarhólnum]. Þar mun hafa verið gert til kola, og sást þar glögg til kolagrafa." segir í örnefnalýsingu. Á svipuðum stað er Kolagrafakrókur en hann var þar sem íbúðarhúsið í Garði III stendur nú. Kolagrafaholt var austan Geysis og norðan við íbúðarhúsið í Garði III er flöt vaxin grasi og arfa. Það er Kolgrafaholt, en ekki sér þar lengur til kolagrafa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Garður, 7.

SB-204:018

Vörðuhlass tóft 65°33.026N 16°58.476V



"Vörðuhlass. Stórt og hátt hraunhlass suður af Garðstúni austur af Garðshrauni." segir í örnefnalýsingu. Vörðuhlass er 100-150 m austan við heimreiðina að Grænavatni og um 200 m sunnan við Þjóðveginn. Vörðuhlass er fremur langt hraunhlass sem snýr n-s. Á því er lítill kofahleðsla með þaki sem snýr einnig í n-s. Þarna er ekki varða en kofinn sem þarna er var líklega silungabyrgi en virðist vera notaður sem leikstaður barna nú.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 1 7.

SB-204:019

vað 65°33.324N 16°58.175V

"Stórvogsvað. Þjóðgatan frá Garði norður með Mývatni að austan lá austur yfir Stóruflæðu, og var þá vogurinn riðinn yst úr Stóruflæðutá." segir í örnefnalýsingu. Stóraflæða er tangi eða fit milli Litlavogs og Stórvogs. Á þessum tanga eru sléttuð tún nú og merki götunar sjást ekki. Mjög grunnt er frá tanni og að landi hinum megin vogsins.

Heimildir: Ö-Garður, 3.

SB-204:020 *Tvívörður*

varða 65°32.326N 16°54.239V

"Tvívörður. Á hraunkambi við Borgarvegg [042], þar sem hann liggur austur úr Klofaklettarkvos." segir í örnefnalýsingu. Vörður liggja að Borginni úr austri. Standa á klettadröngum í uppblásnu hrauninu. Vörður liggja í beina línu frá austri að Borginni. Þær eru flestar um 1,5 má hæð.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 17.

SB-204:021 *Heimalind*

brunnur 65°33.262N 16°58.515V

"Heimalind. Vestasti vogurinn af þremur, sem skerast suður í túnið úr Mývatni. Þar er vatnsból bæjarins í uppsprettu undan brekkurótum fram af bæjarhlaði." segir í örnefnalýsingu. Heimalind er nafnið á lindinni sem gengur neðan (austan við) brekkuna upp að bænum. Efst í brekkunni er gamall brunnur, hlaðinn að innan sem enn sést þó að fyllt hafi verið upp í hann að hluta og hann sé því ekki nema 1,5 m djúpur. Bunnurinn virðist í fremur góðu ástandi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Garður, 8.

SB-204:022 *Austurfjallavegur* heimild um leið 65°33.518N 16°57.840V
"Klofvörðuhraun. Norður af Klofum [046] ... Austurfjallavegur. Götur, er liggja til Austurafréttar af Garðsgrundum norðan Klofvörðuhrauns um Fjártafl." segir í örnefnalýsingu. Leiðin lá frá bænum og austur Brunann. Eftir að hafa fylgt strönd Mývatns sveigðu göturnar til austurs ekki langt frá þeim stað sem Brjánsnes-kot var áður og þaðan lágu þær til austurs, norðan við Villingafjall. Ekki sést til gatnanna í dag en hnit voru tekin við Mývatn á þeim stað sem gatan hefur legið, skammt frá Brjánsnesi.

Heimildir: Ö-Garður, 20

SB-204:023 *Klofavarða* varða 65°32.436N 16°55.228V
"Hrossnálarhellur. Allstórt helluhraun austur af Hrossnál, sem nær að Klofabarmi að norðan, að Grænavatnaskömbum að sunnan, en Grænavatnaskambar eru á landamerkjum, og að Garðsholti að austan. . . . Klofar. Allbreitt jarðsig í hrauninu milli Klifvörðuhrauns og Hrossnálnarhella. Liggur frá austri til vesturs frá Hræðsluklettagjá að Hrossnál. ... Klofvarða. Við Klofbarma ytri." segir í örnefnalýsingu. Varðan er norðan og vestan landamerkjagirðingar. Varðan stendur á klettabelti og er 1,5 má hæð og 2 má breidd.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 8.

SB-204:024 *Ullarlind* heimild um þvottastað 65°33.221N 16°58.475V
"Ullarlind. Uppsprettulind austan við Sauðhúshól. Þar var ull þvegin og eflaust einnig þvottur fyrir á tíð." segir í örnefnalýsingu. Þessi lind var töluvert austan við Garð II, þar sem Klakhúsið var síðar byggt. Lindin eyðilagðist þegar Klakhúsið var byggt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Garður, 8.

SB-204:025 *Hrognabyrgi* heimild um byrgi 65°33.239N 16°58.442V
"Hrognabyrgi. Hrognabyrgið hefur líklega verið 200-300 m austan við Garð II. Veggir hlaðnir úr torfi og grjóti beggja megin linda í framhaldi af Ullarlind. Í þessu byrgi fór fram ein fyrsta tilraun til klakstarfsemi á vegum Árna bónda Jónssonar." segir í örnefnalýsingu. Á þessum stað hefur allt verið sléttað og engin merki byrgisins sjást.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Garður, 8.

SB-204:026 *Myllutangi* mylla 65°33.292N 16°58.391 V
"Myllutangi. Gengur fram í enda Litlavogs [næsta vog austan Heimalindar] og klýfur hann í tvennt." segir í örnefnalýsingu. Ekki kannast heimildamaður við að mylla hafi nokkru sinni staðið í nágrenni Myllutanga og engin ummerki benda til þess. Hnit voru tekin á tanganum miðjum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Garður, 8.

SB-204:027 *Þvottaklettur* heimild um þvottastað 65°33.234N 16°58.338V
"Þvottaklettur. Nokkrir klettur austan við botn Litlavogs. Þar hefur þvottur verið breiddur til þerris. Hafa nú verið brotnir niður ... " segir í örnefnalýsingu. Þvottaklettur voru austan við botn Litlavogs en voru brotnir þegar tún voru sléttuð og þeirra sjást ekki merki lengur.

Heimildir: Ö-Garður, 9.

SB-204:028 *Grjótavarða* landamerki 65°33.612N 16°57.248V
 "Grjótavarða. Landamerkjavarða Garðs og Kálfsstrandar. Stendur á Grjótum [hár grjótarmur fyrir norðurenda Garðsgrunda] við Grjótvog [uppsprettuvogur vestan undir Grjótum]." segir í örnefnalýsingu. Varðan er á merkjum og er fremur stæðileg.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 9.

SB-204:029 *Brúarkílisvað* heimild um vað 65°33.462N 16°58.593V
 "Brúarkílisvað. Þar sem Brúarkíll fellur í Mývatn [hann rennur austur í Mývatn]. Yfir það lá þjóðleiðin." segir í örnefnalýsingu. Brúarkílsvað er fyrir sunnan Amargarðshóla. Vaðið var nálægt Mývatni en kíllinn sést fyrst um 10 m norðan við gamla veginn og austan Amargarðshóla.

Hættumat: engin hætta.

SB-204:030 *Arnargarðshellir*



fjárskýli 65°33.760N 16°58.844V
 "Amargarðshellir. Í Amargarði. Afdrep fyrir sauðfé t.d. í mývargi og vondu veðri." segir í örnefnalýsingu. Arnargarðshellir er láreist klettaborg eða hró sem er um 100 m sunnan við Mývatn, 70 m norðvestan við Amargarðshóla og 10 m vestan við tún. Fyrir framan hellinn eru hlaðin garðlög og mitt á milli þessara garðlaga liggur nokkuð djúpur stígur að hellinum. Amgarðshellir er gróin klettaborg sem sker sig úr landslaginu því hún stendur fremur hátt og er grænni en umhverfið í kring.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 11.

SB-204:031 heimild um tóftir
 65°33.813N 16°58.706V

"Holtrani á vatnsbakkanum, gengur austur úr Amargarðshólum. Þar sér fyrir grónum tóftum, en engin munnmæli hef ég heyrt, hvort þar hafi verið kotbýli í fyrndinni." segir í örnefnalýsingu. Var vestan Litlahóls.

Þar er nú slétt tún og mýrlendi en engar tóftir sjást. Hnit voru tekin rétt vestan í hólum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: Ö-Garður, 11.

SB-204:032 stekkjartóft 65°35.918N 16°58.790V

"Stekkur. Syðst á Miðhöfðanum [liggja með Mývatni] rétt við Borgarkíl. Þar má greinilega sjá hleðslur, og smáhellisskúti er innan aðhaldsins. Þar fóru fráfarur fram áður fyrr." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er norðan við gamla veginn, fast við Mývatn vestan við Garð. Grónir klettur. Stekkurinn er í lægð í Miðhöfðanum í einskonar klettaborg. Hleðsla í klettaborg og hellisskúti liggur til suðurs inn af borginni. Vesturhlið stekkjarins er hlaðin og einnig er veggur hlaðinn í stekki miðjum. Auk þessa hefur steinum verið hlaðið hér og þar í sprungur.

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Garður, 12.



SB-204:033 Brúarhólmi heimild um brú
65°33.799N 16°59.464V

"Stífluhólmi eða Brúarhólmi. Hólmi í Grænalæk [rennur vestur úr Grænavatni í Mývatn] norður af Skollaklett [vestur við Grænalæk]. Kvíslar beggja vegna hólms stíflaðar í áveitu á Garðmýri. Þar var einnig byggð fyrsta brú á Grænalæk. Mun hafa verið byggð í kringum 1880." segir í örnefnalýsingu. "Svo gerist það í búskapartíð Árna sonar [Jóns Jónssonar], að Garðsmýri er gerð að áveituengi, stífla er sett í Grænalæk við Stífluhólma yzt í læknum og honum veitt á mýrina. Handgrafið skurðakerfi eftir mýrinni endilangri með hliðargreinum, til að hafa stjórn á áveitunni, mikið mannvirki Hygg ég að þessar áveituframkvæmdir hafi átt sér stað nokkru fyrir aldamót." segir í örnefnalýsingu. Hleðsla er 20-30 m sunnan við brúna á gamla veginum um land Garðs og Skútustaða, norðan þjóðvegjar. Engin ummerki brúnnar eða stíflunnar sjást Garðmegin en einhver ummerki virðast vera í landi Skútustaða. Merki upphækkaðs vegar sjást 20-30 m austan við lækinn. Vegurinn er 2 m breiður og er upphækkaður (30 sm)

Hættumat: engin hætt.

Heimildir: Ö-Garður, 13.

SB-204:034 Hjágata leið 65°33.157N 66°58.358V

"Hjágata. Reiðgata, er lá úr Garðshrauni [í] stefnu á Vogsbotn. Til að styttu leið úr Grænavatni norður með Mývatni að austan." segir í örnefnalýsingu. Gatan var hjá Götuklett, rétt norðan við þar sem þjóðvegurinn er nú. Um 100 m suðaustur af Garði. Gatan lá beygði svo til suðurs að Grænavatni. Lítil merki hennar sjást nú en á stuttum kafla má greina óljósan slóða. Vegagerðin sprengdi Götuklett sem gatan var hjá.

Heimildir: Ö-Garður, 17


SB-204:035 hleðsla garðlag 65°33.759N 16°25.789V

"Kolagrafakrókur. Dálítill krókur sléttur inn í allstórt grjóthró austan Kolgrafaholts [017]. Nú hefur þetta verið jafnað út, því þar stendur nú íbúðarhúsið Garður III." segir í örnefnalýsingu. 35-40 m norðvestan við Arnarhóla og rétt suðaustan við hellinn, rétt vestan við túnjaðarinn má sjá alveg grónar en greinilegar fornar garðhleðslur á stuttu bili í boga. Hleðslan er um 1,5

m löng.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 20.



SB-204:036 Garðsborg

beitarhúsatóft

65°32.286N

16°54.155V

Garðsborg er sunnarlega í Garðsbruna, 500 m SV við SV horn Villingafjalls. Bíslóði er frá Garði yfir hraunið en sleppir þegar um 600 m eru eftir að Garðsborg. Þaðan má rekja vörðutyppi í röð að borginni sem sést vel að vestan sem grasgrænn blettur vestan í hraunborg. Garðsborg er um 250 m norðan við vírgirðingu á merkjum Garðs og Grænavatns (önnur girðing, yngri er enn nær borginni). Borgin sjálf er hár (6-8 m) hraunklettur sem stendur upp úr úfnu en að mestu leyti sléttu hrauninu.

Fjárskýlið er hellir framan í borginni og hefur verið hlaðinn garður fyrir framan opið þannig að þar myndast eins og lítil rétt með skútanum inn af. Hleðslan er á hörðum og vel grónum sandbunka framan í borginni og er rof í

hann neðst. Hraunið vestanvið er nú að gróa upp af melgresi en bithagar munu helst hafa verið sunnan og austan við Villingafjall. Þar er enn birkitorfa í SA-hlið fjallsins og önnur stærri í hrauninu austan við og melgresisflákar þar suður af. Veggurinn er hlaðinn úr reglulegu hraungrýti og stendur alveg heill, 6-7 umför. Dyr eru á suðurgafli. Hellirinn er 1,4 m hár við munnann og mjókkar inn til norðausturs.

Hættumat: engin hætta.

SB-204:037 Byrgisklettur

heimild um herslubyrgi

65°35.278N

16°58.769V

"Allháir og áberandi klettur suður og vestur af Bæjarhólnum. Þar mun hafa verið silungsbyrgi." segir í örnefnalýsingu. Byrgisklettur eru vestur af Byrgisborg en nú er ekkert byrgi hægt að greina á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 16.

SB-204:038 Álfakambur

huldufólksbústaður

65°33.106N

16°58.939V

"Álfakambur. Dálítill, stakur hraunkambur í miðju Garðshrauni. Menn hafa trúlega gert sér til skemmtunar að hugsa sér þar álfabyggð, en engin álfatrú eða sagnir tengdust þessum stað." segir í örnefnalýsingu. Álfakambur er 15-20 m vestan við grjóttgarð sem liggur frá þjóðveginum að Grænavatni. Kletturinn er fremur lágur og breiður en þó greinilegur í hrauninu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Garður, 17.


SB-204:039 *Opinberunarbók*

hjallur

65°33.053N

16°58.395V

"Opinberunarbók. Stór klettur norður af Vörðuhlassi. Nafnið dregið af því. að í landamerkjamáli, er reis áður fyrir milli Garðs og Grænavatns, var gerð vettvangsskoðun. Þóttust lögfróðir menn finna garðhleðslu gamla í nánd við klettinn, sem þeir töldu opinberun í málinu." segir í örnefnalýsingu. Klettur um 30 m norðaustur af Vörðuhlassi. Hann er hár strangi eða einhvers konar stapi. Ekki eru greinanlegar



hleðslur sem gætu verið landamerki en þarna eru tvær litlar hleðslur (1,5 m á lengd) milli tveggja kletta sem myndar eins konar kofa eða lítið byrgi.

Hættumat: engin hættu.

Heimildir: Ö-Garður, 17.

SB-204:040

garðlag

65°33.099N

16°58.458V

"Opinberunarbók. Stór klettur norður af Vörðuhlassi. Nafnið dregið af því. að í landamerkjamáli, er reis áður fyrir milli Garðs og Grænavatns, var gerð vettvangsskoðun. Þóttust lögfróðir menn finna garðhleðslu gamla í nánd við klettinn, sem þeir töldu opinberun í málinu." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m austan við heimreiðina að Grænavatni og milli 70-80 m sunnan við þjóðveginn er kletturinn. Þar er klettur sem er uppblásinn að hluta.

Heimildir: Ö-Garður, 17.

4. kafli: Fornleifar og byggð í héraði

Mývatn er í um 280 metra hæð yfir sjávarmáli og er sveitin öll sléttlend.

Skráningarsvæðið er mjög jafnlent og eru bæirnir sem skráðir voru á bilinu 270-285 m.y.s. Í byggð á skráningarsvæðinu ber Fjárborg, nyrst í landi Haganess, hæst en á afréttarlandinu er að finna mun hærri svæði s.s. Villingafjall og Bláfjallsfjallgarð.

Bæirnir sem skráðir voru 1998 eru allir við suður og suðausturströnd Mývatns, nema Grænavatn sem stendur við samnefnt vatn, 2 km sunnan við Mývatn. Skráningarsvæðið er að mestu votlent en Framengjar í landi Álftagerðis, Skútustaða, Garðs og Grænavatns eru mjög víðáttumiklar. Þar er fjöldi af litlum vötnum og tjörnum. Einnig eru gríðarmiklir mýrarflákar á norðanverðum afrétti Skútustaða.

Á svæðinu er kvistlendi, víðir og fjalldrapi, ráðandi, t.d. í framengjum við Grænavatn, í Sellöndum og á bökkum Mývatns en þó er sumsstaðar valllendi meðfram Mývatnsbökkum. Litlar skógarleifar er á skráningarsvæðinu og er helst að nefna að nokkuð hávaxinn birkiskógur er sunnan í Villingafjalli þó þar séu veruleg uppblástarsvæði. Mikill uppblástur hefur herjað á landsvæðið sunnanvert, og ná uppblástursgeirar heim undir tún á Grænavatni þó einnig séu gróðurbelti mun sunnar.

Þó að jarðirnar á skráningarsvæðinu séu víðáttumiklar eru fornleifar ekki jafnt dreifðar um þær. Langflestar minjanna er að finna við bæjarstæðin, í túni eða rétt fyrir utan, yfirleitt innan við 150 m frá bæ. Fyrir utan bæjarstæðin og næsta nágrenni þeirra eru stekkir oft allfjarri bæjum og virðast góð aðhöld frá nátturunnar hendi helst hafa ráðið staðsetningu þeirra. Minjar um engjaheyskap og áveitumannvirki eru annar flokkur minja sem var í nokkurri fjarlægð frá bænum en mikið var um slík mannvirki á skráningarsvæðinu. Sel hafa yfirleitt verið eins fjarri bæ og landrými leyfði. Öll eru selin á skráningarsvæðinu nálægt góðum engjum.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Ástand þeirra bæjarhóla sem skráðir voru 1998 var mjög misjafnt. Í Haganesi var gamli bærinn rifinn nýlega en nokkru áður hafi steinsteypt íbúðarhús með kjallara verið byggt rétt sunnan hans. Við þessar aðgerðir hefur bæjarhóllinn gereyðilagst. Gamli bærinn á Skútustöðum stóð á hraunhrygg á svipuðum stað og steinsteypt íbúðarhús á Skútustöðum II og III nú og náði auk þess yfir bakgarð Skútustaða II. Sökum þess að bæirnir standa á hraunhrygg er erfitt að greina hversu miklar leifar bæjarhólsins eru eftir en líklegt er að hann

hafi mikið skemmst við rask liðinna ára. Þó má leiða getum að því að undir grasverðinum í bakgarðinum gætu leynst óspilltar mannvistaleifar. Í Álftagerði voru tveir bæir á bæjarhólnum sem báðir hurfu endanlega á 7 áratugnum. Stærri bærinn, sem að öllum líkum var eldri, var rifinn um 1965 og síðar var þjóðvegur lagður yfir hluta bæjarstæðisins. Hinn bærinn varl5-20 m norðar en brann til kaldra kola um svipað leyti og hinn var rifinn. Þessi bær var um 5 m norðan við þar sem nú er þjóðvegur, á milli íbúðarhúsa í Álftagerði I og Álftagerði IL Sökum mikillar röskunar á síðustu árum verður að teljast líklegt að mannvistarleifar séu að mestu eyðilagðar. Bæjarstæði Krákárbakka er alveg heilt og hefur litlu sen engu verið raskað þar síðan bærinn fór í eyði 1910. Þar er ekki um að ræða neinn bæjarhól enda hófst byggð þar ekki fyrr en á 19. öld. Á Grænavatni stendur gamli bærinn enn og er hann nú notaður sem geymsla. Bæjarhóllinn er mjög lágur en breiður og gæti það hent til þess að bæjarhúsin hafi ekki staðið alltaf á sama stað heldur færst til á takmörkuðu svæði. Ástand hans er því gott. Í Garði hefur ekki aftur verið byggt þar sem gamli bærinn var áður og því má sömuleiðis reikna með að einhverjar leifar eldri bæja sé að finna þar í jörðu.

Á skráningarsvæðinu eru, fyrir utan bæina 6, skráð 13 býli eða bæjarstæði og 2 að auki sem síðar höfðu gegnt hlutverki sels. Sumarið 1998 gafst ekki færi á að fullkanna afrétt Skútustaða en þar eru heimildir um 5 býli. Ekki er vitað með vissu um mannvistarleifar á neinum þeirra staða nema undir Sandmúla þar sem silfursjóður og aðrar merkar fornleifar fundust í blásnum bæjarrústum snemma á þessari öld. Þá voru 4 býli skráð í heimalandi Skútustaða. Alveg hafði verið sléttað yfir eitt þeirra en nokkrar leifar hinna bæjarstæðanna þriggja voru greinileg. Fimm býli voru skráð í landi Grænavatns. Tvö voru í námunda við bæinn og hefur verið sléttað yfir tóftir þeirra en leifar hinna býlanna þriggja, sem eru á afrétti Grænavatns, eru enn merkjanlegar. Sveigakot er blásið ofan í grjót en þar sjást þó öskuhaugsleifar og hleðslugrjót. Á Oddastöðum eru miklar rústir en í Hrauntungu í Suðurárbotnum er afar fátt sem minnir á forna mannvist, aðeins smávægileg öskudreif á yfirborði. Í landi Garðs var eitt býli, Brjánsnes, sem nú hefur verið sléttað yfir.

Útihús og túngarðar

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest voru fjárhús, en hesthús voru einnig á hverjum bæ og stóðu þau ávalt næst túngarði. Geitakofar voru hinsvegar utantúns. Fjós voru inni í bæjum en fjóshlöður voru stakar rétt utan við bæ.

Útihús sem staðið hafa innan túnamarka eru sá flokkur minja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest þessara útihúsa eru með öllu horfin af yfirborði jarðar en á skráningarsvæðinu voru þó nokkrar undantekningar frá þessu. Í Haganesi voru skráð 18 útihús í og við túnið og verður það að teljast fremur mikið. Leifar þriggja þessara 18 húsa sjást enn og en hefðbundinn búskapur er ekki lengur stundaður á bænum. Á Skútustöðum voru leifar 1 útihúss af 9 greinilegar en engar leifar sáust af þeim 8 útihúsum sem skráð voru í túninu í Álftagerði. Á báðum bæjunum voru einnig heimildir eða örnefni sem bentu til smiðju þó að ekki sæjust leifar þeirra í dag. Á Grænavatni er ástand minja í námunda við bæinn óvenjugott. Þar eru heimildir fyrir um 16 útihúsum og sjást leifar 7 þeirra enn. Það sem e.t.v. er þó merkilegra er að 5 þessara húsa eru enn í notkun eða enn undir þaki. Sérstaka athygli vekur gömul fjóshlaða, byggð um 1840 sem enn er í notkun. Á henni hefur þak verið endurnýjað, en veggir, dyraumbúnaður, hurðir og lamir, eru þær sömu. Í Garði voru skráð 8 útihús og standa 3 þeirra enn.

Túngarðahleðsla var mikilvægur hluti af túnabótum á 19. öld og voru nokkrir túngarðar skráðir á svæðinu. Leifar túngarða er að finna í Haganesi og í Garði en á hinum bæjunum hafa þeir að mestu verið eyðilagðir í umróti síðustu áratuga. Myndarlegustu túngarðarnir eru við eyðibýlin Krákárbakka og Oddastaði, en leifar af fornum garði eru einnig um Höllusel í Sellöndum.

Tún og garðar

Þó að tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi er þau þó til orðin af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Langflest heimatún á Íslandi eru enn í fullri notkun og hafa verið sléttuð margsinnis með stórvirkum vinnuvélum auk þess sem á þau hefur verið borinn ólífrænn áburður um árabil. Tún sem orðið hafa fyrir slíku hnjaski henta verr til rannsókna og því er mikilsvert ef hægt er að finna tún sem eru að mestu ósnert af tækni 20. aldar. Gömul, ósnortin tún er aðeins að finna á Krákárbakka og Oddastöðum, og er það síðarnefnda sýnu fornara.

Kál- og kartöflurækt mun hafa átt erfitt uppdráttar í Mývatnssveit á 19. öld² og fundust að þessu sinni engar vísbendingar um gamla kálgarða á skráningarsvæðinu.

²sbr. **SSÞ**, 126.

Engjar og áveitur

Öllum bæjunum á skráningarsvæðinu tilheyrðu miklar engjar. Stærstu engjasvæðin tilheyrðu Skútustöðum og Grænavatni en mikill engjaheyskapur var stundaður í Framengjum og var sótt þangað af miklu fleiri bæjum en landið eiga. Þrátt fyrir að umhverfi Framengja, eins og annara engja skráningarsvæðinu, hafi breyst mikið á undanförunum áratugum er þar enn að finna fjölmargar minjar horfinna búakaparhátta. Skráðar voru yfir 30 minjar sem tengdust engjaheyskap. Algengustu minjarnar um engjaheyskap eru heystæði, en í landi Skútustaða einu og sér voru skráð á annan tug heystæða. Auk þeirra voru skráð heystæði í Haganesi, Álftagerði og á Grænavatni. Í engjunum eru einnig margar stíflur, garðar og áveituskurðir og var ástand þeirra víða allgott.

Vatnsból

Hvergi er örðugt um vatnsból á skráningarsvæðinu enda virðast bæjarstæði oft hafa verið valin með nálægð við gott vatnsból íhuga.

Í Haganesi var skráður brunnur og einnig vatnból þar sem kallað er Brunnhellir. Á Skútustöðum tíðkaðist að hafa sérstaka brunna fyrir skepnur í útihúsum en heimildir eru fyrir a.m.k. 3 slíkum. Auk þess var aðaluppspretta bæjarins áður nokkrum metrum fyrir norðan bæinn, þar sem þjóðvegurinn er nú. Síðar var hætt að taka vatn þar og það þess í stað tekið úr brunni sunnan við gamla bæinn. Á Grænavatni er vísbending um brunn þar sem Brunnaklettur eru, en Lindin var aðalvatnsból bæjarins fyrr á tímum og er hún og uppsprettan Gvendarbrunnur, við bakka Grænavatns. Í Garði er vatnsbólið Heimalind uppspretta undan brekkurótum fram af bæjarhlaði. Efst í brekkunni er enn gamall brunnur, hlaðinn að innan.

Svarðartekja, torfrista og kolagerð

Ekki voru heimildir fyrir svarðartekju á skráningarsvæðinu en vallendisturf var rist í Haganeslandi. Torfrista á Grænavatni og í Garði var stunduð nálægt merkjum bæjanna og á Ytrigrund í landi Grænavatns en sú torfrista þótti mjög léleg. Aðrar heimildir eru ekki um torfristu á skráningarsvæðinu.

Nokkrar heimildir eru um kolagrafir á skráningarsvæðinu. Í Haganesi sjást enn merki kolagrafa í Kolagrafalaut. Á afrétti Skútustaða er að finna 3 vísbendingar um kolagrafir. Örnefnið Kolatorfa er rétt suður af merkjum afréttarins og Baldursheimslands en þar sést

hvergi til kolagrafa og mun langt síðan þar hefur vaxið skógur. Þá bendir örnefnið Kolmúladalur, sem er austan við Hafursstaðaheiði og Álfatjarnarflæðu, til þess að kolagerð hafi einhvern tíma verið stunduð á þessum stað. Kolmúladalur var ekki skoðaður 1998 frekar en Kolatorfa í Sandmúladal. Í landi Garðs er Kolgrafaholt skammt norðan við bæinn, en ekki sér þar lengur til kolagrafa.

Stekkir og kvíar

Heimildir eru um kvíar á öllum þeim jörðum sem skráðar voru á þessu sinni. Á skráningarsvæðinu virðast fráfarur hafa lagst af um og upp úr aldamótum.

Kvíar voru allsstaðar rétt utan við tún og hafa því orðið illa úti í túnabótum 20. aldar. Í Haganesi samanstóðu kvíarnar af helli og hleðslum í kring og eru þær óskemmdar enn. Á Skútustöðum hefur verið sléttað alveg yfir leifar kvíanna og sömu sögu er að segja um Gömlukvíar í Álftagerði. Óljósar leifar annarra, og líklega yngri kvía sjást hins vegar enn skammt frá bænum. Fátæklegar heimildir eru um húsaskipan á Krákárbakka en þar fannst tóft í ágætu ástandi fast sunnan við túngarðinn sem líklega hefur verið kvíar. Á Grænavatni sjást engin merki þeirra kvía sem voru skammt sunnan við bæinn en á afréttarlandi bæjarins (í Hrauntungu) taldi Daníel Bruun sig m.a. hafa fundið leifar af kvíum.³ Sú tóft er nú ekki annað en sandorpin hraungrýtishrúga sem engin mannaverk sjást á. Kvíar voru norðan við Garð en ekki sjást merki þeirra í dag.

Stekkir voru yfirleitt miklu fjær bæ en kvíar og virðist helst hafa ráðið staðsetningu þeirra að gott aðhald væri frá náttúrunnar hendi. Leifar stekkja sjást enn á öllum jörðunum sem skráðar voru að þessu sinni og allir eiga þeir það sameiginlegt að vera sambland af hellum eða klettaveggjum og manngerðum hleðslum. Í raun má segja að stekkimir á skráningarsvæðinu séu fremur einsleitir, þeir eru flestir hellir og hleðslur frá honum og ástand þeirra er að jafnaði nokkuð gott. Sumsstaðar eru garðhleðslur í kringum stekki, einkum þar sem hægt hefur verið að girða af tanga eða nes. Þar sem þannig háttar til má vera að meiri umsvifhafi verið á staðnum en einsaman stíun lamba.

³Daníel Bruun. 1898: 71.

Þegar fráfærur lögðust af virðast geitur hafa að nokkru tekið við mjólkurframleiðslu fyrir ostagerð í Mývatnssveit og voru þær allmargar á hverjum bæ fram að fjárskiptum á fimmta áratugnum en þá voru allar geitur í Mývatnssveit skornar. Geiturnar munu hafa verið mjaltaðar inni í geitakofunum.

Beitarhús og sel

Leifar beitarhúsa fundust á 5 stöðum á skráningarsvæðinu. Í Mikley, sem tilheyrir Skútustöðum, voru skráðar leifar beitarhúsa sem rifin voru 1932-33. Þar eru þrjár tóftir og tilheyrði hver sínum hluta Skútustaða. Sellandahús á afrétti Grænavatns eru talin leifar sels og beitarhúsa og er þar enn hesthús undir þaki sem notað er af gangnamönnum. Í landareign Grænavatns má sjá leifar tveggja annarra beitarhúsa, Melhúsa og Gömlu-Melhúsa nálægt merkjum við Garð. Garðsborg, í landi Garðs, er einnig dæmi um ágætlega varðveittar beitarhúsaleifar.

Í Selhaga í landi Haganess eru nokkrar tóftar. Tilgátur hafa verið um að tóftirnar séu í raun ekki af seli heldur hafi bærinn í Haganesi upphaflega staðið á þessum stað en líklegt verður þó að telja að tóftirnar hafi gegnt hlutverki sels, a.m.k. á tímabili. Aðrar selstöður á skráningarsvæðinu eru í afréttarlandi Skútustaða og Grænavatns. Á afréttarlandi Skútustaða er Hólavatnssel við Vestara-Hólavatn. Þar eru a.m.k. þrjár tóftir frá mismunandi tímum. Í Mikley í Suðurá segir frá fornu eyðibóli jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, og var þá talið að Skútustaðir hefðu jafnvel staðið þar í öndverðu. Daníel Bruun hafði ýmislegt við frásögn að athuga og taldi að sennilegast væri að á þessum stað hafi upphaflega staðið sel heimajarðarinnar.⁴ Þessar rústir voru ekki skoðaðar 1998 en kunnugir telja að engar rústir sé nú að finna í Mikley. Í jarðabókinni er einnig getið um Garðssel á afréttarlandi Skútustaða, en þar átti Garður selför vegna þess að úthagar jarðarinnar voru mjög takmarkaðir. Engar heimildir eru um hvar selið þetta hefur verið og er hugsanlegt að það hafi verið á sama stað og Krákárbakki eða Katrinarsel. Á Hafursstöðum við Skjálfandafljót var fornbylí og hefur verið getið til að það hafi verið notað sem sel eftir að það fór í eyði. Um 1700 var landsvæði þetta allt víði vaxið, en nú er mest allt land með Hafursstaðahlíð blásið. Daníel Bruun taldi að enn mætti sjá rústir sels eða bæjar á þessum stað 1897 en ekki kom hann þar sjálfur.⁵

⁴Sama

⁵Sama

Síðan hafa allmargir reynt að finna þessar rústir og eru til frásagnir um hleðslurleifar á fleiri en einum stað en engar skýrar frásagnir eru til um Hafursstaði. Auk þeirra selja sem þegar eru upp talin í afréttarlandi Skútustaða átti Helgi krókur skv. Hrana sögu hrings selstöðu í Öxnadal.⁶

Á afrétt Grænavatns eru allmiklar selminjar. Ekki eru neinar leifar tófta í Selhjallegili en óljósar leifar Höllusels eru í Sellöndum, á milli Sellandahúsa og Oddastaða, sem einnig hafa verið selstöður og eru miklar rústir á báðum stöðum.

Kuml, kirkjugarðar og lausafundir

Ekkert kuml hefur fundist á skráningarsvæðinu. Á Grænavatni er þó sögn um að í Mannshöfða sé kuml falið og ef reynt væri að grafa í það stæðu bæjarhúsin í björtu báli. Í Sviðinsey í landi Haganess eru heimildir um dys en ekki fylgir sögunni hver á að vera dysjaður þar.

Á Skútustöðum hefur verið kirkja og kirkjugarður frá ómunatíð. Gamlikirkjugarður og kirkjan var á þeim stað sem þinghúsið var síðar. Á þessum stað er allt sléttað nú og engin merki garðsins sjást þar sem er hlað og grasflöt. Kirkjugarðurinn var lagður af um 1860 og þá tók sá sem enn er notaður við. Um 1925 hafði Ungmennafélagið Mývetningur forgöngu um að slétta kirkjugarðinn. Hann hefur á síðustu árum verið stækkaður, aðallega til austurs.

Bænhús var að Grænavatni en ekki er vitað hvar það var.

Nokkrar frásagnir eru um beina- og gripafundi á skráningarsvæðinu sem gætu hent til heiðinna legstaða þó frásagnir séu í öllum tilfellum of óljósar til að hægt sé að skera úr um það með vissu.

Nokkrar frásagnir eru um slíka fundi á afrétti Skútustaða. Þórður Flóventsson segir frá því í bók sinni um Laxa og silungaklak á Íslandi að á tanga einum í Mikley hafi árið 1902 fundist gafl úr líkkistu o. fl., er bendi til, að þar hafi verið grafreitir. Tangi þessi var áður grasi gróinn, en mun nú örfoka. Þessi frásögn gæti tengst munnmælum um kirkju á Skútustöðum í Mikley.⁷ Einhvers staðar á Framfjöllum fannst á fyrri hluta 19. aldar sverð en fundarorsakir eru óljósar, auk þess sem sverðið er týnt í dag.⁸ Norður af mynni Öxnadals í Bálabrekku hafa fundist mannabein en

⁶Hrana saga hrings.


⁷Laxa og silungaklak á Íslandi, 191.

⁸SSÞ, 127

frekari fundartildirög eru ekki skýr.⁹ Í Hafursstaðahlíð fannst einnig dálítill hrúga af smásteinum og kringum hana nokkuð af mannabeinum.¹⁰

Á afrétti Grænavatns hafa einnig fundist mannabein á nokkrum stöðum. Uppi í hrauninu milli Botnakofa og Botnatóftar voru mannabein í gjá eða sprungu undir hraunbarmi. Þar voru a.m.k. 3 hauskúpur. Beinunum fækkaði smátt og smátt uns það sem eftir var, var tekið laust fyrir 1980 og sent á Þjóðminjasafn. Þórður Flóventsson segir einnig að árið 1910 hafi fundist þrjár beinagrindur norðan við Hrauntungurústir. Virtist höggfar á einni hauskúpunni, en handleggur brotinn á annarri beinagrind.¹¹

Leiðir



Kort 13. Fornar leiðir á skráningarsvæðinu

Færri leiðir voru skráðar nú en tvö síðastliðin sumur og gæti ástæðan verið að þó

⁹Ódáðahraun I, 176

¹⁰Ódáðahraun I, 180

¹¹ÞF Laxa og silungaklak á Íslandi, 192 Ólafur Jónsson bætir því við að mannabein hafi víðar fundist á þessum slóðum - Ódáðahraun III, 143. Væntanlega sama og "Mannabein hafa fundist í Mótungunni, vafalaust forn dys." Ódáðahraun I, 182.

svæðið sé fremur jafnlent og auðvelt yfirferðar er mjög mikið um blaut engi og rakar mýrar sem tálma yfirferð. Mestu munar þó að fyrir utan alfaraleið meðfram Mývatni lágu engar leiðir frá svæðinu til annara sveita. Aðalleiðin frá suðurhluta Mývatnssveitar til Reykjahverfis og Húsavíkur lá um land Haganess og yfir Mývatn á Rifinu og þaðan beint til vesturs norðan við Geirastaði og Sortulæk á Melhólsvaði en þaðan beint í norður um austanverða Hofstaðaheiði og með vesturhlið Sandvatns upp á Hólasand. Þessar götur heita Kaupstaðargötur eða Húsavíkurgötur en voru einnig nefndar Rifgötur í landi Haganess. Göturnar sjást enn ágætlega á mörgum stöðum m.a. nokkuð greinilega á Rifshöfða. Frá Haganesi nefndust þessar götur Messugötur suður holtin til Skútustaða. Þær lágu austan við Birtingatjöm, en vestan við Skollakletta. Í landi Skútustaða lágu einnig aðrar Messugötur, vestur yfir mýrarnar og að Kráká. Þessar götur voru bæði til Álftagerðis og áfram til Litlustrandar, Sveinsstrandar og Baldursheims.

Í landi Grænavatns voru nokkrar götur, flestar tengdar engja- og selbúskap en þjóðvegurinn lá hins vegar um land Garðs. Þjóðgata lá frá Garði norður með Mývatni að austan lá austur yfir Stóruflæðu milli Litla- og Stóratanga. Austurfjallavegur til Austurafréttar Mývetninga lá einnig um land Garðs frá bænum meðfram Mývatni og að Brjánsnesi en beygði þar til austurs og lá norðan við Villingafjall. Í landi Garðs lá einnig Hjágata frá Vogsbotni að Grænavatni. Gatan var hjá Götuklett, rétt norðan við þar sem þjóðvegurinn er nú um 100 m suðaustur af Garði. Gatan lá beygði svo til suðurs að Grænavatni.

5. kafli: Verndun og kynning á fornleifum á skráningarsvæðinu

Um helmingur minjastaðanna sem skoðaðir voru 1998 voru ekki álitnir í neinni hættu, en einhver hættu var talin steðja að hinum stöðunum og þar af töldust 3 í mikilli hættu. Allir staðirnir 3 voru í landi Grænavatns. Annars vegar var um rétt á bökkum Grænavatns að ræða en vatnið hefur að hluta eytt réttinni og líkur til að sú eyðilegging haldi áfram á næstu árum. Hins vegar eru tvö býli, Sveigakot og Hrauntunga, á afrétt Grænavatns í mikilli hættu vegna uppblásturs. Rétt er að geta þess að annar þessara staða, Hrauntunga, er friðlýstar fornminjar, eini slíki staðurinn á skráningarsvæðinu.

Ljóst er að vert er að hyggja að varðveislu og kynningu á þeim fjölda minja sem á svæðinu er. Skilningur eykst nú á því að minjastaðir hafi gildi fyrir útivist og ferðaþjónustu og er það eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar að finna og skilgreina staði eða svæði sem þurfa á verndun að halda eða henta til kynningar fyrir útlendum jafnt sem innlendum ferðamönnum og skólabörnum. Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og þeim má ekki raska eða spilla, en hér að neðan verða gerðar tillögur um sérstaka verndun og er þá átt við að hirt sé um viðkomandi minjastað eða minjasvæði, hann kynntur eða gerður aðgengilegur og að ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir eyðingu af völdum náttúruafla þar sem það á við.

Enn er eftir að skrá um fjórðung minja í Skútustaðahreppi og ekki verður hægt að gera endanlegar tillögur um verndun og kynningu fyrr en heildaryfirlit er fengið af fornleifum. Hér á neðan verður hent á helstu minjasvæði og athyglisverðustu minjastaði á skráningarsvæðinu.

- a) **Tóftir í Selhaga** í landi Haganess. Þar er um að ræða fornar tóftir sem eru skemmtilega staðsettar og sérstaklega aðgengilegar. Svæðið hefur rannsóknar- og kynningargildi.
- b) **Framengjar**. Í engjunum er að finna mjög fjölbreytilegar minjar um búskaparhætti fyrri tíma. Slíkur áveitu- og engjabúskapur var einkennandi fyrir búskaparlög í Mývatnssveit og því hefur svæðið í heild mikið varðveislugildi.
- c) **Menningarminjar í Mikley í Mývatni**. Í Mildey getur að líta margvíslegar minjar sauðfjárhalds og heyskapar. Þar eru tóftir beitahúsa, hesthúsa og tvennar tóftir sem líklega hafa verið mannabústaðir. Eyjan er fremur auðveld yfirferðar og hægt væri að gera skemmtilega gönguleið um svæðið þar sem helstu minjar þess væru kynntar og leitast væri við að sýna hvernig menningaminjar í eyinni

endurspegla sérstæða búskaparhætti við Mývatn.

- d) **Arnarbæli í landi Skútustaða.** Tóftir býlisins eru mjög fornlegar og vel aðgengilegar. Líklegt er að vegaslóði sem liggur sunnan við bæjartóftina hafi raskað einhverju og vert er að stuðla að frekari verndun staðarins þar sem flestar fornar býlistóftir á þessum slóðum hafa þegar orðið eyðileggingunni að bráð.
- e) **Bæjarstæði Krákárbakka.** Krákárbakki var eitt þeirra heiðabýla sem stofnað var á 19. öld en bæjarstæðið er alveg óskemmt frá því að það var yfirgefið 1910.
- f) **Bæjarstæði Grænavatns.** Gamli bærinn á Grænavatni stendur enn og mikilvægt er að stuðlað verði að frekara viðhaldi og verndun hans. Í kringum bæinn eru nokkur gömul útihús á misjöfnum aldri (það elsta frá 1840) sem hafa nauðsynlegt er að skrá og varðveita. Nauðsynlegt er að allar gamlar byggingar á Grænavatni verði varðveittar sem ein heild.
- g) **Sveigakot.** Bæjarstæði Sveigakots er blásið niður í grjót en þar hafa fundist nautgripabein í öskughaugi sem benda til að þar hafi verið býli. Nauðsynlegt er að rannsaka þennan stað áður en hann hverfur alveg fyrir uppblastri.
- h) **Oddastaðir í Sellöndum.** Dæmi um vel varðveitt fornbylí, það eina sinnar tegundar austan við Kráká.
- i) **Sellandahús í Sellöndum.** Dæmi um stórt sel með rústum frá mismunandi tímum.
- j) **Botnakofi í Suðrárbotnum.** Stór og vel hlaðinn gangnamannakofi sem mikilsvert er að varðveita.
- k) **Botnatóft í Suðrárbotnum.** Óvenjulegt mannvirki sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndi.
- l) **Hafursstaðahlíð og Sandmúli.** Allar rústir á austurbakka Skjálfandafljóts framan við efstu byggð eru stórmerkt rannsóknarefni

Heimildir

Forsíðumynd er af bæjarstæðinu á Skútustöðum, teiknuð 1896. Hana er að finna í Daniel Bruun. 1987, 484. Mynd af Skútustaðakirkju er úr sömu bók, bls. 19.

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson: *Fornleifaskráning í Eyjafirði I. Fornleifar í Eyjajjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár*, Akureyri 1994

AÍ: *Alþingisbækur Íslands II-XII*, Reykjavík.

BBSÞ: *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*, Reykjavík 1986.

DI: *Íslenzktfornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Bruun, Daniel. 1898. "Gjennem affolkende Bygder paa Islands indre højland." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898*: 1-77.

Bruun, Daniel. 1928. *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*, [2 udg.], Kobenhavn.

Bruun, Daniel. 1987. *Íslenskt þjóðlíf í 1000 ár*. Reykjavík.

Hrana saga hringa, Kaupmannahöfn 1874.

ÍF: *Íslenzkfornrit I-*, Reykjavík 1933-.

Jarðabréf: Gunnar F. Guðmundsson: *Jarðabréffrá 16. og 17. öld. Útdrættir*, Reykjavík 1993.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, XIII. Þingeyjarsýslur*, Kaupmannahöfn 1943.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

KEKH: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, Akureyri 1956.

LÞ: Jón Sigurðsson: *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*, (Ritsafn Þingeyinga II), Reykjavík 1954.

Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I*, Reykjavík, 1996.

Ólafur Davíðsson. 1945. *Íslenzkar þjóðsögur I-III*, Akureyri.

Ólafur Jónsson. 1945. *Ódáðahraun 1-III* Akureyri.

Skýrsla FÍ II: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík II. 1867-1870*, Kobenhavn 1874.

SSSD: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Reykjavík 1994.

Steindór Steindórsson. 'Gróðurbreytingar frá landnámi.' *Gróður, jarðvegur og saga*, (Rit Landverndar 10), Reykjavík, 11-51.

Söguminjaskrá: Helgi Hallgrímsson: *Söguminjar í Mývatnssveit* [1979- fjölrit]

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnnum 1919. Skútustaðahreppur.

ÞF: Þórður Flóventsson: *Laxa og silungaklak á Íslandi. Skýrslur umferðir höfundar oframkvæmdir á árunum 1920-1927, ásamtfræðslu um lifnaðarháttu laxfiska hjer og erlendis*, Reykjavík 1929.

ÞJÁ: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I-VI, Jón Árnason safnaði, ný útg. Reykjavík 1961.

Ö-Afréttur og Selland Skútustaða, 1-12, (Ari Gíslason safnaði og Jón Þorláksson endurskoðaði), Örnefnastofnun.

Ö-Álftagerði: Örnefni í Mývatnssveit, 1203-1208, (Pétur Jónsson safnaði), Örnefnastofnun.

Ö-Garður: Örnefni í Mývatnssveit, 1234-1244, (Pétur Jónsson safnaði), Örnefnastofnun

Ö-Garður: Örnefni í Mývatnssveit, 1-31, (Þorgrímur Starri Björgvinsson tók saman), Örnefnastofnun

Ö-Grænavatn: Örnefni í Mývatnssveit, 1220-1233, (Pétur Jónsson safnaði), Örnefnastofnun

Ö-Haganes: Örnefni í Mývatnssveit, 1-24, (Ari Gíslason safnaði og Helgi Stefánsson endurskoðaði), Örnefnastofnun.

Ö-Mikley: Örnefni í Mývatnssveit, 1-7, (Sigtryggur Jónsson og Arnþór Árnason), Örnefnastofnun.

Ö-Skútustaðir: Örnefni í Mývatnssveit, 1-32, (Ari Gíslason safnaði og Ingólfur Á Jóhannesson og Jón Þorláksson endurskoðuðu), Örnefnastofnun.